

**SKOÐUN** Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur skrifar um kristin gildi og lagasetningar. 13



**MENNING** Sunneva og Veigar fylgdust með fólki stunda BDSM-kynlíf fyrir nýja sjónvarpsþætti. 30



**SPORT** Edda Garðarsdóttir spilar sinn 100. landsleik á Algarve-mótinu sem hefst í dag. 26


Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
6. mars 2013
55. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



### Langsóttar tillögur

Stefnuskrár stjórnmálaflokkanna bera með sér að þeir hafi mun fleiri hugmyndir um útgjöld ríkisins en niðurskurð.

## FRÉTTIR

**Matarmarkaður á Lækjartorg** Verkefnahópur leggur til að fjölbreyttur matarmarkaður verði á Lækjartorgi næsta sumar. 2

**Dýrt klúður** Verktaki krefst 64 milljóna í bætur frá Akranesbæ vegna mistaka við auglýsingu skipulags. 6

**Smíða stefnu um netöryggi** Stefnt er að því að netöryggisstefna fyrir Ísland verði tilbúin á næsta ári. 10




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -6° | | NA | 18 |
| Akureyri | -3° | | NA | 8 |
| Egilsstaðir | -4° | | NA | 10 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | | ANA | 14 |
| Reykjavík | -2° | | A | 17 |

**Dregur úr frosti** Í dag eru horfur á hvössum vindi eða stormi um tíma S- og V-til og nokkuð hvasst um allt land. Snjókoma eða él í öllum landshlutum. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólk




# Áhyggjur af öryggi sjúklinga

Landlæknir telur aðstöðu sjúklinga á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri óforsvaranlega og óviðunandi. Geðverndarfélag Akureyrar segir neyðarástand ríkja. Tveir hafa framið sjálfsvíg á deildinni síðustu tvö ár.

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðbúnaður sjúklinga á legudeild geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri er með öllu óviðunandi og óforsvaranlegur til lengri tíma litið. Húsnæðið, sem átti að vera til bráðabirgða, er barn síns tíma, mönnun lækna og sérfræðinga er í óviðunandi lágmarki og starfsfólk deildarinnar hefur áhyggjur af öryggi sjúklinga og er margt hvert farið að hugsa sér til hreyfings.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í úttekt Landlæknisembættisins á málefnum sjúkrahússins, þar sem sérstök áhersla var lögð á starfsemi geðdeildarinnar eftir ábendingar frá Ríkisendurskoðun. Skýrslan var birt í desember í fyrra. Þar segir enn fremur að álag á starfsfólk sé of mikið og viðvarandi og geti haft áhrif á þjónustu við sjúklinga og fjölskyldur þeirra og þar með á gæði og öryggi. Hlutfall þeirra starfsmanna, sem telja skráningu óvæntra atvika á spítalanum ábótavant, er einnig lægra á geðdeildinni heldur en á öðrum deildum spítalans.

Tveir sjúklingar hafa framið sjálfsvíg innan veggja deildarinnar síðustu tvö ár. Landlæknisembættið hefur síðara málið, sem kom upp í október í fyrra, til rannsóknar eins og verkferlar gera ráð fyrir.

Stjórn Geðverndarfélags Akureyrar ályktaði á fundi sínum á laugardag að ástandið í geðheilbrigðisþjónustunni í bænum jaðraði við neyðarástand og eru bæjaryfirvöld og stjórnendur Sjúkrahússins á Akureyri hvött til að bregðast við.

Komum í meðferð á geðdeild sjúkrahússins hefur fjölgað um tæp 75 prósent á síðustu átta árum, að því er fram kemur í ársskýrslu fyrir árið 2011.

Komur voru alls 2.650 árið 2003 en komnar upp í 4.580 árið 2011, samkvæmt nýjustu ársskýrslu sjúkrahússins. Á sama tímabili hefur starfsmönnum ekki fjölgað. Lokun dagdeildar árið 2010 hafði mikil áhrif á fjölgunina. - sv / sjá síðu 6

### Var sagt að fara heim og bíða rólegur

Sigurður Valdimar Steinþórsson, íbúi á Húsavík, hefur glímt við alvarlegt þunglyndi í tvö ár. Hann gagnrýnir geðheilbrigðiskerfið á Norðurlandi harðlega og segir ekkert gert fyrir fólk í vanda.



„Það er alveg sama hvert vandamálið er, þótt þú sért með skýrslu um það að þú sért geðveikur og eigir að vera læstur inni, þá er ekki hlustað á þig," segir hann.

Sigurður hefur nú beðið eftir viðtali við yfirlækni geðdeildarinnar í þrjá og hálfan mánuð til að fá ný lyf og samtal. „Ég hef einu sinni komið þangað og þá var lítið gert annað en að segja mér að fara heim og láta mér líða betur. Ég sagði lækninum að ég væri með ítrekaðar sjálfsvígshugsanir og vildi ný lyf, en hann sagði mér að bíða rólegur og vona það besta. Hann bauð mér samtal við félagsráðgjafa daginn eftir, sem ég afþakkaði."



**JARÐRASK VIÐ SÓLHEIMAJÖKUL** Lögreglan á Hvolsvelli hefur til rannsóknar utanvegaakstur við Sólheimajökul. Töluvert rask er á stóru svæði allt frá bílastæði á svæðinu upp að jöklinum sjálfum. Sveinn Kristján Rúnarsson yfirlögregluþjónn segir að líklega sé um brot á lögum um náttúruvernd að ræða. Hann varðist frétta en sagði að lögreglan væri að kanna hvaða leyfi fyrirtæki og einstaklingar hafa til aksturs á svæðinu, og hverjir hafa farið þarna um síðustu daga. Að hans sögn er ekki um að ræða skemmdir á grónu landi, heldur aðeins akstur á sendnu landi. MYND/ARNAR SIGURÐARSON

Á lista Bjartrar framtíðar:

## Mugison býður sig fram á þing

**STJÓRNMÁL** „Er þetta ekki bara „pretty face" á listanum?" spyr Örn Elías Guðmundsson eða Mugison, sem tekur heiðurssæti á lista Bjartrar framtíðar í Norðvesturkjördæmi fyrir komandi þingkosningar. „Þetta er bara stuðningur við hópinn. Ef það gengur vel hefur maður efni á að leigja íbúð í bænum."



Það var borgarfulltrúinn Óttarr Proppé sem sannfærði Mugison um að ganga til liðs við flokkinn. „Eftir stutt spjall við hann var ég sannfærður um að þetta væri málið," segir Mugison. - fb / sjá síðu 30

Burlington, stærsti kröfuhafi Glitnis, minnkar stöðu sína um 30 prósent:

# Losar sig við kröfur á Glitni

**VIÐSKIPTI** Stærsti kröfuhafi Glitnis, Burlington Loan Management, hefur selt rúmlega 30 prósent krafna sinna á bankann á síðustu þremur mánuðum. Alls hafa kröfur í eigu hans lækkað úr 190,7 milljörðum króna í 134,5 milljarða króna, eða um 56,2 milljarða króna á tímabilinu. Miðað við fjórðungsendurheimtur er virði þeirra um 14 milljarðar króna.

Þetta kemur fram í yfirliti yfir stærstu kröfuhafa Glitnis í byrjun mars sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Burlington er írskt skúffufélag sem er fjármagnað og stýrt af bandaríska sjóðsstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner. Burlington er einnig á meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings, á kröfur á Straum, er á meðal stærstu eigenda Klakka (áður Exista) og á stóran hlut í Bakkavör. Félagið hefur því verið einn umsvifamesti leikandinn á hinum íslenska hrun-eftirmarkaði. Kröfur á föllnu íslensku bankana hafa allt að nífaldast í verði frá því í lok árs 2008.

Heimildir Markaðarins herma að ekki hafi verið jafn miklar breytingar á kröfuhafahópi Kaupþings á undanförnum mánuðum. Samkvæmt þeim virðast stórir kröfuhafar, sem hafa verið að safna kröfum á báða bankana, verið að einbeita sér meira að öðrum hvorum. Nauðasamningar, bæði Glitnis og Kaupþings, hafa verið lagðir fram og bíða samþykkis Seðlabanka Íslands. Verði þeir samþykktir munu kröfuhafar búanna tveggja meðal annars eignast Íslandsbanka og Arion banka. - þsj / sjá Markaðinn

**56** milljarðar króna er umfang krafna sem Burlington hefur selt.


MEISTARATAKTAR




Áhrifamikil frásögn af óþrjótandi ást, hugrekki og gæsku

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

LEIÐIN TIL HOLLUSTU

Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skráargatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

www.skyr.is

## SPURNING DAGSINS



Jóhannes, heldurðu að Ladda-þættirnir endi í Halla?

**„Nei, það má segja að þeir verði Hallalausir.“**

Leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson leikstýrir nýjum heimildarþáttum um Ladda. Hann segir að Halli, bróðir Ladda, muni ekki koma við sögu.

Þór Saari segir vantrauststillögu verða óþarfa ef svo ólíklega fer að stjórnarskrármálið skýrist í dag:

# Fundað um stjórnarskrána án niðurstöðu

**ALÞINGI** Engin niðurstaða varð af fundi formanna stjórnmálaflokkanna í gær um afdrif stjórnarskrármálsins. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, boðaði til fundarins til að reyna að ná samningum um málið. Enn er ósamið um þinglok.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, segir að ekkert hafi verið ákveðið á fundinum. Hins vegar muni formennirnir hittast aftur og ræða málið enn frekar.

Þingmenn Hreyfingarinnar hafa boðað tillögu um vantraust á ríkisstjórnina. Katrín segist búast við því að hún verði lögð fram í dag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður hún ekki tekin strax á dagskrá, þar sem hún er ekki komin fram og ekki inn á dagskrána. Líklegt er að hún verði rædd á morgun eða föstudag, komi hún fram.

Þingfundur hefst klukkan 10.30 í dag og þá ætti að skýrast hvort von sé á vantrausti.

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, segir að ef stjórnarskrármálið komist á dagskrá í dag, og samhliða því dagskrártillaga um hvernig eigi að klára málið, verði óþarft að leggja fram vantrauststillöguna. „Ég er nú ekki nema hóflega bjartsýnn á það. En það er aldrei að vita. Maður hefur rekið sig á það í þessu starfi að hlutir geta snúist 180 gráður á hálftíma.“

- kóp, sh



ÞÓR SAARI

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



**NÝ STJÓRN** Í nýrri stjórn eru, frá vinstri, Fanney Ólöf Lárusdóttir á Kirkjubæjarklaustri, Guðbjörg Jónsdóttir á Læk, Einar Ófeigur Björnsson í Lóni, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir á Egilsstöðum, Þórhallur Bjarnason á Laugalandi, Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson í Bakkakoti. MYND/HÖRÐUR KRISTJÁNSSON

Sindri Sigurgeirsson er nýr formaður Bændasamtakanna:

# Kvennabylting hjá bændum

**LANDBÚNAÐUR Stjórn Bændasamtaka Íslands er í fyrsta skipti í sögu samtakanna skipuð konum í meirihluta. Þetta var ljóst eftir kosningar til stjórnar á Búnaðarþingi í gær. Fyrr um daginn var Sindri Sigurgeirsson, bóndi í Bakkakoti, kjörinn nýr formaður Bændasamtakanna, og skipar hann stjórn með fjórum konum og tveimur körlum.** - shá

Talinn brotlegur við 19 börn:

# Ljósmyndari áfram í haldi

**DÓMSMÁL** Ungur áhugaljósmyndari sem grunaður er um kynferðisbrot gegn nítján stúlkum mun sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til 22. mars, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.

Maðurinn, sem er rétt rúmlega tvítugur, er talinn hafa tælt fjölda ólögráða stúlkna í nektarmyndatökur og brotið auk þess gróflega gegn sumum þeirra. Hann mun hafa greitt þeim 100 þúsund krónur fyrir hverja myndatöku.

Brot gegn tíu stúlkum eru þegar komin á borð ríkissaksóknara til ákærumeðferðar. Hin eru enn til rannsóknar. - sh

Bætt umhverfi biðstöðva:

# Hiti í kringum strætóstöðvar

**SAMGÖNGUR Sett hefur verið fram áætlun um hitun umhverfis fimm af stærstu biðstöðvum Strætó í Reykjavík. Samkvæmt tillögu Ólafs Bjarnasonar samgöngustjóra borgarinnar verður byrjað á framkvæmdum við tvo staði á þessu ári; á Hringbraut við Félagsstofnun stúdenta og á Miklubraut við Kringluna.**

**Áætlaður kostnaður við hitun þessara tveggja stöðva er 28,9 milljónir. Hinar stöðvarnar eru á Vesturlandsvegi við Ártún, á Lækjargötu við MR og í Austurbergi. Gert er ráð fyrir að hitun þessara þriggja biðstöðva muni samtals kosta 79,2 milljónir króna.** - gar

# Matarmarkaður verði á Lækjartorgi í sumar

Verkefnahópur á vegum Reykjavíkurborgar leggur til að fjölbreyttur matarmarkaður verði á Lækjartorgi í sumar og að utanaðkomandi ráðgjafi komi á sambandi við sölumenn. Hópurinn sér Hlemm sem markaðshöll þegar Strætó hefur flutt.

**VERSLUN** „Við stefnum að því að markaðurinn heppnist vel og verði vel sóttur,“ segir Hildur Gunnlaugsdóttir arkitekt sem fer fyrir verkefnahópi sem leggur til að matarmarkaði verði komið upp á Lækjartorgi næsta sumar.

„Á markaðnum skal vera gott úrval af vörum til sölu,“ segir í niðurstöðum verkefnahópsins sem er á vegum skipulagsfulltrúa Reykjavíkur. Hópnum var falið að kanna hugmynd að vefnum Betri Reykjavík um matarmarkað við höfnina. Eftir að hafa skoðað ýmsar staðsetningar í miðborginni segir hópurinn hins vegar Lækjartorg ákjósanlegt fyrir slíkan markað. Í tillögu hópsins er gert ráð fyrir að matarmarkaðurinn verði haldinn fjóra laugardaga, en oftar ef vel tekst til.

„Erfiðlega hefur gengið að koma á matarmarkaði í Reykjavík hingað til,“ segir hópurinn sem ræddi við ýmsa mögulega söluaðila. „En það var ekki að finna mikinn áhuga á að taka þátt.“

Þá segir að Fiskmarkaðnum við höfnina árið 2010 og „Full borg matar“-markaðnum hafi gengið erfiðlega að fá seljendur. „Söluaðilar nefndu margar ástæður fyrir þessu en helst var þó nefnt að kostnaður við þátttöku væri mikill en ávinningur lítill,“ segir í umsögninni þar sem þó er tekið fram að mjög stórir og velheppnaðir markaðir hafi verið við verslunina Búrið í Nóatúni fyrir jólin 2011 og 2012. Utan um þann markað hafi verið haldið af mikill þekkingu og reynslu á markaðshaldi.

„Því er lagt til að ráðinn verði utanaðkomandi ráðgjafi til þess að koma á sambandi við söluaðila og skipuleggja markaðinn,“ segir starfshópurinn sem leggur til að svokallaður biðstjóri annist umsjón markaðarins, meðal annars uppsetningu tjalda og skjólveggja. Faxaflóahafnir eru sagðar munu lána söluborð með vöskum fyrir fisk og kjöt. Varðandi söluvörurnar segir verkefnahópurinn að líta eigi til þess að vera frekar með „góða blöndu“ en marga seljendur.



**LÍF Á LÆKJARTORGI** Verkefnahópi skipulagsfulltrúa leist ekki á hugmynd um matarmarkað við höfnina en telur Lækjartorg ákjósanlegan stað fyrir markaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Útimarkaður á Lækjartorgi

**KOSTIR**
- Grænmetismarkaður á svæðinu síðustu tvö sumur tókst vel.
- Miðsvæðis og í alfaraleið.
- Svæðið þarf á skemmtilegri innspýtingu að halda.
- Markaður gæti verið áberandi á svæðinu.
- Aðilar sem rætt var við mæla með svæðinu fyrir markaðshald.
- Kaffihús við torgið getur styrkt við markaðinn.

**GALLAR**
- Það getur verið vindasamt á svæðinu.
- Lítil aðstaða fyrir starfsmenn.



➜ Erfiðlega hefur gengið að koma á matarmarkaði í Reykjavík hingað til.

*Verkefnahópur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.*

Í umsögninni er horft til framtíðar. Miklir möguleikar séu á að nýta megi Hlemm sem markaðshöll þegar starfsemi Strætó flyst þaðan. „Þar væri hægt að hafa markað bæði inni í húsinu og fyrir utan það,“ segir í umsögninni sem samþykkt var í umhverfis- og skipulagsráði. gar@frettabladid.is




„Ánægjulegt að vera kominn aftur á Fréttablaðið,“ segir nýr ritstjóri:

# Mikael ritstjóri við hlið Ólafs

**FJÖLMIÐLAR** Mikael Torfason hefur verið ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins við hlið Ólafs Stephensen, sem hefur gegnt ritstjórastöðunni einn síðan í febrúar 2010.

Mikael hefur starfað sem blaðamaður í hartnær sautján ár og varð rétt rúmlega tvítugur ritstjóri vikuritsins Fókuss, fylgirits DV. Síðan hefur Mikael ritstýrt DV, starfað sem aðalritstjóri tímaritaútgáfu Birtíngs og nú síðast verið ritstjóri Fréttatímans.

Þá starfaði Mikael einnig um tíma sem fréttastjóri innblaðs Fréttablaðsins og tók þátt í uppbyggingu blaðsins í upphafi. Einnig hefur Mikael skrifað skáldsögur og unnið við þýðingar.

„Það er ánægjulegt að vera kominn aftur á Fréttablaðið, minn gamla og góða vinnustað og ég hlakka til að takast á við að ritstýra stærsta dagblaði landsins ásamt Ólafi og öllu því góða fólki sem starfar við útgáfuna,“ segir Mikael.

Ólafur býður Mikael velkominn til starfa. „Ég tel að blaðinu sé mikill styrkur að ráðningu hans,“ segir hann. „Ég hlakka til að eiga við hann gott samstarf um að efla Fréttablaðið enn frekar og standa vörð um sjálfstæði ritstjórnarinnar.“ - sh



**HLAKKA TIL SAMSTARFSINS** Ólafur kveðst hlakka til að eiga samstarf við Mikael um að standa vörð um sjálfstæði ritstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Fyrirtækið**

**Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða.** Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í eldhúsinu?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 58252 04/12

**GENGIÐ**
**05.03.2013**

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,43 | 125,03 |
| Sterlingspund | 188,58 | 189,5 |
| Evra | 161,95 | 162,85 |
| Dönsk króna | 21,718 | 21,846 |
| Norsk króna | 21,757 | 21,885 |
| Sænsk króna | 19,448 | 19,562 |
| Japanskt jen | 19,448 | 19,562 |
| SDR | 187,63 | 188,75 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
221,6994

Rúmlega helmingur landsmanna vill ekki að ríkið greiði listamannalaun samkvæmt könnun MMR:

# Fleiri vilja að ríkið greiði listamannalaun

**KÖNNUN** Rúmur helmingur landsmanna er andvígur því að ríkið greiði listamannalaun samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar MMR, en fækkað hefur í þeim hópi á síðustu árum.

Alls eru 54,5 prósent andvíg því að ríkið greiði listamannalaun, en 45,5 prósent eru því fylgjandi, samkvæmt könnun sem MMR gerði í febrúar síðastliðnum.

Nokkur breyting hefur orðið á afstöðu landsmanna frá því í mars 2010 þegar 61,4 prósent sögðust andvíg greiðslu listamannalauna en 38,6 prósent voru hlynnt þeim.

Mikill munur er á afstöðu fólks eftir stuðningi við stjórnmálaflokka. Meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er andvígur greiðslunum en meirihluti þeirra sem styðja hina flokkana er hlynntur.

Könnun MMR var gerð dagana 19. til 21. febrúar, þátttakendur voru 814 á aldrinum 18 til 67 ára, valdir úr hópi álitsgjafa MMR. Alls tóku 88,2 prósent afstöðu. - bj

**➜ Á ríkið að greiða listamannalaun?**




*Heimild: Könnun MMR 19. til 21. febrúar*

## HEIMURINN




### Hugo Chavez látinn



**1 VENESÚELA** Forseti Venesúela, Hugo Chavez, lést í gær, 58 ára að aldri, að sögn varaforsetans Nicolas Maduro. Hann greindist með krabbamein 2011 og hefur undanfarið glímt við alvarlega öndunarfærasýkingu. Hann sneri aftur til Venesúela fyrir tveimur vikum eftir tveggja mánaða krabbameinsmeðferð á Kúbu. Hann hefur ekki komið fram opinberlega síðan hann fór í meðferðina í desember. Chavez hefur verið forseti Venesúela síðan árið 1998.

### Ferja strandar við Noreg

**2 NOREGUR** Farþegaferjan King Harald strandaði í Trollfjörden, skammt frá Lófóten í Noregi í gær. Um borð voru 258 farþegar og 57 manna áhöfn. Engan sakaði og eru menn vongóðir um að ferjan náist af strandstað. Í erlendum fréttaskeytum kemur fram að skipstjóri ferjunnar hafi staðið meðal farþega til að lýsa aðstæðum í firðinum þegar ferjan tók niðri. Kafarar munu ganga úr skugga um að botn ferjunnar sé í lagi áður en reynt verður að ná henni af strandstað.

### Vilja kynlíf fyrir húsnæði

**3 SVÍÞJÓÐ** Af þeim 250 ungu konum í húsnæðisleit sem sænska sjónvarpsstöðin TV 4 ræddi við kváðust 105 hafa fengið niðurlægjandi tilboð.

Ein kvennanna, sem hafði samband við mann sem auglýsti herbergi til leigu, segir leigusalann hafa greint frá því að hún gæti borgað leiguna með kynlífi.

Í frétt á vef Metro hefur áður verið greint frá því hvernig konur í húsnæðisleit eru niðurlægðar. Blaðamaður Metro, Josefin Svenberg, villti á sér heimildir og hafði samband við fasteignasala í Stokkhólmi. Hann bauð húsnæði gegn kynlífsþjónustu.

# Landlæknir skoðar sjálfsvíg á geðdeild

Tveir sjúklingar á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri hafa svipt sig lífi á deildinni síðustu tvö ár. Síðara málið í skoðun hjá Landlækni. Tollur sem við verðum að greiða, segir forstöðumaður. Allt of mikið álag á geðdeildinni, segir lögreglan.

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveir sjúklingar hafa framið sjálfsvíg inni á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri síðustu tvö ár. Hið síðara var í október í fyrra og samkvæmt upplýsingum frá Landlækni er það mál til skoðunar innan embættisins eins og verkferlar gera ráð fyrir.

Sigmundur Sigfússon, forstöðumaður geðdeildarinnar, segir atvikin ekki tengd mistökum eða vanrækslu starfsfólks.

„Þetta er bara tollur sem við þurfum að greiða. Við getum ekki sagt að mannslíf hafi tapast út af streitunni á deildinni," segir hann. „Ég á erfitt með að tala um einstök mál, en þetta er tíu rúma legudeild og það fer eftir því hversu margir eru nauðungarvistaðir á hverjum tíma hvernig álagið er. Ég var ekki í vinnunni þegar þetta var og veit ekki hvernig þetta gerðist, en deildin var fullmönnuð af starfsfólki. Það er töluvert af mannslátum í kring um þessa þjónustu, þó það gerist sjaldnast innan deildanna."

Sigmundur segir atvik sem þessi ekki gera boð á undan sér. „Hver geðlæknir er með tíu til tuttugu manns sem eru í þessum áhættuhópi; sem eru að hugleiða á hverjum degi hvort lífið sé þess virði að lifa því. Þá er visst álag á okkur að fylgjast með þeim. En þetta er eitthvað sem við þurfum að búa við."

Gunnar Jóhannsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri, segir ekkert hafa komið fram sem benti til sérstakrar vanrækslu.




**ÓFREMDARÁSTAND Á GEÐDEILDINNI** Það er svakalegt álag á geðdeild sjúkrahússins, að sögn lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

„Þetta er hlutur sem starfsfólk á geðdeildum þarf alltaf að vera á varðbergi gagnvart. Sumt er hægt að koma í veg fyrir, svo er bara ekki hægt að koma í veg fyrir annað," segir hann. „En það er svakalegt álag hjá þeim. Maður hefði viljað sjá þá deild miklu stærri og öflugri."

Fram hefur komið í fjölmiðlum að á geðdeild Landspítalans, sem rúmar á bilinu 120 til 150 inniliggjandi einstaklinga og er því margfalt stærri deild en sú á Sjúkrahúsinu á Akureyri, eru sjálfsvíg afar fátíð inni á deildunum. Talið er að á bilinu þrír til fjórir hafi tekið sitt eigið líf innan veggja spítalans á síðustu 20 árum. sunna@frettabladid.is



**Hver geðlæknir er með tíu til tuttugu manns sem eru í þessum áhættuhópi; sem eru að hugleiða á hverjum degi hvort lífið sé þess virði að lifa því.**

*Sigmundur Sigfússon forstöðumaður geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri*




HAFBERG
*fiskbúð sælkerans*



MIÐVIKUDAGSTILBOÐ

PLOKKFISKUR 1490 KR/KG
ÝSA Í KARRÝSÓSU 1490 KR/KG
NÝR RAUÐMAGI
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HVASST NÆSTU DAGA** Napur vindur blæs um landið í dag og næstu daga. Dregur aðeins úr vindi og ofankomu á morgun og á föstudaginn lítur út fyrir stöku él við S- og A-ströndina, annars úrkomulítið. Dregur heldur úr frosti.




**Á morgun**
10-15 m/s S- og V-til, annars hægari.




**Föstudagur**
Stíf austanátt, einkum syðst.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Berlín | 8° | Friedrichshafen | 11° | Las Palmas | 23° | New York | 6° | París | 15° |
| Aþena | 14° | Billund | 9° | Gautaborg | 5° | London | 13° | Orlando | 18° | San Francisco | 13° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 12° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 17° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 2° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



## VW Touareg V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 105.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.390.000,-**
**Tilboðsverð:**
**2.690.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi A4** Avant 2,0TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 38.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.490.000,-**




**MM Outlander** 2,4 AT
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 133.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.450.000,-**



**Audi A4** Avant 2,0TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 4.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**7.490.000,-**



**Skoda Fabia** 1,2 Classic
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 28.500 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**1.890.000,-**



**VW Passat** Comfort Ecofuel
Árgerð 2012, bensín/metan
Ekinn 79.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**3.950.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.700.000,-**



**VW Polo** Trendl. 1,2
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 26.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.150.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 26.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**3.090.000,-**



**VW Jetta** Comfortline
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 76.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.290.000,-**
**Tilboðsverð:**
**1.990.000,-**



**VW Sharan** TDi 1,9
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 83.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.990.000,-**
**Tilboðsverð:**
**2.590.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 100 VX
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 178.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.290.000,-**
**Tilboðsverð:**
**3.290.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 198.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.100.000,-**
**Tilboðsverð:**
**2.790.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**
**lykill.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA
**NOTAÐIR BÍLAR**

## VEISTU SVARIÐ?




**1.** Hversu stór hluti landsmanna er hlynntur því að lækka áfengiskaupaaldurinn?

**2.** Hvað heitir formaður Rafiðnaðarsambands Íslands?

**3.** Hversu margir vildu komast á hraðstefnumót hjá Sambandsmiðlun?

**SVÖR**

**1.** Rúm 28% - **2.** Kristján Þórður Snæbjarnarson - **3.** 80 manns

Verjandi Páls Heimissonar vildi fá máli hans frestað fram yfir kosningar:

# Segist saklaus af kortasvikum

**DÓMSMÁL** Páll Heimisson, fyrrverandi starfsmaður íhaldshóps Norðurlandaráðs, með aðsetur í Valhöll, mætti í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær og bar af sér sakir um stórfelld umboðssvik.

Páll sætir ákæru sérstaks saksóknara fyrir að hafa notað kort – sem Sjálfstæðisflokkurinn lét honum í té fyrir hönd hópsins – í eigin þágu fyrir tuttugu milljónir á rúmlega tveggja ára tímabili.

Samkvæmt ákærunni keypti hann sér dýran tískufatnað og annan munaðarvarning í sextán löndum, og eyddi jafnframt fúlgum í flugmiðana sjálfa. Tólf milljónir af tuttugu voru teknar út í reiðufé í bönkum og hraðbönkum um allan heim.

Fram kom í fréttum RÚV í gær að Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi Páls, hefði óskað eftir því að málinu yrði frestað fram yfir kosningar. Dómari spurði að bragði hvort málið kæmi kosningunum eitthvað við – sem Guðrún Sesselja neitaði. **- sh**



**MÆTTUR** Páll er með lögheimili í Rúmeníu. Hann er nú á landinu og mætti í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ísland aðili að AEWA:

# Vilja vernda sjó- og vatnafugla

**UMHVERFISMÁL Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að Ísland gerist aðili að alþjóðlegum samningi um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla (AEWA). Samningurinn kveður á um aðgerðir til verndunar votlendisfugla og nær til fjölda tegunda sem verpa eða hafa viðkomu hér. Samningurinn hefur náð sýnilegum árangri í að tryggja vernd tegunda sem hafa verið í niðursveiflu og jafnvel útrýmingarhættu, segir í tilkynningu. - shá**



**PARIÐ Á GÓÐRI STUND** Bedi og Helga gáfu stórfé í kosningasjóð Baracks Obama og hittu hann af því tilefni.

Helga Ingvarsdóttir bíður enn dóms í lygilegu fjársvikamáli:

# Helga horfir á eftir Bedi í fangelsi

**DÓMSMÁL Fjársvikarinn Vikram Bedi var í gær dæmdur í þriggja til níu ára fangelsi fyrir að hafa milljónir dala út úr bandarískum auðkýfingi með fjarstæðukenndri lygasögu. Unnusta hans, íslensk kona sem heitir Helga Ingvarsdóttir, bíður dóms sem verður kveðinn upp 23. apríl í New York-fylki.**

**Bedi og Helga lugu að tónskáldinu Roger Davidson sögu um að tölva hans hefði sýkst af vírus sem ætti uppruna sinn í afskekktu þorpi í Hondúras. Þau þyrftu að fara þangað á vegum indversku leyniþjónustunnar til að ná óværunni út svo að tónverk hans mundu ekki glatast. Inn í allt þetta fléttuðust pólskir prestar úr Opus Dei-reglunni og fyrir viðvikið þáðu þau 20 milljónir dala, um tvo og hálfan milljarð króna.**

**Vikram sá fram á allt að 25 ára fangelsisvist en játaði sök til að fá vægari dóm. - sh**

Tillögu D-lista breytt:

# Varðskip ekki boðin velkomin

**REYKJAVÍK** Meirihlutinn í borgarráði gerði í gær breytingu á tillögu Sjálfstæðisflokksins um að bjóða erlend varðskip velkomin til björgunaræfinga.



**JÓN GNARR**

Í breyttri tillögu segir meðal annars að best sé að sinna öryggismálum í anda friðar. Sjálfstæðismenn hörmuðu niðurstöðuna í bókun. **- sh**

Lögreglumaður ákærður:

# Fletti upp í skrá í heimildarleysi

**SVÍÞJÓÐ Lögreglumaður í Svíþjóð sem kannaði í rafrænni skrá lögregluembættisins gildistíma vegabréfs síns hefur verið kærður fyrir brot á reglum um tölvunotkun. Í frétt á vef Göteborgs-Posten segir að einungis megi nota tölvukerfi lögreglunnar vegna starfans.**

**Lögreglumaðurinn sagði að hann hefði getað hringt í vegabréfadeildina til að fá upplýsingar í tengslum við fyrirhugað ferðalag. Sér hefði þó ekki dottið í hug að hann væri að brjóta lög með því að skoða eigið vegabréf. - ibs**

# Krefur Akranes um 64 milljónir í bætur

Mistök bæjaryfirvalda við auglýsingu skipulags varð til þess að gera þurfti nýtt deiliskipulag. Verktaki sem hugðist reisa hótel á Akranesi krefur bæinn bóta.

**AKRANES** „Ég tel að það hafi verið brotið á mér og miðað við það sem fram kemur í matsgerðinni er ljóst að svo er,“ segir Bjarni Jónsson, verktaki á Akranesi. Hann hefur krafið bæinn um 63,6 milljónir króna í bætur vegna vanefnda á skipulagi.

Bjarni festi kaup á Heiðarbraut 40, eða gamla bókasafninu, og hugðist reisa þar hótel. Bæjaryfirvöld samþykktu breytt skipulag á reitnum í október 2009, og Bjarni fór að undirbúa verkefnið. Babb kom þó í bátinn þegar í ljós kom að bæjaryfirvöld höfðu ekki staðið rétt að auglýsingu á breyttu skipulagi í B-tíðindum Stjórnartíðinda og því hófst vinna við skipulagið á ný.



**AKRANES** Bæjaryfirvöldum fórst fyrir að auglýsa breytt skipulag á réttan máta. Málið var tekið upp á ný og nýja skipulaginu breytt á ný. Verktaki krefst bóta vegna breytinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í millitíðinni höfðu orðið meirihlutaskipti í bænum, þegar Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn tóku við völdum af Sjálfstæðisflokki og F-lista. Ákveðið var að gera nýtt skipulag fyrir svæðið sem rúmaði ekki þá starfsemi sem Bjarni Jónsson hafði hafið undirbúning að og falla þannig frá fyrri samþykktum bæjarstjórnar.

Meirihlutinn klofnaði í málinu og fimm fulltrúar af sjö samþykktu, í október 2011, að breyta um stefnu. Tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem höfðu stutt fyrra skipulag, gerðu það einnig.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að lögfræðingar hafi varað bæjaryfirvöld við því að sú ákvörðun gæti skapað bænum skaðabótaskyldu og eins og áður segir hefur Bjarni nú krafið bæinn um 64 milljónir króna.

Sveinn Kristinsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og forseti bæjarstjórnar, segir að reynt sé að leita sátta í málinu. Sjálfur var hann á móti því að skipulaginu yrði breytt. Hann segir það hafa legið í loftinu að slíkt myndi skapa skaðabótaskyldu.

„Menn könnuðu það og töldu líklegt að það gæti orðið vegna þess að þarna var sannarlega stefnubreyting.“

Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, var forseti bæjarstjórnar þegar fyrra skipulagið var samþykkt, en samþykkti breytt skipulag árið 2011. Hann segist hafa skoðað málið og telji að ekki henti að hafa hótel á þessum stað, sérstaklega vegna flutninga til og frá sjúkrahúsinu. En óttaðist hann ekki bótakröfu?

„Það hlýtur þá að þurfa að hugsa bæjarmálasamþykktir og annað upp á nýtt, ef það er ekki réttur okkar til að samþykkja eða hafna skipulagi. Það er þá náttúrulega stórmál.“ kolbeinn@frettabladid.is

## Tugmilljóna munur



Bjarni krefst 63,6 milljóna í bætur vegna breytinganna á skipulaginu. Dómkvaddir matsmenn komust hins vegar að þeirri niðurstöðu að skaði Bjarna væri 8,5 milljóna króna virði. Hann fælist í lægra virði eignarinnar og kostnaði við hönnun, ásamt lögfræðikostnaði.

**Regína Ásvaldsdóttir**, bæjarstjóri Akraness, segir að viðræður séu í gangi á milli aðila.



BALDONI KITCHEN FURNITURE

# PÁSKATILBOÐ!

## GLÆSILEGAR OG VANDAÐAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR

**40-50% AFSLÁTTUR**



**LINE**

Hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð, höldulaus.



**COUNTRY**

Fulningur, hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð.



**HORIZONTAL**

Spónlögð amerísk hnota.



**DUCALE**

Hvítlökkuð háglans, glerhörð kámfrí áferð, innfelld handföng.



**DUCALE**

Ljós eik - innfelld handföng.

## **AUKAHLUTIR** FYRIR ELDHÚSINNRÉTTINGAR

*BÚR-ÚTDRAG - TÖFRAHORN - ÚTDRAGANLEG HÁLFMÁNASETT - HNÍFAPARABAKKAR ÚTDRÖG Í NEÐRI SKÁPA*

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ **ENDURNÝJA ELDHÚSIÐ!**
**TIL AFGREIÐSLU AF LAGER** - TAKMARKAÐ MAGN!

**WWW.I-T.IS**

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9 TIL 18**
**OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 11 TIL 15**

Ármúla 31 | 108 Reykjavík | Sími: 588 7332

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

LÉTT OG SKEMMTILEG STEMNING Í HÁDEGINU

Rólegt umhverfi, úrvals hráefni, ljúffengur matur og lipur þjónusta gera hádegið fullkomið.



NAUTHÓLL Bistro

FYRSTA SVANSVOTTAÐA VEITINGAHÚSIÐ Á ÍSLANDI

www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | S. 599 6660



Tökum á skulda- og greiðsluvanda heimilanna

Markvissar og raunhæfar aðgerðir í þágu heimilanna sem má koma í framkvæmd án tafar.

- Verðtrygging á húsnæðis- og neytendalánum verði ekki almenn regla
- Auðveldum afborganir af húsnæðislánum með skattaafslætti
- Fellum niður skatt þegar greitt er inn á höfuðstól húsnæðislána í stað þess að greiða í séreignarsjóð
- Leyfum skuldsettum íbúðareigendum að hefja nýtt líf án gjaldþrots
- Afnemum stimpilgjöld

Í þágu heimilanna XD

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt
á vernd og umönnun

Annar mannanna hafði áður fengið hæli í Svíþjóð en hinum var synjað:

# Samkynhneigð hjón fá hæli

**SVÍÞJÓÐ** Samkynhneigð hjón frá Úganda hafa fengið hæli í Svíþjóð, en áður hafði öðrum manninum verið veitt hæli en hinum synjað um það.

Saga mannanna vakti mikla athygli í síðasta mánuði eftir að þeir urðu fyrsta samkynhneigða parið frá Úganda til þess að ganga í hjónaband. Þeir höfðu verið par í heimalandinu en flúðu til Svíþjóðar eftir ofsóknir vegna kynhneigðar sinnar.

Jimmy Sswerwadda flúði án vitundar kærasta síns árið 2008, eftir að hafa verið handtekinn og laminn. Þeir hittust svo fyrir tilviljun eftir að kærastinn, Lawrence Kaala, hafði líka flúið til Svíþjóðar. Kaala hafði orðið fyrir ofsóknum og fjölskylda hans hafði snúið við honum bakinu.

Sswerwadda hafði fengið dvalarleyfi í landinu en á sama tíma og parið gifti sig var Kaala synjað um leyfi. Parið áfrýjaði þeim úrskurði og hafði sigur í málinu í síðustu viku. **- þeb**



**FÁNI SAMKYNHNEIGÐRA** Mennirnir segjast á Facebook-síðu sinni afskaplega þakklátir. NORDICPHOTOS/AFP

# Svíar og Maltverjar halda heilsu lengst

Íslendingar geta reiknað með að halda góðri heilsu fram undir sjötugt að meðaltali. Við fimmtugt eiga íslenskir karlar 25 góð ár eftir en konur 24 ár. Þegar 65 ára aldri er náð eiga Íslendingar að meðaltali um 14 ár eftir við góða heilsu.

**EVRÓPUMÁL** Íbúar Svíþjóðar, Möltu og Noregs halda fullri starfsorku lengur en íbúar annarra Evrópuríkja. Íslendingar eru í fjórða sæti, en verst er ástandið í Slóvakíu.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Þar segir jafnframt að íslenskar konur, sem fæðast í dag, geti reiknað með því að lifa nærri 68 ár að meðaltali án íþyngjandi heilsufarsvandamála, en íslenskir karlar geta reiknað með 69 ári. Við fimmtugt eiga íslenskar konur að meðaltali um 24 góð ár eftir, en karlar 25 ár. Þegar 65 árum er náð geta Íslendingar, bæði konur og karlar, reiknað með um 14 góðum árum í viðbót.

Þetta er töluvert fyrir ofan meðaltal Evrópusambandsríkjanna. Að meðaltali geta bæði konur og karlar í aðildarríkjum Evrópusambandsins búist við 62 árum við fulla heilsu. Um fimmtugt geta Evrópubúar að meðaltali reiknað með að eiga 18 ár eftir við góða heilsu, en þegar 65 árum er náð eiga þeir að meðaltali 8,6 góð ár eftir.

Svíar og Maltverjar eru einu þjóðirnar sem geta reiknað með fullri heilsu beggja kynja fram yfir sjötugt. Í Lúxemborg, á Grikklandi og Írlandi geta konur reiknað með 67 árum við fulla heilsu, en karlar 66 árum.

Verst er ástandið í Slóvakíu, þar sem bæði kyn geta reiknað með 52 góðum árum, og Slóveníu, þar sem reikna má með 54 árum.

Með góðri heilsu er þarna átt við líf án þess að heilsufarsvandamál af einhverju tagi komi í veg fyrir að einstaklingarnir geti sinnt sínu daglega lífi nokkurn veginn óhindrað. Er þá miðað við að veikleikar fólks á lífsleiðinni standi ekki lengur en sex mánuði.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## LÍFSLÍKUR VIÐ FULLA HEILSU
FJÖLDI ÁRA

| Land | Kyn | FRÁ FÆÐINGU | FRÁ 50 ÁRA ALDRI | FRÁ 65 ÁRA ALDRI |
|---|---|---|---|---|
| DANMÖRK | ♀ | 59.4 | 22.1 | 13.0 |
| | ♂ | 63.6 | 21.8 | 12.4 |
| FRAKKLAND | ♀ | 63.6 | 19.5 | 9.9 |
| | ♂ | 62.7 | 19.1 | 9.7 |
| ÞÝSKALAND | ♀ | 58.7 | 15.7 | 7.3 |
| | ♂ | 57.9 | 14.6 | 6.7 |
| GRIKKLAND | ♀ | 66.9 | 19.2 | 7.8 |
| | ♂ | 66.4 | 19.7 | 9.1 |
| ÍTALÍA | ♀ | 62.7 | 16.8 | 7.0 |
| | ♂ | 63.4 | 17.9 | 8.1 |
| MALTA | ♀ | 70.7 | 23.2 | 11.0 |
| | ♂ | 70.3 | 23.3 | 11.8 |
| SLÓVAKÍA | ♀ | 52.3 | 10.0 | 2.9 |
| | ♂ | 52.1 | 10.2 | 3.5 |
| FINNLAND | ♀ | 58.3 | 17.3 | 8.6 |
| | ♂ | 57.7 | 16.7 | 8.4 |
| SVÍÞJÓÐ | ♀ | 70.2 | 25.6 | 15.2 |
| | ♂ | 71.1 | 25.0 | 13.9 |
| BRETLAND | ♀ | 65.2 | 21.8 | 11.9 |
| | ♂ | 65.2 | 20.8 | 11.1 |
| **MEÐALTAL EVRÓPURÍKJA** | | | | |
| EVRÓPUSAMBANDIÐ | ♀ | 62.2 | 17.9 | 8.6 |
| | ♂ | 61.8 | 17.5 | 8.6 |

GRAFÍK/THANOS

**68-69 ára**

er sá aldur að meðaltali sem Íslendingar geta gert ráð fyrir að lifa án skertrar starfsorku.



Tillaga um landsskipulagsstefnu lögð fram á Alþingi í fyrsta skipti:

# Stefna um nýtingu landgæða

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfis- og auðlindaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2013-2024. Kveðið er á um slíka stefnu í skipulagslögum sem samþykkt voru á Alþingi haustið 2010.

Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um nýtingu lands og landgæða sem tryggir heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana um leið og hún stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Stefnunni er einnig ætlað að samþætta áætlanir opinberra aðila um málaflokka sem varða landnotkun.

Þingsályktunartillagan um landsskipulagsstefnu felur í sér þrjár meginstefnur; stefnu um skipulagsmál á miðhálendi Íslands, stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar og stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Sú þingsályktunartillaga að landsskipulagsstefnu sem liggur fyrir á Alþingi var unnin í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og hagsmunasamtök. Að auki voru drög að tillögu Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu auglýst og kynnt auk þess sem þau voru send út til umsagnar fjölmargra aðila. **- shá**



**HERÐUBREIÐ** Tillagan snýst um áætlanagerð um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HONDA**
The Power of Dreams

# HALLÓ VETUR.

## VIÐ BJUGGUM OKKUR UNDIR KOMU ÞÍNA MEÐ SKYNVÆDDU FJÓRHJÓLADRIFI.




*Besti 4x4 bíll ársins samkvæmt Total 4x4 Magazine.

**VEL ÚTBÚINN HONDA CR-V, 4X4, SJÁLFSKIPTUR, FRÁ KR. 5.890.000**

### HALLÓ. MEIRA NÝTT.

Með CR-V erum við vel undirbúin þegar snjórinn kastar til okkar tækifærum. Skynvætt stöðugt vaktandi fjórhjóladrif reiknar út þörfina á gripi og dreifir aflinu aðeins í þau dekk sem þurfa þess. Á meðan brekku-hraðastjórnandinn hjálpar þér að halda fullri stjórn og mýkt niður brekkuna, án þess að þú þurfir að bremsa. Fjórða kynslóð Honda CR-V setur ný viðmið í ferðaþægindum, gæði innréttinga og gagnsemi í akstri. Náðu taki á vetrinum. Lifðu meira nýtt, keyrðu Honda CR-V. Besta 4x4 bíl ársins*.

**WWW.HONDA.IS/CR-V**





**Umboðsaðilar:**
Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

**OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00**

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is



**KLÍKUDEILUR** Talið er að önnur glæpaklíka hafi skotið á klúbbhús Bandidos í Hvidovre í fyrrinótt.

Undirheimar Danmerkur:

## Skutu á klúbbhús Bandidos

**DANMÖRK** Byssumenn skutu fimmtán til tuttugu skotum að húsnæði Bandidos glæpasamtakanna í Hvidovre í Kaupmannahöfn í fyrrinótt. Engan sakaði en ekki er vitað hverjir voru þar að verki.

Ekstra Bladet segir málið tengjast deilum við aðra klíku og hefur eftir meðlimi í klíkunni Brothas að árásin tengist því að Bandidos hafi reynt að fá meðlimi úr klíkunni Brothas til liðs við sig.

Bandidos treður þó einnig illsakir við fleiri glæpaklíkur, til dæmis Black Cobra.

- þj

**ÖRYGGISMÁL**

### Gæslan nýtur trausts

Landhelgisgæslan nýtur mests trausts almennings samkvæmt niðurstöðum Þjóðarpúls Gallup sem birtust í gær. Er þetta þriðja árið í röð sem Landhelgisgæslan mælist með mest traust íslenskra stofnana en þá var stofnunin fyrst tekin inn í árlegar mælingar Þjóðarpúlsins.

# Stefna um netöryggi Íslands verði tilbúin á næsta ári

Ekki liggur fyrir heildstæð stefna um netöryggi á Íslandi en stefnt er að því að ljúka því starfi á næsta ári. Viðbragðssveit hefur hafið störf og segir hópstjóri að ekki steðji meiri ógn að Íslandi en öðrum löndum.

**FJARSKIPTI** Vonir standa til þess að heildstæð stefna um net- og upplýsingaöryggi og vernd ómissandi upplýsingainnviða er varða þjóðaröryggi verði tilbúin á næsta ári, að því er heimildir Fréttablaðsins herma. Nú þegar hefur netöryggissveit (CERT-teymi) verið sett á laggirnar. Þó á enn eftir að ljúka reglugerð um hlutverk hennar.

Þessi stefnumótun er í samræmi við fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011 til 2014, þar sem einnig er kveðið á um að mikilvægir fjarskiptainnviðir verði skilgreindir og kortlagðir, lagarammar og stjórnsýsluábyrgð varðandi öryggisfjarskipti verði skýrð og mótaðar verði viðbragðsáætlanir um netárásir í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og neyðar- og viðbragðsaðila.

Auk þess er nú unnið að því á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, í samvinnu við lykilstofnanir, að semja viðbragðsáætlanir um netárásir.

Netöryggissveitin CERT-ÍS hefur þegar verið stofnuð og er starfandi innan Póst- og fjarskiptastofnunar. Hlutverk sveitarinnar, sem er skipuð þremur starfsmönnum, er að standa vörð um upplýsingainnviði gegn tölvuárásum og halda tjóni sem getur hlotist af slíkum árásum í lágmarki. Auk þess er hlutverk sveitarinnar að sjá um samskipti við netöryggissveitir í öðrum löndum. Ekki hefur enn verið lokið við allar reglugerðir um sveitina, sem lúta meðal annars að samskiptum samvinnu hennar við einkafyrirtæki á fjarskiptamarkaði, sem og í öðrum geirum. Þegar þeirri vinnu er lokið hefur sveitin formlega starfsemi.

Stefán Snorri Stefánsson fer fyrir sveitinni. Hann segir í samtali við Fréttablaðið að þrátt fyrir að reglugerðir um starfsemina séu ekki fullbúnar hafi mikið starf þegar verið unnið.

„Við höfum nýtt tímann vel til þess að byggja starfsemina upp. Við erum að fylgjast með ástandinu og bregðast við atvikum, auk þess sem við veitum ráðgjöf og samhæfum viðbrögð vegna alvarlegra atvika.“

Stefán segir atvik koma nokkuð reglulega upp hér á landi, en þau séu fæst mjög alvarleg og ennþá hafi ekki orðið vart við meiriháttar samhæfðar netárásir á íslensk skotmörk.

„Við erum, að mínu viti, ekki viðkvæmari fyrir árásum en önnur lönd en slíkt getur komið upp atvik hér eins og annars staðar. Hættan er fyrir hendi og og við verðum að hafa viðbúnað til að bregðast við því sem að höndum ber.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur stefnumótunarferlið tekið nokkuð lengri tíma en upphaflega var ætlast til. Hins vegar standi það til bóta og vinna fari á fullt með vorinu, en henni verður þó varla lokið fyrr en á næsta ári.




**Á NETINU** Ekki liggur fyrir heildstæð stefna um netöryggi á Íslandi, en netöryggissveit hefur þó tekið til starfa.

### Hvaða hættur steðja að í netheimum?

Þrátt fyrir hina ótal kosti sem internetið býður upp á, steðja margar hættur að netkerfum og einstökum notendum. Í áhættumatsskýrslu sem gerð var fyrir stjórnvöld árið 2009 er meðal annars bent á eftirfarandi:

Laumunet (botnet) eru samtengt net einkatölva sem óprúttnir aðilar hafa komist inn á án þess að eigendur verði þess varir og nota til þess að kæfa einstök netkerfi. Þess háttar þjónustu má kaupa fyrir lága upphæð á netinu.

Auglýsingahugbúnaður (adware) sem kemur óumbeðnum auglýsingum inn á tölvur.

Njósnahugbúnaður (spyware) sem kemst inn á tölvur og safnar upplýsingum um notanda, meðal annars aðgangsorðum.

Ekki náðist í Ögmund Jónasson innanríkisráðherra við vinnslu fréttarinnar.

thorgils@frettabladid.is






Vilmundur Jósefsson


Þorsteinn Pálsson


Guðrún Hafsteinsdóttir


Ásberg Jónsson


Rannveig Rist


Georg Gísli Andersen


Kristín Pétursdóttir


Eyjólfur Árni Rafnsson


Anna Björk Bjarnadóttir


Grímur Sæmundsen

**Ávörp:**

**Vilmundur Jósefsson,** formaður Samtaka atvinnulífsins
**Þorsteinn Pálsson,** fyrrverandi forsætisráðherra

**Samstöðuleiðin: Fleiri störf – betri störf**

**Guðrún Hafsteinsdóttir,** markaðsstjóri Kjöríss
**Ásberg Jónsson,** framkvæmdastjóri Nordic Visitor
**Rannveig Rist,** forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi
**Georg Gísli Andersen,** framkvæmdastjóri Valafells
**Kristín Pétursdóttir,** forstjóri Auðar Capital
**Eyjólfur Árni Rafnsson,** forstjóri Mannvits
**Anna Björk Bjarnadóttir,** framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans og stjórnarformaður Festu

**Fundarstjóri:**

**Grímur Sæmundsen**, forstjóri Bláa Lónsins og varaformaður SA

**Nýkjörinn formaður Samtaka atvinnulífsins flytur lokaorð og slítur fundi.**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


GLEÐILEGA PÁSKA
NÓI SÍRÍUS
„SJÁIÐ BARA ALLT
ÞETTA SÚKKULAÐI"

# SKOÐUN

Ísland er aftarlega á merinni í netvörnum:

## Ónóg vitund um aðsteðjandi ógn

Hryðjuverk og hernaður á netinu eru nýjar ógnir sem öll ríki sem láta sér annt um öryggi sitt verða að vera meðvituð um. Í úttekt í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins kom fram að ógnin sem stafar af tölvuárásum fer vaxandi. Hún er ekki bundin við félagsfælna nörda og hakkara sem vinna einir, ekki heldur við hryðjuverkaeða glæpasamtök, heldur eru margar og skýrar vísbendingar um að sum af öflugustu ríkjum heims þrói markvisst aðferðir til nethernaðar.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Tölvuárásir geta valdið usla ekkert síður en árásir með hefðbundnum vopnum. Samgöngur, opinber stjórnsýsla, heilbrigðisþjónusta, fjármálastarfsemi, löggæzla, matvælaframleiðsla, orkuvinnsla og dreifing – nánast hver einasti samfélagskimi – virka ekki án tölvukerfa og greiðra netsamskipta. Með tölvuárásum er ekki einvörðungu hægt að valda gríðarlegum óþægindum og fjárhagstjóni; það er hægt að valda manntjóni og lama heil samfélög.

Flest ríki hafa því markað sér stefnu og gripið til varúðarráðstafana til að geta varizt netárásum. Eins og kom fram í Fréttablaðinu hefur Atlantshafsbandalagið, NATO, markað stefnu um tölvuvarnir þar sem hvatt er til samræmdra varna aðildarríkjanna. Aðeins um helmingur aðildarríkjanna hefur hins vegar markað sér formlega netöryggisstefnu. Ísland er ekki í þeim hópi.

Í október 2010 fjallaði Fréttablaðið ýtarlega um varnarleysi Íslands gagnvart tölvuárásum. Sú umfjöllun skilaði því meðal annars að stjórnvöld tóku sig saman í andlitinu og settu á fót öryggis- og viðbragðsteymi gegn netárásum, sem margoft hafði verið lagt til að yrði sett á laggirnar.

Í blaðinu í dag kemur fram að nú, rúmum tveimur árum síðar, hefur teymið tekið til starfa en þó ekki formlega af því að reglurammann um starfsemi þess vantar enn. Heildstæða stefnu um netöryggi vantar líka, en vinnan á að „fara á fullt með vorinu“.

Í umfjöllun Fréttablaðsins í dag kemur fram það viðhorf leiðtoga þriggja manna netöryggissveitar stjórnvalda að Ísland sé ekki útsettara fyrir netárásum en önnur ríki og ennþá hafi ekki orðið vart við meiriháttar samhæfðar netárásir á íslenzk skotmörk.

Lykilorðið hér er „ennþá“. Enginn veit hvenær ógnin getur steðjað að. Lítil ríki hafa orðið fyrir hörðum netárásum; það gerðist til dæmis í Eistlandi af ekki stórvægilegra tilefni en deilna við rússnesk stjórnvöld um gamalt stríðsminnismerki. Eistar brugðust við með því að setja stóraukinn kraft í netvarnir. Þeir reka nú miðstöð NATO um varnir gegn netárásum. Tólf NATO-ríki eiga aðild að henni. Íslandi var sérstaklega boðið að vera með árið 2008 en það boð hefur aldrei verið þegið.

Þessi hægagangur og andvaraleysi bendir til að stjórnvöld taki ekki nægilega alvarlega þennan þátt þess hlutverks síns að tryggja varnir og öryggi lands og þjóðar. Hver ætlar að axla ábyrgð ef tölvuárás veldur miklum usla í íslenzku samfélagi?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Fiskbúðin Höfðabakka

Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu

Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070

Plokkfiskur

1.290 kr/kg

Nautalundir

6.390 kr/kg

100% hreint nautahakk

1.690 kr/kg

Opið virka daga frá 10.00 -18.30

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heppnir

Neytendastofa kvað í gær upp þann úrskurð að tölvuleikjavefurinn Leikjavaktin mætti heita Leikjavaktin, þrátt fyrir að þegar væri til vefur sem héti Vaktin. Vaktarmenn höfðu kvartað yfir þessu – töldu sig hafa einkarétt á Vaktarheitinu og Leikjavaktin hefði truflandi áhrif á starfsemi sína. Þessu er Neytendastofa ósammála og kemst að þeirri niðurstöðu að nafnorðið „vakt“ hafi svo almenna skírskotun að ekki sé hægt að öðlast einkarétt á notkun þess. Þar skall hurð nærri hælum fyrir Þorvald Gylfason og félaga í Lýðræðisvaktinni.



### Spennandi

Haraldur Benediktsson, bóndi á Vestra-Reyni á Akranesi, er á leið á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Af því leiddi að það þurfti að skipta um formann í Bændasamtökunum. Hann var sóttur alla leið í Bakkakot í Borgarfirði. Sá heitir Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og var fyrir skemmstu formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. Sigurgeir Sindri er líka varaþingmaður Framsóknarflokksins, og það er spurning hvort von er á grundvallarstefnubreytingum í Bændasamtökunum samhliða þessum pólitísku straumhvörfum. Fólk hlýtur almennt að halda niðri í sér andanum.



### Vanir klækjarefir

Það er allt að sjóða upp úr innan VR – svo sem ekki í fyrsta skipti. Nú er formaðurinn Stefán Einar Stefánsson, sem hefur nokkuð gustað um frá því að hann tók við, sakaður um að hafa hótað stjórnarmanninum Ragnari Þór Ingólfssyni. Hann neitar því að sjálfsögðu. Hitt er hins vegar ljóst að formannskjörið á milli hans og Ólafíu B. Rafnsdóttur verður æsilegt. Bæði hafa þau óheyrilega reynslu af kosningum og klækjum í kringum þær, hún fyrir Ólaf Ragnar Grímsson og Árna Pál Árnason, og hann innan ungliðahreyfingar Sjálfstæðisflokksins.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR





## Spillingin í Hæstarétti og stjórnarskráin

STJÓRNLAGAÞING



**Gísli Tryggvason**
frambjóðandi í NA fyrir Dögun

Blaðamaður Fréttablaðsins sneiðir að mér í þættinum Frá Degi til dags í gær – undir nafni þó. Verra er að blaðamaðurinn, Stígur Helgason, blandar embættisheiti mínu í málið.

Blaðamaðurinn finnur að orðum mínum um að ógilding Hæstaréttar á stjórnlagaþingskosningunum hefði verið „hluti af spillingunni.“ Þetta séu stór orð frá löglærðum manni sem vilji láta kjósa sig á þing.

„Kannski hann ætti að skýra betur hvað hann hefur fyrir sér þegar hann segir svona. Ef það er þá nokkuð.“

Í tilefni lokaorðanna þigg ég auðvitað boð Fréttablaðsins um að skýra málið betur en ég gat á þeim mínútum sem mér buðust í Silfri Egils.

Ógilding stjórnlagaþingskosninganna er einsdæmi enda var þar á einu stigi tekin ákvörðun án möguleika á endurskoðun. Ákvörðun um gildi kosninga til sveitarstjórnar fær t.a.m. meðferð á fjórum stigum. Hæstiréttur braut með ákvörðun sinni gegn tveimur skýrum hæstaréttardómafordæmum um hvað þurfi til svo að kosning sé ógilt vegna formgalla; frá 1982 um að misferli þurfi til og frá 1994 um orsakatengsl.

Nú er rekið fyrir dómi mál gegn fyrrverandi stjórnlagaráðsfulltrúa um þann orðróm að hæstaréttardómari hafi sjálfur samið kæruna í stjórnlagaþingsmálinu. Þar sem Hæstiréttur neitaði að rökstyðja synjun endurupptöku verður ákvörðun hans helst skýrð með annarri spillingu – skipun í Hæstarétt og spilltum ofurkjörum hæstaréttardómara.

Lengst af frá stofnun Hæstaréttar 1920 hefur sami stjórnmálaflokkurinn ákveðið skipun hæstaréttardómara – oft nátengda flokknum – sem flestir hafa komið úr æðstu lögum þjóðfélagsins, gjarnan úr sama menntaskólanum. Einstaka framsóknarmenn og kratar hafa fengið að fljóta með, varla vinstrimenn, sjaldan landsbyggðarfólk en nýverið konur.

Þessi hópur, sem til skamms tíma var aðalumsagnaraðili um nýja hæstaréttardómara, hefur í áratugi með fáum undantekningum, skammtað sér full laun til æviloka með því að biðja ráðherra dómsmála um 65 ára afmælisgjöf: brottrekstur; þá þjóðargjöf hafa ráðherrar gefið.

Nýja stjórnarskráin tekur á þessu öllu; valdastéttin er vanhæf til að semja eigin starfslýsingu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Kristin gildi og lagasetningar

ÍDAG
Lára Magnúsardóttir
Sagnfræðingur



Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins var samþykkt að lagasetning skyldi ávallt taka mið af kristnum gildum og hefðum þegar það á við, en svo var hún svo dregin jafnharðan tilbaka. Gagnrýnendur sögðu það stríða gegn stjórnarskránni að trúarbrögð væru lögð til grundvallar lagasetningu og aðrir töluðu um afturhvarf til miðaldafyrirkomulags. Hvort tveggja er rétt – en þó ekki – en þessi umræða skapar tækifæri til að nefna nokkur atriði sem skipta máli í þessu samhengi.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er ekki getið sérstaklega um bann við trúarlegum grunni lagasetningar, í raun er ekki að finna í henni ákvæði um hvaðan eigi að draga lögin. Ef hugtakið stjórnarskrá er skilið þeim skilningi að einfaldlega sé um að ræða grunnlög í ríki, væri mögulegt að túlka þögn stjórnarskrárinnar um undirstöður lagasetningar sem leyfi til þess að gera nánast hvað sem er. Ef hugtakið er hins vegar sett í samhengi við þá hugmyndafræðilegu og pólitísku þróun sem kennd er við upplýsingarstefnuna er allt annað uppi á teningnum. Samkvæmt henni skal þekkingar leitað með vísindalegum aðferðum, auk þess að lög eigi ávallt að standast þau skilyrði sem tryggja réttindi manna.

Það þarf ekki að skilja svo að stunda þurfi sérstakar vísindarannsóknir í hvert sinn sem lög eru sett, því að þekkinguni sem vísindin afla í háskólunum er miðlað til almennings, meðal annars í gegnum skólakerfið og þeim sem taka pólitískar ákvarðanir er treyst til að beita henni skynsamlega. Þekkingargrunnurinn, aðferðin og lýðræðið eru óaðskiljanleg.

### Reynsluvísindi

Upplýsingarstefnan sem mælir fyrir um vísindi sem þekkingarbrunn þjóðfélags mætti kallast reynsluvísindi í sjálfri sér. Allt frá miðöldum hafði nefnilega verið notuð trúarleg þekkingarfræði, þ.e. litið var á Biblíuna sem undirstöðu allrar þekkingar – af henni voru svo dregnar ályktanir. Í því fyrirkomulagi var markmið stjórnvalda, að því leyti sem þau höfðu áhuga á alþýðu manna, að beina lífi hennar að sem mestri andlegri fullkomnun til þess að opna dyr himnaríkis og eilífs lífs. Markmiðin lágu handan jarðlífsins.

Á 18. öld var hins vegar svo komið að mönnum var ekki aðeins orðið ljóst að lýsingar Biblíunnar á heiminum voru ófullkomnar, heldur voru komnar fram nýjar aðferðir til þekkingaröflunar, nefnilega vísindin. Með breyttum grunni þekkingaröflunar varð mikill viðsnúningur og nýir möguleikar sköpuðust til þess að breyta þjóðfélaginu kerfisbundið með það fyrir augum að skapa veraldleg gæði – gott jarðlíf. Kristni hafði áður verið skilyrði fyrir því að vera fullgildur aðili að þjóðfélaginu en það átti þátt í ójafnræði og takmörkun á möguleikum einstaklinga jafnt sem framþróun ríkis ásamt stéttskiptingu og fleiri atriðum. Algengt er að því sé haldið fram að afskipti kirkju af stjórnmálum einskorðist við miðaldir og kaþólsku kirkjuna. Svo er ekki enda var kirkja hluti af stjórnkerfi Íslands þar til nútímalegu lýðræði var komið á hérlendis með stjórnarskránni 1874.

Nýja fyrirkomulagið leitaðist við að tryggja öllum jafnan rétt til veraldargæðanna með því að leyfa hverjum og einum að eiga sín persónulegu mál, m.a. trúmál, í friði og skapa öllum sömu réttarstöðu. Það þýðir að sömu lög gilda um alla borgara ríkisins. Það er sem sagt hagur allra að lög hafi vísindi að grunni og leiðarljósi en til þess að það sé hægt þarf að tryggja réttindi einstaklinganna og einn af lyklunum að nýja fyrirkomulaginu var að tryggja trúfrelsi. Það leikur enginn vafi á því að íslenska stjórnarskráin er hluti af þessari hefð og stjórnmálaþróun sömuleiðis.

Það er sem sagt búið að læra það af reynslunni að trúarbrögð sem grunnur að stjórnskipulagi og lagasetningu eru takmarkandi fyrir alla aðila.

### Ný aðferð

Þegar ný þekkingarfræðileg aðferð var tekin í notkun varð til sú nýjung í stjórnmálum að hægt er að breyta þekkingargrunninum sem unnið er með án þess að grunnskipulag ríkisins skaðist. Þannig má til dæmis gera uppgötvanir um gang himintungla án þess að réttarkerfið og menn á æðstu stöðum þurfi að hafa af því afskipti. En til að byrja með var upplýsingarstefnan andsnúin trúarbrögðum. Þegar hún barst til Norður-Evrópu varð svo til afbrigði af henni sem hafnaði ekki kristninni trú sem sýnir að hægt er að tryggja réttindi og stuðla að framförum án þess að trúarbrögðum sé hafnað í sjálfu sér. Þannig hafa Norðurlöndin síst vikist frá kröfum nútímaríkis en héldu þó öll ríkiskirkjum um langt skeið án þess að þær rækjust á hið þrískipta vald nútímans. Það er sem sagt ekki aðalatriði að trúarbrögð víki fyrir vísindum á öllum sviðum starfsemi ríkisins, þótt þau séu ekki þekkingarbrunnur lagasetningar.

Talandi um reynslu kynslóðanna. Jafn mikilvægt er að gagnrýni á hugmyndir sé ekki á skjön við þá þekkingu sem liggur fyrir eins og að ekki sé lagt út í grundvallarmistök á borð við samþykkt Sjálfstæðisflokksins sem blessunarlega var afturkölluð. Ein gagnrýni á tillögu landsfundarins var að kristin lagasetning jafnaðist á við að tekin yrðu upp sharialög. Í þessu endurspeglast umræða sem hefur verið háværr víða um lönd undanfarin ár en hefur ekki fundið lendingu, enda skortir í þessa afstöðu að gert sé ráð fyrir þeirri staðreynd að sharialög eru jafnsértækt dæmi úr einstakri menningarsögu eins og leiðin að afnámi trúarlegs þekkingargrunns er í vestrænni sögu. Vegna þess að málin eru alls ekki sambærileg er hætta á að samanburðurinn leiði umræður í ógöngur.

Á hinn bóginn hafa víða komið fram kröfur um að sharialögum verði leyft að gilda innan trúarsafnaða í nágrannalöndum okkar. Þær eru jafnan settar fram í nafni trúfrelsis. Spurningar af þessum toga eru að verða með mikilvægustu pólitísku átakamálum og ekki er ólíklegt að þeirra verði beinlínis spurt á Íslandi í náinni framtíð. Í raun er auðvelt að leiða getur að því að tillagan á landsfundinum hafi verið fyrsta formlega tilraunin hérlendis til þess að nálgast þessa spurningu og gagnrýnin á tillöguna hafi beinst að sama markmiði. Megum við bera gæfu til þess að undirbúa svarið vel til þess að tryggt verði að ein lög haldi áfram að gilda um alla þegna þjóðfélagsins. Það má læra af fortíðinni að svarið liggur nú þegar í stjórnskipan landsins.

> Það er sem sagt búið að læra það af reynslunni að trúarbrögð sem grunnur að stjórnskipulagi og lagasetningu eru takmarkandi fyrir alla aðila.




Viltu **kynnast** viðskiptavinum þínum **enn betur?**

**Opinn morgunverðarfundur Advania föstudaginn 8. mars kl. 8.30 í Guðrúnartúni**

**Framtíðarsýn í verslun og þjónustu**
Lögð verður áhersla á að skyggnast inn í framtíðina hvað snertir nýjungar á sviði afgreiðslulausna, ásamt því sem litið verður á jafn ólíka þætti sem umsjón upplýsingaskjáa og tölfræðivinnslu úr bakkerfum. Fundurinn er ætlaður öllu því góða fólki sem starfar við verslun, viðskipti og þjónustu, ferðamennsku og veitingarekstur.

**Ráðgjafar Advania verða á staðnum**
Strax eftir fundinn gefst færi á að ráðfæra sig við sérfræðinga Advania um nýjungar í afgreiðslu og tengdum lausnum.

**Hvar og hvenær**
Fundurinn verður í höfuðstöðvum Advania, Guðrúnartúni 10, **kl. 09.00 – 11.00**. Húsið opnar kl. 8.30 með hressandi morgunmat, en dagskráin hefst stundvíslega kl. 9.00.

**Skráðu þig núna á advania.is – aðgangur er ókeypis og öllum opinn meðan húsrúm leyfir.**

**Dagskrá:**

**8.30 Húsið opnar**
Magnaður sælkeramorgunverður

**9.00 Advania býður góðan dag**
Gestur G. Gestsson forstjóri Advania

**9.10 Framtíðarsýn í afgreiðslulausnum og sjálfsafgreiðslu**
John Stenby, NCR

**9.30 Nýjungar í afgreiðsluhugbúnaði**
Pétur Þ. Sigurðsson, ráðgjafi hjá LS Retail

**9.50 Snjöll umsjón upplýsingaskjáa**
Kevin Briggs, Netkey – Digital Signage, NCR

**10.10 Viðskiptagreind – Tölulegar upplýsingar úr bakkerfum**
Ragnar Már Magnússon, ráðgjafi hjá Advania

**10.30 Markviss þjónustustjórnun og viðskiptastýring eykur tryggð viðskiptavina**
Lilja Birgisdóttir, verkefnastjóri hjá Sjóvá

**10.50 Nýtt heimili upplýsingatækninnar**
Elísabet Sveinsdóttir, Hjalti G. Hjartarson & Ívar Logi Sigurbergsson, Advania

**11.10 Áætluð fundarlok**



Taktu þátt á Twitter: #Advania

NCR

advania
Welcome to IT

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is


SUÐUR Á BÓGINN Í
EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM
Sala ferða í sumaráætlun Herjólfs hefst í dag kl. 9:00
Sumaráætlun Herjólfs gildir frá 15. maí til 14. september. Sigling til Eyja tekur aðeins rúmlega hálftíma og afþreyingarmöguleikar eru ótal margir fyrir alla fjölskylduna.
Upplýsingar um bókanir og ferðir Herjólfs eru á herjolfur.is sem og allt sem þú þarft að vita um ferðina og þjónustu um borð.
Settu ferð með Herjólfi strax á sumarplanið. Bókaðu far í tíma á herjolfur.is.
Viðburðir í Eyjum í sumar:
Hvítasunnuhelgi: 17.–20. maí
Sjómannadagurinn: 2. júní
Pæjumót: 12.–16. júní
Shellmót: 26.–30. júní
Goslokahátíð: 4.–7. júlí
Icelandair Volcano Open: 4.–7. júlí
Þjóðhátíð: 2.–5. ágúst
Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.herjolfur.is
Fíton / SÍA




# SUMAR

**Fimm ferðir á dag alla daga nema þriðjudaga:**

| | Kl. | Kl. | Kl. | Kl. | Kl. |
|---|---|---|---|---|---|
| Frá Vestmannaeyjum | 08:30 | 11:30 | 17:30 | 17:30 | 20:30 |
| Frá Landeyjahöfn | 10:00 | 13:00 | 16:00 | 19:00 | 22:00 |

**Fjórar ferðir þriðjudaga:**

| | Kl. | Kl. | Kl. | Kl. |
|---|---|---|---|---|
| Frá Vestmannaeyjum | 08:30 | 11:30 | 17:30 | 20:30 |
| Frá Landeyjahöfn | 10:00 | 13:00 | 19:00 | 22:00 |

Ef ekki er hægt að sigla um Landeyjahöfn vegna veðurs eða sjólags áskilur Eimskip sér að fella niður ferðir eða sigla um Þorlákshöfn.
Nýuppfærðar upplýsingar eru ávallt á herjolfur.is

SUMAR ÁÆTLUN 2013

BÓKAÐU NÚNA Á HERJOLFUR.IS, FLJÓTLEGT OG EINFALT

HERJÓLFUR
MILLI LANDS OG EYJA



✝

Elskulegur eiginmaður minn,

**ÁRNI VILHJÁLMSSON**
**fv. prófessor,**
**Hlyngerði 10, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 5. mars.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ingibjörg Björnsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**FRIÐLEIFUR JÓHANNSSON**
**Klapparhlíð 1, Mosfellsbæ,**

lést á Landakotsspítala föstudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 12. mars kl. 13.00.

**Snjólaug Sigurðardóttir**
**Jóhann Sveinn Friðleifsson Íris Stefánsdóttir**
**Sigurður Ingi Friðleifsson Brynhildur Bjarnadóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær frændi okkar,

**HELGI JÓNSSON**
**Hlíðarvegi 29, Kópavogi,**

sem lést á líknardeild Landspítalans 25. febrúar sl. verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 8. mars kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**María Jónsdóttir**
**María Haraldsdóttir**
**Sigurlaug E. Rögnvaldsdóttir**



✝

Ástkæra eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**MATTHEA K. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Laugarnesvegi 87,**

andaðist á heimili sínu laugardaginn 2. mars. Útför hennar verður gerð frá Langholtskirkju mánudaginn 11. mars klukkan 13.00.

**Ingimar Einarsson**
**Guðrún Katrín Ingimarsdóttir Ásgeir Helgason**
**Jóhanna Sigrún Ingimarsdóttir Marinó Flóvent**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, systir og frænka,

**IÐUNN LÚÐVÍKSDÓTTIR**
**Tjarnarbóli 4, Seltjarnarnesi,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt mánudagsins 4. mars.

**Sigurður B. Oddsson**
**Gerður Lúðvíksdóttir**
**Styrgerður Hanna Jóhannsdóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GÚSTAF GÚSTAFSSON**
**Hraunbæ 26,**

lést á heimili sínu föstudaginn 22. febrúar. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Þorgerður Óskarsdóttir Arnór Már Másson**
**Rakel Gústafsdóttir**
**Margrét Gústafsdóttir Aron Þór Jóhannsson**
**Gústaf Hrafn Gústafsson**
**og barnabörn.**



✝

Öllu samferðafólki elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**KRISTBJARGAR GUÐMUNDSDÓTTUR BÖGGU,**
**Hjallabraut 33, Hafnarfirði,**

viljum við, af hjarta, þakka lífsgönguna með henni. Þökkum innilega auðsýndan hlýhug og samúð. Guð blessi ykkur öll.

**Hreiðar, Fríða, Sigurður, Lísa, María Krista, Hrólfur , Dröfn, Katla, Sigurjón, Birna, Knútur, langömmubörnin hennar og aðrir aðstandendur.**



**MIKILVÆG VITUNDARVAKNING** Þóra Sæunn Úlfsdóttir segir mikilvægt að uppgötva málþroskaraskanir hjá börnum snemma til að koma í veg fyrir stærri vandamál í námi hjá einstaklingum í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dagur talþjálfunar í dag

**Félag talkennara og talmeinafræðinga á Íslandi heldur í fyrsta sinn upp á dag talþjálfunar í Evrópu í dag. Þema dagsins í ár er sértæk málþroskaröskun, lestur og skrif.**

„Þetta er í fyrsta sinn sem við gerum okkur dagamun á þessum degi hér á landi og nýtum sem vitundarvakningu á þessum mikilvæga vandamáli," segir Þóra Sæunn Úlfsdóttir talmeinafræðingur en dagur talþjálfunar í Evrópu er haldinn hátíðlegur í dag.

Undanfarin níu ár hefur verið haldið upp á dag talþjálfunar í Evrópu en í ár er þema dagsins sértæk málþroskaröskun, lestur og skrif. Þóra segir mikilvægt að auka meðvitund um málþroskaraskanir í samfélaginu enda vandamál sem verður að uppgötva snemma. „Sumir krakkar eiga erfitt með að læra málið og því er mikilvægt að fylgjast vel með málþroska barna. Ef ekki er gripið inn í snemma getur það orðið að alvarlegu vandamáli sem hefur afleiðingar á námsferil einstaklinga í framtíðinni," segir Þóra sem starfar sem talmeinafræðingur hjá Talþjálfun Reykjavíkur og situr í stjórn Máleflis.

Rannsóknir benda til þess að um 8% barna eru með málþroskaröskun en hún birtist í erfiðleikum í tjáningu, málskilningi eða hvoru tveggja. Börn með sértæka málþroskaröskun þroskast að mestu leyti á dæmigerðan hátt nema á sviði máls og tals. Þau eru með eðlilega heyrn, hreyfingar eru eins og jafnaldra og allur taugaþroski eðlilegur, nema hvað varðar mállega þætti. Mörg þessara barna eiga erfitt með að læra að lesa meðal annars vegna frávika í málþroska og erfiðleika við að tileinka sér undirstöðuatriði lesturs.

„Slagorð dagsins er „mál er máttur" og eru allir talmeinafræðingar hvattir til að vekja athygli á þessum málefnum á sínum vinnustöðum í dag. Svo verður óformlegur hittingur hjá okkur seinni partinn þar sem við getum borið saman bækur okkar. Við stefnum á að halda árlega upp á þennan dag hér eftir með breytilegri dagskrá sem tengist þemanu hverju sinni," segir Þóra en hægt er að fræðast meira um málefnið og daginn sjálfan á vefsíðunum Talmein.is og Malefli.is.

Nemar í talmeinafræði við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman og útbúið kynningarmyndband um málefnið sem hægt er nálgast á Youtube undir slóðinni Youtube.com/watch?v=3YhDZP9NqFQ.

alfrun@frettabladid.is



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI SÍMONARSON**
**lögfræðingur,**
**Hjarðarhaga 44, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 15. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Elías Gíslason Kolbrún Jónsdóttir**
**Ólafur Gíslason Elsa Herjólfsdóttir Skogland**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Steinunn Hildur Ólafsdóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EGILL ÓLAFUR STRANGE**
**módelsmiður,**
**Hjallabraut 33, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 27. febrúar. Útför hans fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 11. mars kl. 13.00.

**Gréta Strange George Hunter Young**
**Sæunn Strange Brian Docherty**
**Victor Strange Anna Berglind Arnardóttir Dungal**
**Egill Strange Sveinbjörg Bergsdóttir**
**Ómar Strange Ingibjörg Ingvadóttir**
**María Strange**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,

**GUÐLAUG HELGA KONRÁÐSDÓTTIR**
**bankamaður,**
**Barmahlíð 28, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 23. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar í Kópavogi.

**Sigtryggur Jónsson**
**Sif Sigtryggsdóttir Snorri Þór Guðmundsson**
**Jón Sigtryggsson**
**Marta Ruth Guðlaugsdóttir Ragnar Hauksson**
**Mikael Jafet Ragnarsson**
**Salomon Konráð Ragnarsson**
**Enok Kristinn Ragnarsson**
**Sverrir Hans Konráðsson Dagný Björk Þórgnýsdóttir**
**Edda Rún Sverrisdóttir**
**Guðrún Lóa Sverrisdóttir**
**Ingi Torfi Sverrisson Hafdís Hafþórsdóttir**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR ARNÓRSDÓTTIR**
**píanókennari,**

andaðist laugardaginn 23. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. mars kl. 15. Það væri í anda Unnar að Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, og Barnaspítali Hringsins fengju að njóta minningar hennar.

**Leifur Bárðarson Vilborg Ingólfsdóttir**
**Finnur Bárðarson Iréne Jensen**
**Margrét María Leifsdóttir Guðmundur Pálsson**
**Diljá Helga, Máni, María og Snorri**
**Inga María Leifsdóttir Kristbjörn Helgason**
**Júlía Helga, Jakob Leifur og óskírður Kristbjarnarson**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. mars 2013 | 5. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## ÓLJÓSAR EÐA LANGSÓTTAR TILLÖGUR

➜ **Allir flokkar vilja lækka skuldir ríkissjóðs**

➜ **Fáar ályktanir samþykktar á landsfundum um niðurskurð en margar um útgjöld**

➜ **Landsfundarmarkmið Sjálfstæðisflokksins kalla á mikinn niðurskurð ríkisútgjalda**

SÍÐUR 4-5

## Alþjóðlegur gagnagrunnur kvenna í stjórnum opnaður

Næstkomandi föstudag, sem er alþjóðadagur kvenna, verður alþjóðlegur gagnagrunnur stjórnarkvenna formlega opnaður. Gagnagrunnurinn, sem heitir á ensku Global Ready Women, er keyrður í samstarfi við LinkedIn. Íslenskar konur munu geta skráð sig í gagnagrunninn hjá Félagi kvenna í atvinnulífinu (FKA), en um 500 þúsund fyrirtæki og stofnanir alls staðar í heiminum munu hafa aðgang að upplýsingum sem þar er að finna.

Í fréttatilkynningu frá FKA segir að tilgangur gagnagrunnsins sé annars vegar að auðvelda fyrirtækjum að finna konur sem eru fúsar og hæfar til stjórnarsetu. Hins vegar á hann að gera þeim konum sem vilja koma sjálfum sér og þekkingu sinni á framfæri vettvang til að gera slíkt. „Íslenskar stjórnarkonur horfa nú í mun meiri mæli til stjórnarsetu í erlendum fyrirtækjum enda leitast nú æ fleiri alþjóðleg félög við að jafna hlutföll kynja í stjórnum sínum og sækjast eftir sérfræðiþekkingu og ferskri sýn stjórnarmanna óháð þjóðerni,“ segir enn fremur í tilkynningunni. Lög um jöfnun kynjahlutfalla í stjórnum stórra íslenskra fyrirtækja munu taka gildi 1. september næstkomandi.

- þsj

## Seðlabankastjóri hyggst ráða sér aðstoðarmann á næstunni

Seðlabankinn hefur auglýst laust starf aðstoðarmanns seðlabankastjóra. Um er að ræða nýtt starf í skipuriti bankans en að sögn Stefáns Jóhanns Stefánssonar, ritstjóra Seðlabankans, hefur bankanum verið heimilt að ráða í starfið um hríð en ekki nýtt heimildina fyrr en nú.

Meðal verkefna sem aðstoðarmaðurinn mun taka að sér má nefna aðstoð við undirbúning á ritun ræða, greina, erinda og annars efnis, samskipti við aðila sem koma til fundar við seðlabankastjóra og skipulagning þátttöku hans í ráðstefnum og fundum.

Gerðar eru þær hæfniskröfur til umsækjenda að þeir hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi, þekkingu á hagfræðilegum hugtökum, mjög góða íslensku- og enskukunnáttu auk þess sem geta til að skrifa á dönsku, norsku eða sænsku er talinn kostur. Umsóknarfrestur er til 17. mars næstkomandi.

- mþl


Magnað tilboðsverð á Dell tölvum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast. Verð með vsk.

Hagkvæm og áreiðanleg
Dell Optiplex 3010 borðtölva er vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.
Verð áður: ~~179.090~~ kr.
Verð nú: 109.990 kr.





Öflugur vinnuhestur á góðu verði
Dell Latitude E5430 fartölva er með styrkta umgjörð og hentar því vel fólki á ferðinni.
Verð áður: ~~266.090~~ kr.
Verð nú: 169.990 kr.



Endingargóð fyrir kröfuharða
Dell Latitude E6430 fartölva er með styrkta umgjörð og hágæða 9 cellu rafhlöðu.
Verð áður: ~~319.990~~ kr.
Verð nú: 204.990 kr.

Nánari upplýsingar má finna á www.advania.is/tilbod, í síma 440 9010 eða í tölvupósti á sala@advania.is

advania
Welcome to IT

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Eru tímaritin að deyja?

Því hefur stundum verið spáð að hin prentaða útgáfa muni smám saman líða undir lok eftir því sem hlutur hinna rafrænu miðla eykst. En hefur það verið tilfellið? Svo vill til að Hagstofan hefur frá árinu 1975 haldið utan um fjölda útgefinna tímarita á Íslandi. Nýjustu tölur frá árinu 2010.

Sé litið til útgáfu íslenskra viku-, hálfsmánaðar- og mánaðarblaða má raunar sjá að fjöldi útgefinna tiltla hefur haldist nokkuð stöðugur frá síðari hluta 9. áratugar seinustu aldar. Útgáfan virðist því ekki vera að dala.




### Útgefin tímarit á Íslandi:

En hvaða blöð eru þetta? Ef við skoðum til dæmis vikublöðin kemur á daginn að stærsti hluti þeirra eru svokölluð landshluta- og staðarblöð, en vikublöð á landsvísu hafa raunar aldrei verið mörg hér á landi. Landshlutablöðin virðast hins vegar enn standa fyrir sínu.




Heimild: Hagstofa Íslands

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 6. mars**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshl.
- Vöruskipti við útlönd feb. 2013 bráðabirgðat.
- Gisinætur og gestakomur á hótelum í jan. 2013
- Aðalfundur Samtaka Atvinnulífsins
- Aðalfundur Marel

**Fimmtudagur 7. mars**
- Útskrifaðir nemendur úr framhalds- og háskólum 2010-11

**Föstudagur 8. mars**
- Landsframleiðsla 2012
- Vísitala launa á 4. ársfj. 2012
- Útboð ríkisbréfa
- Íslenski fjárstýringardagurinn

**Þriðjudagur 12. mars**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðahúsnæði Eftir landshl.
- Fjármál hins opinbera 2012
- Efnahagslegar skammtímatölur í mars 2013

**Miðvikudagur 13. mars**
- Útboð ríkisvíxla
- Skattskil einstaklinga- fundur VÍB um skattskil
- Aðalfundur Icelandair Group

**Fimmtudagur 14. mars**
- Vísitala launakostnaðar á 4. ársfj. 2012

**Föstudagur 15. mars**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í febrúar 2013
- Greiðslujöfnunarvísitala í apríl 2013
- Vísitala kaupmáttar launa í febrúar 2013
- Mánaðarleg launavísitala í febrúar 2013
- Útboð Ríkisbréfa

**Mánudagur 18. mars**
- Samræmd vísitala neysluverðs í febrúar 2013

**Þriðjudagur 19. mars**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Velta skv. Virðisaukaskattsskýrslum jan. til des. 2012
- Miðvikudagur 20. mars
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir apríl 2013
- Verðmæti sjávarafla jan. til des. 2012
- Vaxtaákvörðunardagur SÍ

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

# Burlington selur fyrir 56 milljarða

***Stærsti kröfuhafi Glitnis hefur selt kröfur fyrir tugmilljarða. Annar vogunarsjóður, Silver Point, hefur bætt við sig kröfum upp á 37,3 milljarða króna. Ekki miklar breytingar hjá Kaupþingi.***

**KRÖFUHAFAR**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Burlington Loan Management, stærsti einstaki kröfuhafi Glitnis, hefur selt kröfur fyrir 56 milljarða króna frá því í lok nóvember. Það eru rúmlega 30 prósent þeirra krafna sem sjóðurinn átti. Burlington er írskt skúffufélag sem er fjármagnað og stýrt af bandaríska sjóðsstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner. Burlington er einnig á meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings, á kröfur á Straum, er á meðal stærstu eigenda Klakka (áður Exista) og á stóran hlut í Bakkavör. Félagið hefur því verið einn umsvifamesti leikandinn á hinum íslenska hrun-eftirmarkaði. Kröfur á föllnu íslensku bankanna hafa allt að nífaldast í verði frá því í lok árs 2008.

Þann 20. nóvember síðastliðinn átti Burlington samþykktar kröfur á Glitni fyrir 190,7 milljarða króna. Það gerði félagið að langstærsta einstaka eiganda krafna í þrotabú bankans með 8,5 prósent af samþykktum kröfum. Samkvæmt yfirliti yfir stærstu kröfuhafa Glitnis í byrjun mars, sem Markaðurinn hefur undir höndum, á Burlington nú 134,5 milljarða króna af kröfum á Glitni, eða 5,92 prósent. Félagið er enn stærsti kröfuhafi bankans en litlu munar á því og þeim sem kemur næstur. Samkvæmt heimildum




**EIGENDUR** Bæði Glitnir og Kaupþing hafa lagt fram nauðasamninga sem bíða samþykkis Seðlabanka Íslands. Verði þeir samþykktir munu kröfuhafar bankanna tveggja eignast þá að fullu. Stærstu íslensku eignir þeirra eru Íslandsbanki og Arion banki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Markaðarins er ástæða þess að kröfuupphæðin hefur dregist svona mikið saman sú að Burlington hefur selt gríðarlega mikið af kröfum, enda voru enginn ágreiningur um kröfur sjóðsins.

Vogunarsjóðurinn Silver Point Luxemborg Platform hefur á sama tímabili aukið kröfur sínar um 37,3 milljarða króna, eða um tæp 40 prósent. Alls á sjóðurinn nú kröfur á Glitni fyrir 130,6 milljarða króna og er orðinn næststærsti kröfuhafi bankans. Þá vekur athygli að enn einn vogunarsjóðurinn, Owl Creek Investments, hefur minnkað stöðu sína um meira en helming. Kröfufjárhæð hans fer úr 69,4 milljörðum króna í 33 milljarða króna.

Heimildir Markaðarins herma að ekki hafi verið jafn miklar breytingar á kröfuhafahópi Kaupþings á undanförnum mánuðum. Þar hafi hluti stærstu kröfuhafanna bætt við sig en aðrir minnkað. Viðmælendur Markaðarins segja að svo virðist vera sem stórir kröfuhafar sem voru með stórar kröfur á báða bankana séu að taka ákvörðun um að einbeita sér meira að öðrum hvorum.

### BURLINGTON LOAN MANAGEMENT

**190,7** milljarðar er upphæð þeirra krafna sem félagið átti 20. nóvember 2012.

**134,5** milljarðar er upphæð þeirra krafna sem það á í dag.

**5,92%** er hlutfall samþykktra krafna á Glitni sem Burlington á.

**109** milljarðar er umfang krafna Burlington á Kaupþing.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 62888 02/2013




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó við kunnum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við um hvað starfið snýst.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að mikilli reynslu á sviði orku og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi og þörfum fyrirtækja í orkugeiranum. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

**Hjörtur Þór Steindórsson hefur margra ára reynslu á sviði orkumála, bæði innanlands og erlendis.**

**Hjörtur er viðskiptastjóri Orkuteymis Íslandsbanka.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Íslandsbanki vill betri kjör í útgáfu

*Arion var fyrstur til að gefa út erlend skuldabréf síðan 2007. Íslandsbanki ætlar ekki að gefa út á sömu kjörum.*

**FJÁRMÁLAMARKAÐUR**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Íslandsbanki mun ekki ráðast í útgáfu skuldabréfa erlendis á sömu kjörum og Arion banki. Þetta segir Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans. Arion banki seldi skuldabréf fyrir 500 milljónir norskra króna, um 11,2 milljarða íslenskra króna, í þarsíðustu viku. Um var að ræða fyrstu erlendu skuldabréfaútgáfu íslensks fjármálafyrirtækis síðan 2007. Vextir bréfanna eru fljótandi fimm prósent ofan á NIBOR og lokagjalddagi útgáfunnar er árið 2016. Í dag eru þeir því rúmlega sjö prósent.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir ólíklegt að hægt verði að lána það fé sem fæst með útgáfunni út með ágóða. Hún sé hins vegar viðmiðunarútgáfa (e. benchmark) og sendi út skýr skilaboð.

Jón Guðni segist fagna útgáfu Arion banka. Með því væri ákveðinn ís brotinn fyrir íslensk fjármálafyrirtæki. Hann segir klárt að Íslandsbanki sé að horfa til erlendrar útgáfu. Bankinn ætli sér hins vegar frekar að gefa út á Evrópumarkaði en á Norðurlöndunum. Það geti tekið þrjá til níu mánuði að klára slíka útgáfu eftir að ákvörðun um hana liggur fyrir, en Íslandsbanki hefur notið ráðgjafar UBS bankans vegna hennar.

Í svari Landsbankans við fyrirspurn Markaðarins kemur fram að Landsbankinn sé með langtímafjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Hann muni því að óbreyttu ekki leita að erlendri endurfjármögnun fyrr en á árinu 2015 og muni „að sjálfsögðu skoða hvort hagkvæmt sé að ráðast í slíka endurfjármögnun fyrr“.



**HORFA ANNAÐ** Íslandsbanki ætlar að reyna að gefa út erlend skuldabréf á Evrópumarkaði, ekki Norðurlandamarkaði. Birna Einarsdóttir er bankastjóri Íslandsbanka og Jón Guðni Ómarsson er framkvæmdastjóri fjármálasviðs hans.

Gengismál og samþykki Seðlabanka flækti sölu:

## HS Orka borgar 150 milljónir króna í arð

Orkufyrirtækið HS Orka hagnaðist um 5,5 milljarða króna á síðasta ári. Það var mikill viðsnúningur frá árinu áður þegar fyrirtækið tapaði 937 milljónum króna. Heildarhagnaðurinn er að mestu tilkominn vegna þess að orkuver HS Orku voru endurmetin í lok síðasta árs. Það endurmat hækkaði virði um 6,1 milljarð króna. Auk þess var hagnaður af reglulegri starfsemi um 600 milljónir króna. Mismunurinn skýrist af skattgreiðslum.

Vegna þessa lagði stjórn HS Orku til að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur út 150 milljóna króna arður vegna frammistöðu síðasta árs. Eigendur HS Orku eru tveir. Annars vegar á Magma Energy Sweden, dótturfélag í eigu Alterra Power, 66,6 prósenta eignarhlut. Hins vegar á Jarðvarmi, samlagsfélag í eigu nokkurra lífeyrissjóða, 33,4 prósenta hlut.



Eigandi Ross Beaty stýrir Alterra Power og Ásgeir Margeirsson er stjórnarformaður HS Orku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hópur innlendra fjárfesta gerði tilboð í hlut Alterra í fyrrasumar. Markaðurinn greindi frá því í janúar síðastliðnum að þeim viðræðum væri lokið og að kaupin yrðu ekki að veruleika. Fimm dögum eftir þá frétt tilkynnti Alterra, sem er skráð í kauphöllina í Toronto, að viðræðurnar hefðu flækst vegna gengismála og vegna þess að þær hefðu krafist samþykkis frá Seðlabanka Íslands. Alterra hefur ekki staðfest opinberlega að þeim sé lokið. **- þsj**




# 17,3 milljarða skuld vegna öfugra samruna

*Endurgreiðslur í ríkissjóð vegna skuldsettra yfirtakna munu hlaupa á tugum milljarða. Enn á eftir að endurleggja á stór félög og því viðbúið að talan hækki. Háar upphæðir mögulega fyrndar.*

**SKATTAMÁL**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Endurálagning vegna gjaldbreytinga sem embætti ríkisskattstjóra (RSK) sendi út í lok síðasta árs nam 7,5 milljörðum króna. Á árinu 2011 nam hún 5,9 milljörðum króna og 3,8 milljörðum króna árið 2010. Því er ljóst að endurálagningin gæti skilað 17,3 milljörðum króna í ríkiskassann á þremur árum ef allir sem verða fyrir henni geta greitt.

Endurálagningin er, meðal annars, vegna svokallaðra öfugra samruna við skuldsettar yfirtökur. Hæstiréttur staðfesti síðastliðinn fimmtudag dóm Héraðsdóms Reykjavíkur varðandi öfugan samruna við kaup á Toyota-umboðinu í byrjun árs 2006. Samkvæmt dómnum þarf Toyota að greiða 93 milljónir króna í ógreidda skatta. Dómurinn hefur skýrt fordæmisgildi að mati Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra. Hann segir enn fremur að beðið hafi verið með að ljúka fjölda mála þar til niðurstaða fengist í Toyota-málið. Unnið verður að því að loka þeim á þessu ári. Sum þeirra eru mjög stór.

Á meðal þeirra eru Skipti, móðurfélag Símans. Þegar Síminn var seldur til Skipta frá ríkinu fyrir 66,7 milljarða króna haustið 2005 tók félagið sambankalán fyrir kaupunum. Í desember sama ár var Skiptum, Símanum og Íslenska sjónvarpsfélaginu (sem átti og rak Skjá einn) rennt saman í eitt félag með öllum eignum og skuldum. Í mars 2007 var félaginu síðan skipt upp í eitt móðurfélag, sem hét Skipti, og þrjú dótturfélög.

Í uppgjörum Skipta hefur vaxtakostnaður vegna yfirtökulánsins verið talinn frádráttarbær frá hagnaði og þar með lækkað skattgreiðslur félagsins umtalsvert. Þetta taldi RSK ekki heimilt. Fréttablaðið greindi frá því í janúar 2012 að áætlað hefði verið að Skipti hafi skuldað á bilinu 800 til 1,8 milljarða króna í ógreidda skatta vegna þessa. Ástæða þess að ekki var um fasta tölu að ræða er að túlkun á meðhöndlun á gengistapi og -hagnaði getur skipt máli fyrir endanlega niðurstöðu.

Skiptum barst ekki tilkynning um endurákvörðun fyrir síðustu áramót og því gæti hluti hinna vangoldnu skatta félagsins, vegna ársins 2006, verið fyrndur. Fjármagnsgjöld samstæðunnar á því ári voru samtals 8,9 milljarðar króna. Þau gerðu það að verkum að tap félagsins var 3,6 milljarðar króna þrátt fyrir að rekstrarhagnaður hafi verið 4,5 milljarðar króna.

Annað félag sem fékk háa endurálagningu á sig vegna öfugs samruna var Húsasmiðjan. Alls var endurálagningin á það 677 milljónir króna vegna rekstraráranna 2005-2009. Skuldin var skilin eftir, ásamt eignum til að mæta henni, á gömlu kennitölu Húsasmiðjunnar þegar rekstur hennar var fluttur yfir á nýja og í kjölfarið seldur dönsku byggingavörukeðjunni Bygma.

Dómur Hæstaréttar er einnig talin munu hafa mikil áhrif innan sjávarútvegsgeirans. Á árum áður voru mörg fyrirtæki sem áttu kvóta keypt með skuldsettri yfirtöku og útgerðin sjálf hefur síðan verið látin greiða fjármagnskostnaðinn af kaupunum. Hann hefur síðan verið dreginn frá skatti. Skúli Eggert vill ekki tjá sig um hversu háar upphæðir það eru sem enn á eftir að leggja á félög. „Það skiptir ekki máli hversu háar tölur þetta verða heldur að þetta sé einfaldlega rétt.“

Hann telur þó að stærsti hluti upphæðanna sem hafa verið endurálagðar muni skila sér í ríkiskassann. Það sé þó tollstjórans að innheimta. „Stærsti hlutinn er á lifandi fyrirtæki og einstaklinga. Ég reikna með því að stærsti hluti þessara upphæða skili sér í ríkiskassann. Það er ekki verið að leggja á í neinu magni á dauð félög.“



**FORDÆMI** Athafnamaðurinn Magnús Kristinsson keypti Toyota-umboðið í byrjun árs 2006. Í kjölfarið sameinaðist félag Magnúsar Toyota og skuldir vegna kaupanna urðu skuldir rekstrarfélagsins. Fjármagnskostnaður var síðan dreginn frá skatti. Hæstiréttur hefur dæmt að það hafi ekki mátt og gert Toyota að endurgreiða 93 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### YFIRFÆRANLEGT TAP LÆKKAÐ UM 50 MILLJARÐA

Til viðbótar við gjaldabreytingarnar sem lagðar hafa verið á félög þá hefur ríkisskattstjóri lækkað yfirfæranlegt tap sem þau ætluðu að nýta sér til skattafrádráttar. Á árinu 2011 var það lækkað um 46,7 milljarða króna. Í fyrra bættust 2,8 milljarðar króna við. Alls hefur yfirfæranlega tapið því verið fært niður um tæpa 50 milljarða króna á tveimur árum.

Ástæða þess að upphæðin var jafn há og raun ber vitni árið 2011 er að fjölmörg félög sem fóru illa út úr bankahruninu, en hafa síðan verið fjárhagslega endurskipulögð og verið haldið lifandi þrátt fyrir að bera ekkert nema tap, hafi ætlað að nýta það til frádráttar. Því hefur ríkisskattstjóri hafnað.



## SKÁK OG MÁT

**Skáksýning í anda Bobby Fischers verður formlega opnuð á föstudaginn kl. 16.00 á Icelandair hótel Reykjavík Natura. Fischer hefði orðið sjötugur á laugardaginn en sýningin er í tengslum við „Einvígi aldarinnar“ árið 1972. Sjá má skákborð og ýmsa muni sem tengjast skáklistinni.**




FRÁBÆRIR ÍÞRÓTTAHALDARAR

Misty - fyrir allar konur

teg AKTIV - fæst í D,DD,E,F,FF,G,GG,H skálum á **kr. 9.750,-**

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




**JAROON NUAMNUI** eldar eftir hefðum Sukhothai-héraðsins í Norður-Taílandi, en þar eru heimahagar hennar.

MYND/VILHELM

# HALDIÐ Í HEFÐIRNAR

**NAREE THAI KYNNIR** *Mæðgurnar Jaroon og Sukanya Nuamnui opnuðu Naree Thai fyrir ári. Vefsíðan tripadvisor.com mælir með staðnum.*

Jaroon Nuamnui sér um alla matseld á veitingastaðnum Naree Thai ásamt dóttur sinni, Sukanya, en þær mæðgur opnuðu staðinn fyrir ári á Frakkastíg 12. Jaroon opnaði sinn fyrsta veitingastað fyrir tíu árum þegar hún setti á fót Menam á Selfossi. Menam naut strax mikilla vinsælda og er matseðillinn þar byggður á eldamennsku Jaroon þó að hún reki ekki staðinn lengur.

Jaroon eldar allt frá grunni eftir aldagömlum hefðum í heimahéraði sínu, Sukhothai í Norður-Taílandi.

„Við notum alltaf besta fáanlega hráefnið og eingöngu ferskt grænmeti,“ segir Jaroon. „Við notum ekkert MSG og höldum okkur við holla matreiðslu. Við gerum allt frá grunni og bökum meðal annars sjálfar kökur í eftirrétti. Hjá okkur er einnig hægt að fá alla rétti á matseðlinum sem grænmetisrétti. Margir vilja sterkan karrírétt en borða ekki kjöt og þá er lítið mál að fá kjúklingarétti breytt í tófúrétt,“ segir Jaroon.

„Í hádeginu á virkum dögum er hægt að fá ódýra rétti frá 990 krónum, til að taka með og til að borða á staðnum. Það er líka mjög vinsælt af smærri hópum að panta veislur hjá okkur.“

Jaroon segir Naree Thai hafa fengið góðar viðtökur. Þá hafi gestagangurinn aukist eftir að staðurinn fékk meðmæli tripadvisor.com.

„Það hefur haft sitt að segja. Við fáum mjög mikið af erlendum ferðamönnum en Íslendingar eru líka að komast á bragðið.“

**NAREE THAI**

*Frakkastíg 12,*
*101 Reykjavík.*
*Sími 552 9944*
*www.nareethai.is.*
*Naree Thai er einnig á Facebook.*


OPIÐ HÚS Í MK

Í dag 6. mars kl. 16.00–18.00



Félagsfræðabraut
Málabraut + ferðagreinar
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Framhaldsskólabraut

Ferðamálanám
Hótelstjórnunarnám
Leiðsögunám
Matartæknanám
Matsveinanám
Meistaranám í matvælagreinum
Skrifstofu- og fjármálagreinanám
Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari
Framreiðsla - þjónn
Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla - kokkur

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn

Digranesvegi 51
sími 594 4000
www.mk.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

AÐALFUNDUR



Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn mánudaginn 18. mars 2013 kl. 20.
Fundurinn verður haldinn að Grettisgötu 89 1. hæð (BSRB húsið, horni Grettisgötu og Rauðarárstígs).

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf,
lagabreytingar.

ÚTIVIST



Við flytjum þér góðar fréttir

Póstdreifing

Sími 585 8300 | www.postdreifing.is



## NÁM Í DANMÖRKU

HJÁ VIA UNIVERSITY COLLEGE Í HORSENS BJÓÐUM VIÐ UPP Á MARGVÍSLEGA MENNTUN

**Í BOÐI ER:**

**Á ENSKU OG DÖNSKU**
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

**Á ENSKU**
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- BS í Markaðsfræði

**Á DÖNSKU**
- Véltækni
- Landmælingar
- Vöruþróun og tæknileg sameining
- Aðgangsnámskeið

Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi 8.-15. mars.
Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715, eða netfang jee@viauc.dk.
Leggið inn skilaboð/skrifa og við munum hringja/skrifa til baka

**VIAUC.DK/HORSENS**

**VIA UNIVERSITY COLLEGE**
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk

VIA UNIVERSITY COLLEGE




**FJÖLSKRÚÐUGT MANNLÍF** „Ég hef aldrei upplifað eins mikinn fjölbreytileika af fólki, tísku eða arkitektúr," segir Marý.

# MEÐ SAND Á MILLI TÁNNA Í SÓLINNI

**KALIFORNÍUSÓL** *Ólöf María Ólafsdóttir eða Marý eins og hún er kölluð nýtur sólarinnar í Kaliforníu þar sem hún byrjar daginn á ströndinni. Áður bjó hún í Stokkhólmi og segist sakna norðlægra slóða þrátt fyrir alla sólina.*

Ég byrja daginn með því að skokka á ströndinni eða fer í hjólatúr og stundum förum við í strandtennis eða skjótum á körfu áður en vinnan á skrifstofunni tekur við. Svo brjótum við upp daginn á útikaffihúsum, borðum góðan mat með góðu fólki og um helgar keyrum við oft eitthvað út fyrir borgina." Svona lýsir Marý vöruhönnuður, lífi sínu þessa dagana en hún og kærastinn fluttu til Kaliforníu síðasta haust og búa í Los Angeles. Áður höfðu þau búið í Stokkhólmi í fjögur ár og þó ótrúlegt kunni að hljóma þá segir hún þau sakna Stokkhólms. „Líklega förum við til baka eftir eitt ár hér, til að vera nær vinum og fjölskyldu. Við fluttum til Kaliforníu þegar kærastinn fékk vinnu og ég er svo heppin að geta unnið hvar sem er. Áður en ég vissi af var ég komin í hin og þessi verkefni svo við verðum öruggléga með annan fótinn hér áfram þó við flytjum aftur," segir Marý. „Það opnast margar dyr við að vera hérna og það víkkar sjóndeildarhringinn mikið, sem er mjög þroskandi og hollt. Tímamismunurinn þvælist reyndar stundum fyrir en það eru níu klukkustunda mismunur milli LA og Stokkhólms."

Marý segir fólksflóruna fjölbreytta í borginni og hún kunni afar vel við sig. „Ég hef aldrei upplifað eins mikinn fjölbreytileika af fólki, tísku eða arkitektúr. Maturinn er góður, hollur og ferskur og búðirnar eru líka allt í bland, frá kraðakslegum second-hand búðum til nýtísku stíliseraðra verslana," segir hún.

En hefur hún lent í einhverjum ævintýrum í borg englanna? „Ja, eftirminnilegast er þegar við fórum í jólapartí Happy Madison, sem er útgáfufyrirtæki leikarans Adams Sandler. Þar komu fram helstu tónlistarhetjur mínar frá fyrri árum eins og meðlimir úr Fleetwood Mac, Rage against the machine, Alice in chains og svo Billy Idol og Vanilla Ice. Það var mjög gaman að upplifa allt þetta."

■ **heida@365.is**



**LJÚFIR MORGNAR** Ekki amalegt að byrja daginn á morgunskokki um hvíta sandströndina en það gerir Marý nánast á hverjum morgni. MYND/MARÝ




**GÓÐUR MATUR** Marý segir auðvelt að nálgast hollan og ferskan mat í borginni.



**LITSKRÚÐUGT HÚSASUND** Marý er gjarnan með myndavélina á lofti á gönguferðum.



**KANN VEL VIÐ SIG** Vöruhönnuðurinn Marý flutti frá Stokkhólmi til Kaliforníu í sólina í haust. Þar sinnir hún ýmiss konar verkefnum en forvitnast má um hönnun Marý á www.mary.is


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*




## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

***75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.***

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi orn@365.is

*Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.*

FRÉTTABLAÐIÐ

**Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup nóv.-sept. 2012


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


Fáðu þér
Mars
í mars
og styrktu Mottumars átak
Krabbameinsfélagsins
5 kr af hverju seldu Mars 51 gr. og 70 gr. renna til
verkefnisins Mottumars, átak Krabbameinsfélagssins.



NÁM Í DANMÖRKU

Á VIA UNIVERSITY COLLEGE,
BJÓÐUM VIÐ UPP Á FJÖLDA NÁMSKEIÐA

Í BOÐI ER:

| Á ENSKU OG DÖNSKU | Á ENSKU | Á DÖNSKU |
|---|---|---|
| - Byggingaiðnfræði | - Alþjóðleg viðskiptafræði | - Aðgangsnámskeið |
| - Byggingafræði | - Framleiðslutæknifræði | - Kort og landmælinga tækni |
| - Byggingatæknifræði | - Tölvutæknifræði | - Véltæknifræði |
| - Efnistæknifræði | - Útflutningstæknifræði i | - Véltækni |
| - Markaðshagfræði | | - Vöruþróun og tæknileg sameining |
| - Véltæknifræði | | |

Þessi námskeið eru í boði í Aarhus, Herning, Holstebro og Horsens

**KYNNINGARDAGUR – HÓTEL SÖGU Í REYKJAVÍK:**
Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi laugardaginn 9. mars 2013, frá 11-16. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715. Leggið inn skilaboð og við munum hringja til baka

**VIAUC.DK/HORSENS**

**VIA UNIVERSITY COLLEGE**
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens

Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk




# HEILLANDI FUGLAR

**BRÉFDÚFUSPORT** *Eiríkur Ingi Kristinsson hefur heillast af dúfum frá unga aldri. Hann stundar nú bréfdúfusport af kappi og ræktar skrautdúfur með.*

Ég var með skrautdúfur strax sem gutti, aðeins fimm, sex og sjö ára gamall,“ segir Eiríkur Ingi Kristinsson sem alltaf hefur heillast af dúfum en gerði hlé á dúfueign í fjöldamörg ár. „Ég byrjaði aftur að rækta skrautdúfur haustið 2008 þegar við fluttum inn dúfur frá Ameríku. Í framhaldi af því kynntist ég Þjóðverja sem kynnti mig fyrir bréfdúfusportinu og þá varð ekki aftur snúið,“ segir hann. Bréfdúfurnar eru nú í aðalhlutverki hjá Eiríki enda á hann í kringum fimmtíu slíkar en aðeins um tíu skrautdúfur. „Bréfdúfurnar eru heillandi. Þær eru afar ratvísar og mun skynsamari en skrautfuglarnir,“ segir Eiríkur og viðurkennir að töluverður tími fari í sportið. „Ef maður ætlar að ná árangri í bréfdúfukappflugi þarf maður að sinna þessu þrjá til fjóra tíma á dag. Fyrir utan að fóðra fuglana þarf að hreyfa þá, og á hákeppnistímabili þarf að hreyfa þá einu sinni til tvisvar á dag,“ segir hann. Einu sinni til tvisvar í viku ekur hann fuglunum einhverja vegalengd og lætur þá fljúga heim.

Eiríkur segir talsverða vakningu hafa orðið í bréfdúfusportinu frá árinu 2008. „Við erum í kringum tuttugu sem erum í keppnishugleiðingum,“ segir hann en sumarið er erilsamt hjá bréfdúfueigendum. „Keppnir byrja í lok maí og standa fram í september. Haldin er keppni um hverja helgi, fyrst fyrir fullorðna fugla og í lok sumars keppni fyrir unga.“

Eiríkur segir heilmikinn félagsskap í kringum sportið. „En þetta er líka kapp og menn eru að metast um fuglana,“ segir hann glettinn en mismunandi meiningar eru um hvaða fuglar séu bestir og hvernig sé best að þjálfa þá.

Eiríkur segir dúfur geta lifað í allt að tuttugu ár. Í varpið nýtist þær þó ekki nema í kringum tíu ár. En tengist hann þeim tilfinningaböndum? „Hver og einn fugl hefur sinn karakter, sumir eru gæfari en aðrir og þannig tengist maður þeim meira. Maður má þó ekki tengjast þeim of mikið því á endanum þarf maður að aflífa þá,“ svarar Eiríkur.

**solveig@365.is**



**SKRAUTDÚFUR** Eiríkur á um fimmtíu bréfdúfur og tíu skrautdúfur. Hér er hann með tvær fallegar skrautdúfur en bréfdúfurnar segir hann vera gáfaðri og skemmtilegri. MYND/VILHELM

# HEIMSLIST Í HÆTTU

*Heimsþekkt listaverk sem prýða leifar Berlínarmúrsins eru í hættu þar sem borgaryfirvöld hyggjast brjóta hluta múrsins til að rýma fyrir íbúðablokk.*

Hinn 1,3 km langi bútur af Berlínarmúrnum sem teygir sig frá Ostbahnhof að Oberbaumbrücke í Berlín er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í borginni. Hann er einnig lengsti bútur Berlínarmúrsins sem enn er uppistandandi. Árið 1990 tóku alþjóðlegir listamenn sig til og stofnuðu East Side Gallery í kringum vegginn sem skreyttur er myndum eftir heimsþekkta listamenn.

Nú steðjar hætta að þessu útilistaverki því borgaryfirvöld hafa leyft byggingu blokkar sem krefst þess að hluti af múrnum verði rifinn. Blokkin verður 63 metra há og mun hýsa 36 glæsiíbúðir auk skrifstofa. Frá þessu greinir fréttavefur Guardian.

Fjölmargir hafa mótmælt byggingunni og telja að hún muni eyðileggja fagurfræðilegt gildi múrsins sem um 800 þúsund ferðmenn heimsækja árlega. Þá vilja mótmælendur einnig meina að þetta niðurrif móðgi þá fjölmörgu sem dóu á þessum stað.

Meðal verka sem munu hverfa er frægt verk eftir Thierry Noir. Það sýnir fyrrum leiðtoga Sovétríkjanna og Austur-Þýskalands, Leonid Breznev og Erik Honecker, að kyssast. Noir gekk til liðs við mótmælendur í vikunni til að berjast fyrir varðveislu listaverks síns.

**- sg**



**ÓSÁTTUR LISTAMAÐUR** Thierry Noir við eitt af listaverkum sínum sem prýða Berlínarmúrinn. NORDICPHOTOS/GETTY


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# NUTRILENK

NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN






Skráðu þig á facebook síðuna

Nutrilenk fyrir liðina

*- því getur fylgt heppni!*

# Brjóskskemmdir í hné hömluðu hreyfingu

## Fyrir átta árum var ég í veiði - datt og laskaðist á hné.

Brjóskskemmdir urðu til þess að ég hætti að geta gert ýmsa hluti sem ég gat áður eins og að hlaupa og öll almenn leikfimi varð ofraun fyrir hnéð.

Ég starfa mikið við kennslu/þjálfun sem kostar miklar stöður, átti hnéð til að bólgna mikið upp. Góður vinur benti mér svo á **NutriLenk Gold.**

### Fór strax að geta reynt á hnéð eftir að ég byrjaði á NutriLenk

Nánast strax eftir að ég fór að nota NutriLenk fann ég mikinn mun, fór strax að geta reynt meira á hnéð. Nú get ég æft af fullri ákefð eins og mér einum er lagið og er ekkert mál að þola langar stöður þegar ég er að kenna og þjálfa.

Það er klárt mál að þetta efni er að virka, því ef ég sleppi að taka það inn þá finn ég aftur fyrir óþægindum í hnénu.

Ég mæli eindregið með því að fólk prófi NutriLenk sem er að kljást við liðverki og brjóskskemmdir og finni hvort að það virki. Þetta er toppefni og náttúrulegt í þokkabót.

*Jón Halldórsson*
*- Dale Carnegie þjálfari / ráðgjafi. 42 ára*



PRENTUN.IS

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og með árunum getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnjáliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður — Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.

**Prófið sjálf-upplifið breytinguna!**

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**



NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Uppgjör & skattskil
Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir fyrirtæki, einstaklinga, húsfélög og félagasamtök.
Vönduð og fagmannleg vinnubrögð á sanngjörnu verði.
577-3434 | uppgjorogskattskil.is

Öll bókhaldsþjónusta, VSK, uppgjör, framtöl, launavinnsla, ráðgjöf, eignaumsýsla og stofnun fyrirtækja. Ábyrg þjónusta - Vönduð vinnubrögð Korrekt viðskiptaþjónusta Borgartúni 24, sími 445 5500

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Nudd

Slökunarnudd, íþróttanudd, sogæðanudd, bubble nudd. Sulanuddstofa svæði 200. Tíma pantanir í S. 771 2117.

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669-0802

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Málarar

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

## Húsaviðhald

Matfasteigna ehf
www.matfasteigna.is
Ástandsskoðun fasteigna vegna viðhalds, sölu, myglusvepps og fl.
Útboð / útboðsgögn / traustir verktakar á skrá
S. 694 1385 / 555 3765 • verk@matfasteigna.is

Er raki í gluggasillum vandamál hjá þér ? Við hjá Selju höfum þróað nýja aðferð til þess að koma í veg fyrir þennan hvimlega vanda. Uppl. í síma 869 4479.

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
• múrviðgerðir • pípulagnir
• þakviðgerðir • raflagnir
• málningarvinnu • flísalagnir
• trésmíðavinnu • jarðvinna
• gluggaskipti • hellulagnir
• glerskipti
Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

## Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

## Spádómar

**MIÐLA TIL ÞÍN, ÞVÍ SEM ÞEIR SEM FARNIR ERU SEGJA MÉR UM FRAMTÍÐ ÞÍNA.**
Einkatímar.
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 869 4650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

# HEILSA

## Heilsuvörur

Hárvandamál !!!
Nýjar lausnir fyrir konur með þunnt hár
apollohar.is
Hringbraut 119 • S: 552-2099

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Lagerhillur til sölu
Vandað og gott lagerhillukerfi. Margar breiddir. Gott verð og magnafsláttur.
Hafðu samband!
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Hafðu samband!
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100



Ljósberinn skermagerð. Viðgerðir á skermum. Skermar og lampar til sölu. Hönnun. Uppl. 867 9126.




Hjá Haltá Ketti færðu pedalabíla, flugvélar, ruggudót, þríhjól, þroskaleikföng, viðarleikföng og margt fleira. Enginn sendingarkostnaður

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Nýuppgerð 70 fm 2-3ja herbergja íbúð í Stangarholti. Góð íbúð á góðum stað í 105 Laus10.mars. Verð 169.000 Nánari uppl. í s. 663 5790 eða 105leiga@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Atvinna

SMIÐIR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333
HANDAFL EHF

## Fasteignir




# Borgarholtsbraut 38

Opið hús fimmtudag
**frá kl. 17:00-17:30**

Fallegt og vel við haldið 190,4 fm einbýlishús á pöllum með 33,2 fm bílskúr í vesturbæ Kópavogs. 5 svefnherbergi. Húsið stendur á 855 fm gróinni hornlóð á horni Borgarholtsbrautar og Skólagerði, innkeyrsla og aðkoma frá Skólagerði. Möguleiki að vera með aukaíbúð með sérinngangi.



Nánari upplýsingar veitir
**Hilmar Jónasson**
sölufulltrúi
**sími:** 695 9500
hilmar@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **46,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Fasteignir

*Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali*
EIGNAMIÐLUN
Frá 1957 Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Opin hús í dag – Lausar eignir !**

**Laugarnesvegur 89 0502 - m. bílskýli**




Glæsileg og góð 2ja til 3ja herbergja íbúð á 5. hæð efstu í nýlegu lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Gólfefni íbúðarinnar er parket á öllu nema forstofu og baðherbergi þar eru flísar. Vandaðar innréttingar og mikið útsýni. . **V. 29,9 millj.**
**Eignin verður sýnd miðvikud. 6.mars frá kl. 17:00 - 17:30**

**Tungusel 6 – íbúð 0404 – laus.**




Vel skipulögð 112,5 fm 4ra herbergja íbúð á 4. hæð (efstu) við Tungusel í Reykjavík. Rúmgóðar suður svalir og falleg fjalla- og sjávarsýn til norðurs. **V.19,9 millj. Eignin verður sýnd miðvikud. 6.mars frá kl. 17:00 - kl. 17:30.**

**Kársnesbraut 89 íb.0102 - 4ra m. bílskúr.**




Falleg 4ra herbergja 89,8 fm íbúð á 1.hæð í að sjá ágætu fjórbýlishúsi ásamt 26 fm bílskúr. Sérþvottahús innan íbúðarinnar. Svalir. Ágætt skipulag. Íbúðin er með 3.svefnherb. Góð stofa. Rúmgóður bílskúr. Ágætt útsýni. Laus strax. **V. 24,9 millj.**
**Eignin verður sýnd miðvikud. 6.mars frá kl. 17:00 - kl. 17:30.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði við Dalveg í Kópav. Uppl. e. kl. 17 s. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**
Óskum eftir öflugum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði okkar á Tangarhöfða. Nánari uppl. Gestur í síma 590 2080 eða GSM 825 2235. Bílabúð Benna

N1

óskar eftir traustu og áreiðanlegu starfsfólki á þjónustustöð félagsins í Borgartúni. Helstu verkefni eru almenn afgreiðsla og þjónustu til viðskiptavina. Um er að ræða fullt starf til framtíðar.

**Nánari upplýsingar veitir Helga Kr. Kristmundsdóttir, stöðvarstjóri í síma 551 6555 Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan**
**S. 661 7000.**

23. ára háskólanemi í pásu, getur byrjað strax að vinna með börnum og unglingum. Ingi S. 866 0090

## Viðskiptatækifæri

Fjárfestir óskar eftir spennandi fjárfestingartækifærum, t.d. í hótel, gistiheimila eða jafnvel veitingageiranum, annað kemur einnig til greina. Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á vilhelmjons@gmail.com

**HÁRSNYRTISTOFA**
Óskar eftir samstarfsaðila um rekstur á hársnyrtistofu. Áhugasamir sendið umsóknir á thjonusta@365.is

## Atvinna

**VERKAMENN**
ERUM MEÐ VANA VERKAMENN SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
UPPLÝSINGAR Í S. 777 2 333
HANDAFL EHF

**Óskum eftir vönum manni með vélaréttindi og meirapróf**

Upplýsingar í síma **772 6111**

GT
Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
gtv@gtv.is - www.gtv.is

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Hækkun uppsetts afls Múlavirkjunar, í Eyja- og Miklaholtshreppi, úr 1,9 MW í 3,2 MW og fyrirhuguð breyting á vatnsborðsskilyrði gildandi virkjunarleyfis**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til **8. apríl 2013.**

Skipulagsstofnun

Skipulags stofnun

### Þverárnáma í Eyjafjarðarsveit

Verkfræðistofa Norðurlands, f. h. Þverár-Golf ehf., hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Þverárnámu í Eyjafjarðarsveit.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 6. mars til 17. apríl 2013 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, á bókasafni Eyjafjarðarsveitar og í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun.

Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Verkfræðistofu Norðurlands: www.vn.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 17. apríl 2013 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum. Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Framkvæmdaraðili hyggst kynna framkvæmdina með opnu húsi í Golfskálanum að Þverá, Eyjafjarðarsveit, þriðjudaginn 12. mars 2013, kl. 17:00 – 18:00.

**Skipulagsstofnun**


# Einstakt tækifæri á Spáni

## 22 íbúðir til sölu – Hægt er að greiða með íslenskum krónum

### Punta Marina við Torrevieja








- Glæsilegar 3ja herb. íbúðir í "spænskum" stíl.
- Aflokaður garður og sameiginleg sundlaug.
- Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi og stofa.
- Í boði eru íbúðir á jarðhæð með sér verönd og sér garði eða íbúðir á efri hæð með einka þaksvölum.
- Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónstu.
- Aðeins 10 min. göngufæri að Punta Prima ströndinni.
- Íbúðirnar eru staðsettar við hiðina á þjónustukjarna með fjölda verslana og veitingastaða.
- Falleg strandhverfi við Torrevieja og í nágrenni Alicante.

### Altomar við Alicante








- Vel skipulagðar sérhæðir ásamt stæði í bílageymslu.
- Aflokaður garður og sameiginleg sundlaug.
- Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi og stofa.
- Í boði eru sérhæðir á jarðhæð með sér verönd og sér flísalögðum garði eða íbúðir á efri hæð með einka þaksvölum.
- Góð staðsetning í úthverfi Alicante, aðeins um 10 min. akstur frá flugvellinum og 15 min. akstur frá miðborginni.
- Um 10 min. göngufæri að Los Arenales ströndinni.
- Í næsta nágrenni er þjónustukjarni með fjölda verslana og veitingastaða.

## Verð aðeins frá kr. 15,5 milljónum!

**Kynningarfundur um Altomar og Punta Marina verður á skrifstofu Spánarheimilis sunnudaginn 10. mars frá kl. 14–16. Suðurlandsbraut 22 (gengið inn bakatil á jarðhæð).**

**Skoðunarferð til Spánar til að skoða eignirnar 10.–13. apríl. Verð í skoðunarferð aðeins kr. 89.000,- Þeir sem festa kaup á íbúð í skoðunarferðinni fá kr. 89.900,- endurgreiddar. Takmarkað sætaframboð.**

**Fáðu allar frekari upplýsingar á www.spanarheimili.is • Sími 530 6502**

spánar heimili

# Stjórnmálaflokkarnir hafa fleiri hugmyndir um ný útgjöld en niðurskurð

*Stóru íslensku stjórnmálaflokkarnir eru sammála um að lykilatriði sé að lækka skuldir ríkissjóðs á næsta kjörtímabili. Til að svo megi verða er ljóst að ríkisreksturinn verður áfram aðhaldssamur en landsfundarályktanir flokkanna vísa fæstar í þá átt.*

**FRÉTTASKÝRING/EFNAHAGSMÁL**
magnusl@frettabladid.is

Íslendingar munu ganga að kjörborðinu eftir rúmar sjö vikur og kjósa þing til næstu fjögurra ára. Síðustu þingkosningar fóru fram í skugga bankahrunsins og má segja að helsta verkefni kjörtímabilsins hafi verið að leysa þau bráðavandamál í íslensku efnahagslífi sem hrunið annað hvort afhjúpaði eða bjó til.

Að því sögðu er flestum ljóst að enn eru stór og aðkallandi vandamál í íslensku efnahagslífi óleyst og það er næsta þings að glíma við þau. Þá hefur heldur hægst á efnahagsbatanum síðustu misseri.

Hinir stóru stjórnmálaflokkar landsins hafa á síðustu vikum haldið landsfundi og samþykkt ályktanir um hvert stefna beri í efnahagsmálum. Markaðurinn skoðaði þessar tillögur og fjallar í dag um tillögur þeirra í skatta- og útgjaldamálum.

### MJÖG METNAÐARFULLT MARKMIÐ SJÁLFSTÆÐISFLOKKS

Í landsfundarályktunum Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna er kveðið á um að lækka þurfi skuldir ríkissjóðs. Sömu skilaboð er að finna í fyrstu ályktun stjórnar Bjartrar framtíðar.

Sjálfstæðisflokkurinn tekur hins vegar öllu dýpra í árinni. Í landsfundarályktun flokksins um fjárlagamál er nefnilega sett fram það markmið að hreinar skuldir ríkisins lækki að krónutölu á hverju ári þar til hrein staða ríkissjóðs er orðin jákvæð aftur.

Samkvæmt væntingakönnun Seðlabankans sem gerð er meðal markaðsaðila er búist við því að verðbólga verði að meðaltali 4,35% á næstu fimm árum. Sé gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs hækki með verðlagi og að hagvöxtur verði 3% (sem er bjartsýn spá) mun afgangur á fjárlögum sem hlutfall af landsframleiðslu þurfa að vera 3,87% á næsta ári til að skuldir hækki ekki að krónutölu milli ára. Það jafngildir 63 milljörðum króna miðað við landsframleiðslu ársins 2011.

Standi til að lækka skatta eins Sjálfstæðisflokkurinn hefur boðað er því ljóst að skera þarf niður ríkisútgjöld verulega strax fyrsta ár komandi kjörtímabils eigi þetta markmið flokksins að nást. Þar sem aðrir flokkar hafa ekki kynnt markmið sem þetta var hægt að bera markmið þeirra saman.

### SKÝR MUNUR Í SKATTAMÁLUM

En hvernig vilja flokkarnir fara að því að greiða niður skuldir. Lítum fyrst á tillögur þeirra í skattamálum.

▶



**FLOKKSFORMENN Í STJÓRNARRÁÐINU** Ljóst er að næstu ríkisstjórnar munu bíða aðkallandi verkefni í efnahagsmálum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DÝRAR NIÐURFÆRSLUR SKULDA Í KORTUNUM

Einn þáttur til viðbótar gæti haft veruleg áhrif á stöðu ríkissjóðs. Stóru stjórnmálaflokkarnir stefna allir nema Björt framtíð að því að koma til móts við skuldsett heimili þessa lands.

Framsóknarflokkurinn hefur hvatt til þess að verðtryggð húsnæðislán heimilanna verði leiðrétt og hafa forystumenn flokksins lagt mikla áherslu á þetta stefnumál flokksins.

Í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins kemur fram að grípa þurfi til markvissra aðgerða til að bregðast við greiðslu- og skuldavanda heimilanna með almennum aðgerðum.

Þá vill Samfylkingin vinna áfram að því að greiða úr skuldavanda heimilanna og Vinstri grænir telja að koma þurfi til móts við þá einstaklinga og þau fyrirtæki sem lakast standa vegna afleiðinga hrunsins.

Þótt leggja megi ýmsan skilning í þessi stefnuorð flokkanna er ljóst að almennar aðgerðir til lækkunar verðtryggðra skulda heimilanna gætu reynst ríkissjóði mjög dýrar. Þannig komst Seðlabankinn að þeirri niðurstöðu í greiningu sem hann framkvæmdi í apríl í fyrra að 20 prósenta almenn skuldaniðurfærsla myndi kosta 261 milljarð króna. Þar sem stór hluti verðtryggðra skulda er í eigu Íbúðalánasjóðs og Landsbankans, en báðar stofnanir eru í eigu ríkisins, myndi sá kostnaður að stórum hluta falla á ríkissjóð.

Yrði skuldaniðurfelling framkvæmd með lögum gæti hið opinbera þar að auki bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart þeim eigendum skulda sem lagasetningin hefði áhrif á.




Ford

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gíra. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,7 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 178 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



**SITJANDI ÞING Á FÖRUM** Nýtt þing mun taka við af því sem nú situr að loknum kosningum í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sé fyrst litið á Sjálfstæðisflokkinn er stefna hans skýr. Hann vill lækka skatta á komandi kjörtímabili og einfalda skattkerfið. Í landsfundarályktun flokksins um fjárlagamál er raunar settur fram listi fyrir skatta sem flokkurinn vill lækka á komandi kjörtímabili en þeir eru: tekjuskattur einstaklinga sem jafnframt verði í einu þrepi, fjármagnstekjuskattur, tekjuskattur fyrirtækja, tryggingagjald, virðisaukaskattur sem jafnframt verði í einu þrepi, auðlindagjald, tollar og vörugjald, eldsneytisgjald, erfðafjárskattur og áfengisgjald.

Þá vill flokkurinn afnema eignarskatta, stimpilgjöld, gistináttagjald, kolefnisgjald á eldsneyti, raforkuskatt og bifreiðagjald. Loks vill flokkurinn hækka persónuafslátt.

Til að setja þessa hluti í eitthvað samhengi má nefna að samanlagt er áætlað að bara eignarskattar og bifreiðagjald skili 22,3 milljörðum króna í ríkiskassann á þessu ári.

Framsóknarflokkurinn virðist einnig stefna að lækkun skatta á komandi kjörtímabili því í landsfundarályktun flokksins segir að alltof langt hafi verið gengið í hækkun skatta á kjörtímabilinu.

Vill flokkurinn að skattkerfið verði einfaldað, dregið verði úr neikvæðum jaðaráhrifum og að persónuafsláttur verði hækkaður til fyrra horfs að raungildi. Það er sterklega gefið í skyn í landsfundarályktun að flokkurinn hyggist lækka tekjuskatt fyrirtækja sem flokkurinn telur geta aukið skatttekjur.

Í landsfundarályktunum ríkisstjórnarflokkanna er aftur á móti lítið að finna um skattalækkanir þótt Samfylkingin gefi að vísu í skyn í ályktun að lækka eigi tryggingargjald.

Samfylkingin telur þar að auki nauðsynlegt að endurskoða frá grunni tekjustofna ríkisins þegar „erfiðleikar þeir sem ríkisstjórnin tók í arf eru að baki“. Þá lítur flokkurinn til þess að hækka auðlindanýtingar- og umhverfisskatta með það fyrir augum að bæta rekstrarstöðu ríkissjóðs.

Vinstri grænir leggja í ályktun áherslu á að áfram eigi að byggja á þrepaskiptu skattkerfi. Þá vilja Vinstri grænir eins og Samfylkingin horfa til þess að setja auðlindagjald á þá sem nýta orkuauðlindir landsins og eða menga.

Þar að auki vilja Vinstri grænir beita skattaívilnunum til að hvetja sjávarútvegsfyrirtæki til að reyna nýja endurnýjanlega orkugjafa og lækka virðisaukaskatt á umhverfisvottuðum vörum.

Loks segir eftirfarandi í landsfundarályktun um efnahagsstjórn sem erfitt er að henda reiður á hvað þýðir nákvæmlega en virðist benda til skattahækkana: „Meginatriðið í því að létta undir með heimilunum er að afla til þess tekna með umtalsverðum breytingum á skattkerfinu bæði því sem snýr að einstaklingum og fyrirtækjum.“

Í fyrstu ályktun stjórnar Bjartrar framtíðar er lítið fjallað um skatta. Kemur þar það eitt fram að rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði gert hærra undir höfði með einfaldara regluverki, skattaumgjörð og hvötum sem efla rekstur þeirra. Þá verði skatta- og tollakerfið einfalt, réttlátt og skiljanlegt.

**FÁAR HUGMYNDIR UM NIÐURSKURÐ**

Ljóst er að hyggist stjórnmálaflokkarnir standa við markmið sín um lækkun skulda ríkisins á komandi kjörtímabili verður lítið svigrúm til nýrra ríkisútgjalda án þess að önnur séu skorin niður á móti. Hvað þá ef einnig verður ráðist í umfangsmiklar skattalækkanir eins og Sjálfstæðisflokkurinn leggur til.

Athyglisvert er í því ljósi að fáar hugmyndir um beinan niðurskurð ríkisútgjalda er að finna í landsfundarályktunum stjórnmálaflokkanna. Þar er hins vegar nóg af hugmyndum um ný ríkisútgjöld.

Í ályktun Sjálfstæðisflokksins um fjárlagamál kemur að vísu fram að ekki standi rök til þess að útgjöld til ákveðinna málaflokka séu meiri á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þar með er gefið í skyn í samanburði í þessum kafla að draga þurfi til framtíðar úr ríkisframlögum til æðstu stjórnsýslu, efnahags- og atvinnumála, húsnæðis-, skipulags- og veitumála, heilbrigðismála, menningar-, íþrótta- og trúmála og menntamála án þess að það sé skýrt frekar.

Þá leggur flokkurinn til að útgjöld ríkisins til utanríkismála verði sérstaklega skorin niður og hvetur til þess að nemendur taki þátt í fjármögnun háskóla sem þurfi að auka.

Af öðru sem flokkurinn leggur til má nefna „áherslu á breytta forgangsröðun varðandi fjárveitingar til endurskipulagningar og uppbyggingar á heilbrigðiskerfinu í þágu sjúklinga og með bættu starfsumhverfi og kjörum heilbrigðisstétta“. Þá vill flokkurinn niðurgreiðslu tannlæknaþjónustu og lækkun húshitunarkostnaðar þar sem hann er mestur. Loks vill hann auka framlög til löggæslumála.

Samfylkingin er óljós í sínum hugmyndum um þróun útgjalda ríkisins en samkvæmt landsfundarályktunum flokksins á að bæta þjónustu og stuðning við hina ýmsa hópa og kima samfélagsins.

Flokkurinn er þó skýr með það að hann vill aukin framlög til þróunarmála, gjaldfrjálsar tannlækningar, aukin framlög til háskóla, hærri námslán og hærra frítekjumark námsmanna auk hækkunar fæðingarorlofsgreiðslna.

Framsóknarflokkurinn virðist stefna að lækkun ríkisútgjalda. Í landsfundarályktunum sínum hvetur flokkurinn til þess að hafin verði vinna við endurskipulagningu ríkisútgjalda með það að markmiði að lækka raunkostnað við rekstur ríkisins. Þó þannig að vörður verði staðinn um grunnþætti velferðar- og menntakerfisins auk löggæslu.

Ályktanir flokksins eru þó ekki allar í sömu átt. Þannig átelur flokkurinn mjög fjársvelti lögreglumanna og hvetur til fjárfestingar í vegakerfinu. Flokkurinn hvetur til þess að heilbrigðisþjónusta verði efld og að tannlækningar verði gjaldfrjálsar.

Vinstri grænir boða aukin ríkisútgjöld í landsfundarályktunum sínum. Til að mynda talar flokkurinn fyrir því að fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins verði auknar og dregið úr kostnaðarhlutdeild almennings, þá verði tannlækningar færðar inn í kerfið.

Flokkurinn vill einnig gjaldfrjálsan leikskóla, hærri lágmarkslaun og styttri vinnuviku, og aukin framlög til þróunarsamvinnu.

Erfitt er að lesa mikið út úr stjórnarályktun Bjartrar framtíðar og stefnu flokksins í útgjaldamálum. Þar segir þó: „ríkisrekstur sé ekki umfangsmikill en markviss og miði fyrst og fremst að því að tryggja góðan grunn og svigrúm að skapandi framtaki einstaklinga og samtaka þeirra.“

Flokkurinn virðist þó til að mynda hlynntur öflugu ríkisreknu heilbrigðis- og sjúkratryggingakerfi og mikilli þjónustu við börn og unglinga þannig að vart verða greindar frjálshyggjuáherslur í stefnu hans.

## HAGVÖXTURINN MIKILVÆGUR LÍKA

Skuldir ríkissjóðs eru nú metnar um 1.670 milljarðar króna sem jafngildir um 91,4% af landsframleiðslu. Fyrir vikið eru vaxtagjöld áætluð 14,5% af útgjöldum ríkisins á þessu ári, stærri hluti en framlög til allra ráðuneyta utan velferðarráðuneytisins.

Skuldasöfnun síðustu ára hefur hins vegar að því er virðist stöðvast því samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2013 verður ríkissjóður rekinn með halla sem nemur einungis 0,2% af landsframleiðslu á þessu ári.

Í orði kveðnu eru stjórnmálaflokkarnir sammála um mikilvægi þess að hefja niðurgreiðslu skulda á næsta kjörtímabili.

Sá mælikvarði sem yfirleitt er notaður á skuldir ríkisins eru skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu. Eins og áður sagði eru þær nú metnar sem 91,4%.

Til að lækka þetta hlutfall eru í tvær leiðir færar. Í fyrsta lagi lækkar það þegar hagkerfið vex. Sé hagvöxtur 3% á ákveðnu ári en skuldir hækka um 2% þá lækkar hlutfallið sem muninum nemur. Hóflegur halli á fjárlögum getur því farið saman með lækkun hlutfallslegra skulda. Í öðru lagi lækkar hlutfallið þegar skuldir eru beinlínis greiddar niður. Sé ríkissjóður rekinn með afgangi er hægt að nota þá peninga sem út af standa til að greiða niður skuldirnar.

Þegar tillögur stjórnmálaflokkanna í fjárlagamálum eru metnar er því nauðsynlegt að líta til hvors tveggja tillagna þeirra um skatta og gjöld en eins tillagnanna þeirra um hvernig ná megi fram hagvexti. Mun auðveldara er hins vegar að ná utan um fyrri hlutinn en þann seinni. Verður því ekki gerð tilraun til þess að meta hagvaxtarhugmyndir flokkanna hér en lesendur mega þó hafa þessa staðreynd í huga.


ÍSLENSKA SIA.IS ICE 63064 02/13
EFTIRSÓTT VARA
Á EKKI AÐ ÞURFA
STÆRRA LAGERPLÁSS.
ÞAÐ TEKUR ENGA STUND AÐ FÁ MEIRA MEÐ FLUGFRAKT.
Sumar vörur eru einfaldlega vinsælli en aðrar. Þegar þær hverfa hratt úr hillunum er gott að vita af því að ný sending með Icelandair Cargo getur borist til þín á allt frá aðeins einum sólarhring.
Á hverjum einasta degi þjónum við hjá Icelandair Cargo íslenskum inn- og útflytjendum til og frá Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.
Því tíminn flýgur
ICELANDAIR
CARGO

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

klinkið vísir
Rósbjörg Jónsdóttir, frá ráðgjafarfyrirtækinu Gekon.
Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri AE.

**BANKAHÓLFIÐ**



Hulda Bjarnadóttir

# Vá WOW

Hvern viljum við fá til liðs við okkur eða hvern þurfum við að fá til liðs við okkur? Ég get ímyndað mér að þessi spurning hafi verið borin upp á stjórnarfundi WOW fyrir nokkrum vikum. Það er nefnilega himinn og haf á milli þessara tveggja nálgana í stjórnun og ráðningum. Og eitt leiddi af öðru. Á dögunum auglýsti WOW eftir stjórnarkonu og óhætt að fullyrða að það hafi vakið mikla athygli enda fátítt að óskað sé eftir umsækjanda af öðru hvoru kyninu í auglýsingum hérlendis. Hins vegar er þetta talin áhrifarík leið til að finna hæfustu einstaklingana því fleiri koma til greina en þeir sem eru í tengslaneti eigenda eða stjórnenda.

**Ný hugsun**

Nú vill svo til að lög um kynjakvóta taka gildi í september og því eðlilegt að auglýst hafi verið eftir konu að þessu sinni. En vonandi verður auglýsingaleiðin notuð í meiri mæli í framtíðinni því oft er stjórnarseturáðning afgreidd með nokkuð skjótum og þægilegum hætti þar sem maður þekkir mann sem þekkir mann sem þekkir mann. Kona þekkir líka konu sem þekkir konu sem þekkir konu. Það er enginn heilagur af því að sækja ekki „sína líka“ eða þá sem hafa orðið á vegi manns um ævina. En nú er komið tækifæri til að hugsa hlutina upp á nýtt.

**Íslenskar konur í erlendum stjórnum**

Á ráðstefnunni Virkjum karla og konur árið 2011 hvatti Liv Bergþórsdóttir fyrirtæki til að fara auglýsingaleiðina við val á stjórnarmönnum. Liv er í dag stjórnarformaður Wow og framkvæmdastjóri NOVA. Sjálf hafði hún góða reynslu af því að fá tækifæri hjá norska fjarskiptafyrirtækinu Telio í gegnum Boreas Capital sem þá auglýsti eftir konu utan Noregs. Auglýsingaleiðin er nefnilega ein leið til að finna hæfustu konurnar. Önnur leið er að leita í gagnagrunna sem m.a. Félag kvenna í atvinnulífinu heldur úti og fæst aðgangur án kostnaðar. Einnig er hægt að leita í alþjóðlega gagnagrunna sem verið er að byggja upp. Á Alþjóðadegi kvenna þann 8. mars verður til að mynda opnaður einn sem ber heitið Global Board Ready Women. Íslenskar stjórnarkonur eru þar á meðal.

**Slagorðið stendur**

Sjálfri þótti mér auglýsing Wow til marks um að þau ætli sér að standa við eigið slagorð: „Það er WOW í öllu sem við gerum!“ Öguð vinnubrögð sem þessi og þá um leið aukið gagnsæi í ráðningum munu án efa skila Wow framúrskarandi hæfum einstaklingi til starfans og vonandi verður þetta til eftirbreytni hjá fleiri fyrirtækjum sem nú þurfa að bregðast við ætli þau sér að fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

ÍSLENSKI FJÁRSTÝRINGARDAGURINN
RÁÐSTEFNA UM FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA



Föstudaginn 8. mars
í Háskólanum í Reykjavík

Kynntu þér nýjungar
og bættu tengslanetið.

Áhættu- og fjárstýring fyrirtækja er flókin og oft vanmetin. Alltaf er hægt að gera betur. Hvernig má bæta fjárstýringu fyrirtækis þíns?

Skráning á:
fjarstyringardagurinn.is

IFS og HR standa að ráðstefnunni

Dagskrá

Design Failures of the Eurozone: Can they be fixed?
Paul De Grauwe, prófessor í alþjóðahagfræði við LSE.

Hvað er efst á baugi við fjárstýringu alþjóðlegs fyrirtækis?
Guðjón Gústafsson, yfirmaður fjárstýringar hjá Actavis.

Rekstraröryggi fjárstýringar
Ólafur Briem, forstöðumaður áhættustýringar hjá Icelandair.

ACT (Samtök fjármálastjóra í Bretlandi)
– Kynning og mögulegt samstarf
Peter Matza, Engagement Director hjá ACT í Bretlandi.

Áhættustýring í höftum – Hvað geta fyrirtæki gert?
Kristín Erla Jóhannsdóttir, sérfræðingur í gjaldeyris- og afleiðumiðlun Arion banka.

Áhrif hafta á fjárstýringu Orkuveitunnar
Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Fjármögnun fyrirtækja í höftum
Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá Eimskip.

Skuldabréfafjármögnun fyrirtækja
Benedikt Gíslason, framkvæmdastjóri hjá MP banka.

Höft á fjármagnsflutninga:
Ástæður, losun og framtíðarfyrirkomulag
Már Guðmundsson, seðlabankastjóri.

Horfur 2013–2015: Skipst á skoðunum og spurningar í sal
Pallborð: Fulltrúar frá greiningaraðilum og atvinnulífi.

Styrktaraðilar:
Arion banki · actavis · EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM · Primera · Orkuveita Reykjavíkur

Nánari upplýsingar:
fjarstyringardagurinn.is

DEH-1500UB



4X50 W MOSFET magnari • Útvarp með 24 stöðva minni • Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW • AUX og USB tengi á framhlið • Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri • EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
Verð: 19.900,- kr.

DEH-3400UB



4x50W Mosfet magnari • Útvarp með 24 Stöva minni (FM, AM) • Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB • iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki) (CA-IW.51) • AUX og USB inngangar að framan • Texti á skjá: Multi-Colour (getur valið lit) • Takkar: Multi-Colour (getur valið lit).
Verð: ~~28.900,-~~ kr. /// TILBOÐSVERÐ: 22.900,- kr.

DEH-6400BT



4x50 Mosfet magnari • Útvarp m. 24 stöðva minni • Spilar: CD, MP3, WMA WAV • USB að aftan og Aux-in að framan • Hleður og spilar af iPod • Multi- Colour skjár og takkar • Bluetooth – Hægt að streyma tónlist þráðlaust frá öðrum tækjum.
Verð: ~~44.900,-~~ kr. /// TILBOÐSVERÐ: 34.900,- kr.

Pioneer HLJÓMTÆKI
HEIMSKLASSA HLJÓMFLUTNINGUR
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800
VERSLANIR UM LAND ALLT
www.ormsson.is

NÝTT

Senseo®

# ILMANDI FERSKT GÆÐAKAFFI Á HVERJUM EINASTA DEGI




UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6. 950, 8.** for, **9.** mælieining, **11.** aðgæta, **12.** skipshöfn, **14.** yfirstéttar, **16.** kringum, **17.** dá, **18.** andmæli, **20.** kvað, **21.** tigna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** glansa, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** bar, **7.** spámaður, **10.** rakspaði, **13.** spor, **15.** högg, **16.** dvelja, **19.** gangflötur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** lm, **8.** aur, **9.** júl, **11.** gá, **12.** áhöfn, **14.** aðals, **16.** um, **17.** rot, **18.** nei, **20.** ku, **21.** aðla.
**LÓÐRÉTT: 1.** gljá, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** múhameð, **10.** löð, **13.** far, **15.** stuð, **16.** una, **19.** il.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
Baldursgata
Verslunarhúsnæði

Til sölu gott 70,5 fm. verslunarhúsnæði á götuhæð á horni Baldursgötu og Lokastígs, stutt frá Skólavörðustíg. Um er að ræða bjart opið verslunarrými með gólfsíðum gluggum, snyrtingu og kaffistofu. Flotuð gólf. Aukin lofthæð. **Verð 24,9 millj.**

Happdrætti Húsnæðisfélags S.E.M.
HÚSNÆÐISFÉLAG SEM

**Aðalvinningur KIA Picanto 1,0 beinskiptur**

43079

**Ferðavinningar frá Heimsferðum að verðmæti 200.000**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 509 | 21297 | 31251 | 43203 | 55210 | 60018 | 74380 | 88515 | 99793 |
| 2268 | 22058 | 33097 | 47107 | 55305 | 60110 | 75125 | 95551 | 102790 |
| 4649 | 24010 | 34104 | 48389 | 56045 | 61408 | 76773 | 95651 | 103815 |
| 11370 | 27222 | 34330 | 52512 | 56459 | 71272 | 83050 | 96461 | 111401 |
| 19393 | 28216 | 42933 | 52741 | 58718 | 72766 | 83884 | 97507 | 117192 |

**Helgarferðir frá Heimsferðum að verðmæti 100.000**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 274 | 11108 | 23621 | 40267 | 59188 | 75574 | 89669 | 104067 | 119134 |
| 657 | 12287 | 26491 | 41051 | 59710 | 75816 | 90070 | 104441 | 119271 |
| 897 | 12685 | 26915 | 42944 | 60793 | 75855 | 90826 | 104637 | 119771 |
| 959 | 12837 | 27352 | 43263 | 61428 | 77491 | 91510 | 104989 | 119789 |
| 2592 | 13439 | 27463 | 43539 | 64478 | 78286 | 91595 | 105504 | 119813 |
| 3065 | 14126 | 28105 | 44531 | 65989 | 78720 | 93420 | 106180 | 120317 |
| 3573 | 14969 | 30792 | 46950 | 66409 | 78936 | 93632 | 106229 | 120439 |
| 3692 | 15226 | 31235 | 47429 | 66786 | 79069 | 94044 | 106936 | 121242 |
| 4780 | 16128 | 32102 | 47815 | 67033 | 79217 | 94093 | 108048 | 121462 |
| 4820 | 17233 | 32122 | 49495 | 67623 | 80322 | 94151 | 108409 | 121867 |
| 5185 | 17860 | 32597 | 49987 | 67996 | 80546 | 94598 | 108704 | 121929 |
| 5211 | 17924 | 32706 | 50585 | 68473 | 82622 | 94710 | 109060 | 122088 |
| 6523 | 18181 | 33558 | 50727 | 68627 | 82938 | 96342 | 110027 | 122092 |
| 6780 | 18442 | 34073 | 53416 | 68946 | 83164 | 97828 | 110408 | 122716 |
| 7895 | 18504 | 34426 | 53839 | 69660 | 83359 | 98008 | 111080 | 123187 |
| 8590 | 18627 | 35181 | 53878 | 69979 | 83754 | 98337 | 111785 | |
| 8746 | 18645 | 36018 | 54095 | 71744 | 86365 | 99576 | 114469 | |
| 8777 | 19258 | 37497 | 55406 | 72528 | 87073 | 99609 | 116386 | |
| 8931 | 19362 | 37933 | 56426 | 72870 | 87664 | 101905 | 117065 | |
| 9262 | 20318 | 37965 | 56593 | 73964 | 88635 | 101971 | 117274 | |
| 9338 | 21595 | 38437 | 56706 | 74801 | 88688 | 102865 | 117555 | |
| 9342 | 22143 | 38447 | 56870 | 75305 | 89625 | 103483 | 118043 | |
| 9533 | 22707 | 40012 | 57626 | 75352 | 89631 | 103931 | 118349 | |

Dregið var 26. febrúar 2013. Vinninga ber að vitja innan árs.
Upplýsingasími 588-7470 og á heimasíðu **SEM.is**
**SEM samtökin þakka öllum þeim sem tóku þátt í happdrættinu innilega fyrir stuðninginn. Birt án ábyrgðar.**

# Dæmigerðir Íslendingar

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Norðlenskur hroki og þingeyskt loft eru frasar sem stundum er slengt framan í mig, þegar ég er að belgja mig eitthvað um veðrið. Ég geri það stundum, set mig á háan hest þegar snjóar í höfuðborginni og samgöngur eru farnar á hliðina fyrir hádegi. Segi þá sögur af norðlenskum skafrenningi og stórhríð og að það þurfi nú meira en él á köflum til að slá landsbyggðarjaxla út af laginu. Óþolandi auðvitað, ég veit það.

**SVONA** gorgeir er reyndar ekkert einskorðaður við Norðlendinga hefur mér sýnst. Þetta er landlægur, íslenskur hroki sem birtist oft í því að Íslendingar, hvar sem þeir búa, hneykslast þegar það hvessir einhvers staðar í útlöndum, eða snjóar. Gera grín að því hvernig samgöngur í París fara úr skorðum við „smá föl“ og skólahald fellur niður ef það hreyfir vind. Þið kannist við þetta.

**EN** þessi veðurhroki á hins vegar engan rétt á sér. Stórhríð og skafrenningur er ekkert grín og það ættum við að þekkja þjóða best. Hér vinnur fólk í sjálfboðavinnu við björgunarstörf upp um heiðar og fjöll þegar brestur á með byl og hafa alltaf nóg að gera. Íslendingar virðast ekkert frekar kunna að haga sér í vondu veðri þegar allt kemur til alls þó þeir viðurkenni það ekki. Eða hvað?

**FYRIRSÖGN** á einni frétt um veður og færð, sem ég rak augun í á mánudaginn var, á mbl.is hljóðaði reyndar eitthvað á þessa leið: „Dæmigerðir Íslendingar í vonlausu skyggni!“ Þar sagði frá björgunarsveit sem staðið hafði í ströngu við að aðstoða ökumenn þá um nóttina á Steingrímsfjarðarheiði. Bílar sátu fastir og ferja þurfti fólk til byggða. Slíkar fréttir lesum við margsinnis yfir vetrarmánuðina, við þekkjum þetta vel, en mér fannst einhver annar tónn í þessari.

**„ÞETTA** var alger vitleysa“ viðurkenndi nefnilega einn vegfarenda sem hafði ætlað sér heim til Bolungarvíkur frá Hólmavík gegnum veðurhaminn ásamt félögum sínum, en orðið að snúa við. Hann lýsti því hvernig hópurinn lagði af stað á heiðina fullur bjartsýni og hvernig hann hafi ætlað að ganga á undan bílnum yfir verstu skaflana. Hópurinn hefði hins vegar, þremur tímum síðar, verið kominn til baka, með aðstoð björgunarmanna. Hann kallaði þá sig og samferðamenn sína „dæmigerða Íslendinga“.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**ÓLÖF ARNALDS** Ólöf Arnalds kemur fram á Reykjavík Folk Festival. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Reykjavík Folk Festival hefst á morgun

## Þokkabót og Pétur Ben á meðal flytjenda.

Dagskráin er klár fyrir Reykjavík Folk Festival sem verður haldin í þriðja sinn dagana 7. til 9. mars á Kexi Hosteli við Skúlagötu. Þar kemur fram áhugaverð blanda af eldri og yngri flytjendum. Þokkabót kemur fram eftir langt hlé. Einnig stíga á svið Magnús og Jóhann, Ólöf Arnalds, Puzzle Muteson, Pétur Ben, Valgeir Guðjónsson og fleiri. Forsala fer fram á midi.is. Verð á armbandi sem veitir aðgang að öllum þremur kvöldunum er 7.999 kr. en verð á stök kvöld 3.000 kr. Dagskrá hátíðarinnar má finna á síðunni Folkfestival.is.

# Spilar gamalt og nýtt efni

## Bubbi hefur tónleikaferð í Hafnarfirði í kvöld.

Bubbi Morthens ætlar að halda tónleika í hverjum mánuði fram á sumar. Í dag verður hann í Hafnarfirði, 4. apríl í Mosfellsbæ og síðan liggur leiðin til Ólafsvíkur 2. maí þar sem hann spilar í Félagsheimilinu Klifi. Hann endar svo í Grindavík á fimmtudeginum fyrir sjómannadag. Á efnisskránni verður blanda af gömlu og nýju efni, svona klassískir Bubbatónleikar eins og hann hefur svo oft haldið áður.

Stefnan er sett á að fara á fleiri staði úti á landsbyggðinni í sumar. Tónleikarnir hefjast allir kl 20.30. Miðar fást á Midi.is og við innganginn.



**FERNIR TÓNLEIKAR** Bubbi spilar á fernum tónleikum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN










# Ótvíræður sigurvegari

Á bílasýningunni í Genf var tilkynnt að nýr Volkswagen Golf hafi verið valinn bíll ársins 2013 í Evrópu. Niðurstaðan í valinu var afgerandi að þessu sinni en nýr Golf fékk 414 stig í fyrsta sæti. Til samanburðar fékk bíllinn sem var í öðru sæti 202 stig og er því um yfirburðasigur Golf að ræða. Í umsögn dómnefndar kom meðal annars fram að Volkswagen Golf hefði náð framúrskarandi útkomu í reynsluakstri og: „Hann er nútímalegur með mikil gæði og öryggi ásamt framúrskarandi aksturseiginleikum.“

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.390.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




Komdu við í HEKLU og
reynsluaktu Volkswagen Golf

Das Auto.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 6. MARS 2013**

**Upplestur**

**17.30** Sigþrúður Gunnarsdóttir, barnabókavörður Bókasafns Seltjarnarness, les söguna Stór skrímsli gráta ekki í sögustund fyrir yngstu börnin á bókasafninu.

**18.00** Ásta R. Jóhannesdóttir les 25. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

**Dans**

**20.30** Gömlu dansarnir verða dansaðir í sal Þjóðdansafélags Reykjavíkur, Álfabakka 14a. Allir velkomnir.

**Handverkskaffi**

**20.00** Gunnvant Ármannsson matreiðslumeistari kennir einfaldar aðferðir við sushigerð á Handverkskaffi í Gerðubergi. Allt hráefni og áhöld verða á staðnum og aðgangur er ókeypis.



**Tónlist**

**21.00** Hljómsveitin Skálmöld heldur tónleika í Sindrabæ á Höfn. Tónleikarnir eru hluti af Íslandstúr hljómsveitarinnar sem gengur undir yfirskriftinni Myrkur, kuldi, ís og snjór 2013. Miðaverð er kr. 3.000.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**MYND OG TEXTI** Hlynur sýnir meðal annars mynd af rennandi vatni með tengdum texta sem spreyjaður er á heilan vegg.

MYND: HUGI HLYNSSON

# Mjög heimilisleg verk

**Hlynur Hallsson opnar sýningu á nýjum verkum í Populus tremula á Akureyri á laugardag. Sýningin stendur einungis í tvo daga eins og vaninn er þar.**

Þetta er sýning á slatta af nýjum verkum sem er ágætt að gera tilraun með,“ segir Hlynur Hallsson myndlistarmaður sem á laugardaginn opnar sýningu í Populus tremula í Listagilinu á Akureyri. Yfirskrift sýningarinnar er Rennandi vatn og fleiri ný verk og Hlynur segir heitið segja eiginlega allt sem segja þarf. „Öll verkin eru mjög heimilisleg, til dæmis er þarna stutt myndband sem ég varpa á vegg af syni mínum sofandi. Síðan er þarna ljósmynd af vatni sem rennur í vask inni á baði og texti sem tengist því. Það er ýmislegt að gerast í rennandi vatni og hægt að heimfæra það upp á hitt og þetta. Textinn er spreyjaður á stór blöð sem þekja heilan vegg, það hef ég ekki gert áður. Oftast hef ég nú spreyjað beint á vegginn en þar sem sýningin stendur einungis í tvo daga þá hreint út sagt nennti ég því ekki í þetta sinn, bara til að þurfa að mála yfir hann tveim dögum seinna.“

Sýningin stendur yfir á laugardag og sunnudag, er það ekki óvenju stuttur sýningartími? „Jú, en þannig eru sýningarnar hjá þeim í Populus tremula og það er bara skemmtilegt. Ég var reyndar að hugsa um það um daginn að mig langaði til að setja upp sýningu sem stæði í sex mánuði, en það er líka mjög gaman að setja upp sýningu sem stendur svona stutt. Fólk verður bara að mæta á opnun.“

Hlynur hefur setið á Alþingi sem varaþingmaður vinstri grænna, en nú hefur hann dregið sig út úr pólitíkinni, hvað kemur til? „Í fyrsta sinn í tíu ár er ég ekki á framboðslista, en ég er ekkert alveg hættur í pólitík. Ég ákvað bara að taka mér góða pásu og einbeita mér að myndlistinni.“

Hvernig fer það saman að vera listamaður og pólitíkus? „Það fer ágætlega saman og mér finnst það alltaf vera að aukast að listamenn blandi sér í pólitík, sem er mjög skemmtilegt. Á báðum sviðum er maður að vinna að hugsjónum sínum og er yfirleitt með einhverja útópíu sem maður er að reyna að kynna við misjöfn viðbrögð áhorfenda eða kjósenda.

**fridrikab@frettabladid.is**

In the Name of Allah, the Gracious, the Merciful.

Admission free

» Women in Religion – Rights and Responsibilities «

INTERNATIONAL WOMEN'S DAY 2013

WE WOULD LIKE TO INVITE YOU

Take the chance to get to know different faiths and cultures, to exchange views & ideas and to have better understanding of each other.
Only by sharing knowledge with one another, we can create a stable, peaceful and prosperous society with respect and tolerance for one another despite religious differences. Together, let us seize the opportunity to talk and reduce prejudices.

THIS MEETING WILL BE HELD

ON 8th of March 2013
AT 17:00 o'clock
IN the Nordic house
Sturlugötu 5, 101 Reykjavik

PLEASE GIVE AN EAR TO THREE KNOWLEDGEABLE SPEAKERS FROM WORLD RELIGIONS:

- Andrea Cheathem Kasper, EdD candidate in Jewish Educational Leadership at Northeastern University in Boston
- Agnes M. Sigur ðardottir, Bishop of Island
- Maryam Khola Hübsch, freelance journalist from Germany

**Contact** Ahmadiyya Muslim Jamaat in Iceland,
Dr. Khan, Gsm: 893 21 86, , Tel: 551 94 23, Email: ahmadiyyaiceland@hotmail.co.uk



**SVARAR SPURNINGUM** Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur mun leitast við að svara áleitnum spurningum lesenda á Háskólatorgi á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Steinunn um Jójó og Fyrir Lísu

**Hádegisfyrirlesari á Háskólatorgi á fimmtudaginn verður rithöfundurinn Steinunn Sigurðardóttir sem mun ræða um bækur sínar Jójó og Fyrir Lísu. Hún ræðir m.a. ástæðu þess að sögusviðið er utan Íslands.**

Steinunn Sigurðardóttir talar um nýjustu skáldsögur sínar, Jójó og Fyrir Lísu, í stofu 105 á Háskólatorgi 7. mars kl. 12.

Meðal spurninga sem hún mun leitast við að svara eru: Hvaða erindi eiga tveir Berlínarbúar, þýskur geislalæknir og franskur róni, sem aðalpersónur í íslenska skáldsögu? Hvernig datt Steinunni Sigurðardóttur í hug – eftir að hafa sent frá sér Reykjavíkurskáldsögur með ívafi ljóða eins og Tímaþjófinn og Sólskinshest, og íslenska ferðasögu fjögurra kvenna, eins og Hjartastað – að fjalla um sameiginlega lífsreynslu og vináttu Martins læknis og Martins róna í Berlín?

Skáldsagan Jójó kom út 2011 og var kölluð meistaraverk. Hún fjallar um leyndarmálið meðan það er enn leyndarmál og maðurinn ber það einn. Framhaldið, Fyrir Lísu, kom út 2012. Þar er leyndarmálið opinberað og reynt er að afhjúpa barnaníðing, virðulegan borgara, sem hefur stundað sína iðju í áratugi.

Steinunn bjó um árabil í Frakklandi en hefur undanfarin ár átt heima í Berlín. Jójó og Fyrir Lísu eru fyrstu skáldsögur hennar sem gerast alfarið utan Íslands. Andrúmsloft Berlínarborgar skiptir miklu máli í báðum sögunum. Í fyrirlestrinum svarar Steinunn því hvers vegna hún færði sig á þetta sögusvið.

# Bíða eftir leyfi frá Disney

Borgarleikhúsið bíður eftir grænu ljósi frá Disney til þess að fá að gefa út tónlistina úr Mary Poppins.

Lögin úr Mary Poppins verða gefin út í flutningi leikara og söngvara Borgarleikhússins um leið og leyfi hefur fengist frá rétthöfum að útgáfu tónlistarinnar sem eru Disney og leikhúsframleiðandinn Cameron Mackingtosh. Að sögn Magnúsar Geir Þórðarsonar leikhússtjóra hafa margir leikhúsgestir spurt eftir lögunum úr sýningunni og vonandi fáist leyfin innan tíðar. „Við höfum fullan hug á útgáfunni enda er tónlistin einstaklega grípandi og skemmtileg," segir Magnús Geir.

Sýningin hefur sem kunnugt er slegið í gegn, allar 58 sýningar leikársins eru komnar í sölu og býst Magnús Geir við því að uppselt verði á þær allar innan skammrar tíðar. Þegar hafa selst hátt í 30.000 miðar á sýninguna sem verður sýnd fram í júní en hún er sú fjölmennasta sem sett hefur verið upp í Borgarleikhúsinu.



**MARY POPPINS** Jóhanna Vigdís Arnardóttir í hlutverki barnfóstrunnar Mary Poppins.



**RADDBANDAFÉLAG REYKJAVÍKUR** Þessir herrar líta á lífsins björtustu hlið.

## Ný Ave Maria og þjóðlög

Þjóðlög, dægurlög og trúarleg lög á hádegistónleikum Raddbandafélags Reykjavíkur.

Líttu á lífsins björtustu hlið er yfirskrift tónleika sem Raddbandafélag Reykjavíkur heldur í Háteigskirkju á föstudaginn klukkan 12 á hádegi. Á efnisskrá sönghópsins er að finna íslensk og erlend þjóðlög og dægurlög í léttri sveiflu. Einnig eru þar lög með trúarlegu ívafi, meðal annars Ave María eftir stjórnandann, Egil Gunnarsson, og er um að ræða frumflutning verksins á Íslandi. „Þetta var upphaflega einsöngslag, samið fyrir Álfheiði Hönnu Friðriksdóttur sem flutti það úti á Ítalíu. Nú er ég búinn að föndra við að búa til kórútsetningu á laginu og það er hún sem hljómar í Háteigskirkju," segir Egill um Ave Maríuna sína.

Tónleikarnir eru liður í hádegistónleikaröð sem nefnist Á ljúfum nótum í Háteigskirkju og er þar á dagskrá annan hvern föstudag milli klukkan 12 og 12.30. Lilja Eggertsdóttir píanóleikari er listrænn stjórnandi hennar. Þar er jafnan flutt fjölbreytt efnisskrá og nýir flytjendur koma fram í hvert sinn.

Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur.










Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

Innifalið í námskeiðinu:

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem dregur úr sykurlöngun og stuðlar að því að þú náir varanlegu þyngdartapi
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# Ekki klikkar Cave

TÓNLIST ★★★★☆

**Nick Cave & The Bad Seeds**
Push The Sky Away
BAD SEEDS



Push The Sky Away er fimmtánda plata Nicks Cave & The Bad Seeds og sú fyrsta síðan Dig, Lazarus, Dig!!! kom út fyrir fimm árum. Hún er jafnframt fyrsta plata hljómsveitarinnar eftir að Mick Harvey sagði skilið við hana, en Harvey, sem var með Cave í Boys Next Door og Birthday Party í gamla daga, var einn af stofnendum Bad Seeds. Push The Sky Away hefur verið fylgt eftir með röð útgáfutónleika. Einhverja þeirra má sjá á netinu og Rás 2 útvarpaði beint frá tónleikunum í Berlín fyrir nokkrum dögum. Platan var tekin upp undir stjórn Nicks Launay.

Push The Sky Away lætur frekar lítið yfir sér í fyrstu. Hún er gjörólík Dig, Lazarus, Dig!!! Lögin eru hægari og yfirbragðið rólegra. Við nánari hlustun lifnar platan við. Lagasmíðarnar eru kannski ekki alveg jafn sterkar og á sumum plötum Caves, en hljómurinn er einstaklega djúpur og hlýr og útsetningarnar og hljóðfæraleikurinn eru fyrsta flokks. Platan nýtur sín best spiluð á miklum styrk í góðum græjum. Þá heyrir maður öll smáatriðin sem eru að malla undir söngnum hjá Cave. Það eru eintómir snillingar í Bad Seeds, en Warren Ellis er sennilega fremstur meðal jafningja. Að auki koma nokkrir gestir við sögu, þ.á.m. blásarasveit sem spilar í hinu magnaða Higgs Bosom Blues, franskur barnakór og bakraddasöngvarar.




**PUSH THE SKY AWAY** „Platan nýtur sín best spiluð á miklum styrk í góðum græjum.“

Ferill Nicks Cave er orðinn nokkuð langur, en gæði þess sem hann sendir frá sér eru enn mjög mikil. Hvað textana varðar hefur hann líka alltaf eitthvað fram að færa. Á heildina litið er Push The Sky Away fín Nick Cave-plata. Ekki streyma henni í fartölvunni, kauptu eintak og spilaðu í alvöru græjum. Þannig virkar hún best.

**Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Gæðaplata í rólegri kantinum frá þessum gamla meistara.

# Winehouse og Madness á „stjörnugötu“

## Camden-hverfið í London líkir eftir Hollywood.

Söngkonan Amy Winehouse og hljómsveitirnar The Who og Madness eru meðal þeirra nafna sem líklegt er að heiðruð verði á nýrri „stjörnugötu“, eða „walk of fame“ í Camden-hverfinu í London. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í sumar.

Yfirvöld í Camden-hverfinu, sem er í Norður-London, stefna að því að líkja eftir götunni frægu í Hollywood með því að leggja þrjátíu gullplötur í jörðu með nöfnum heimsþekktra hljómsveita og tónlistarfólks. Fleiri diskar verða svo afhjúpaðir í haust, um leið og stytta af Amy Winehouse verður reist á sama stað.

Önnur nöfn sem spurst hafa út eru meðal annarra rapparinn Grandmaster Flash, Gil Scott-Heron heitinn, R&B-hljómsveitin Soul II Soul, Frank Sinatra og The Doors.

Tónleikahaldarinn Lee Bennett, sem er viðriðinn verkefnið, segir í viðtali við BBC að hann telji Camden vera „hina einu sönnu höfuðborg rokksins“.



**AMY WINEHOUSE** Fær líklega gullplötu í Camden.

# Frestað um fimm mánuði

Þriðju Hobbitamyndinni hefur verið seinkað. Hún kemur út 17. desember 2014, fimm mánuðum síðar en áætlað var. Þetta kemur fram í tilkynningu frá framleiðandanum Warner Bros.

The Hobbit: There and Back Again átti að koma í bíó í júlí 2014. Hún mun fylgja í kjölfar The Hobbit: An Unexpected Journey, sem kom út í desember síðastliðnum, og The Hobbit: The Desaulation of Smaug, sem kemur út í desember næstkomandi. Fyrsta Hobbitamyndin varð mjög vinsæl og seldust miðar á hana á heimsvísu fyrir um 700 milljónir punda, eða um 130 milljarða króna.



**HOBBITINN** Fyrsta Hobbitamyndin þótti vel heppnuð.


SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

JEREMY IRONS – EMMA THOMPSON – VIOLA DAVIS
BEAUTIFUL CREATURES
★★★★ LA TIMES
MÖGNUÐ ÆVINTÝRAMYND BYGGÐ Á METSÖLUBÓKUNUM UM LENU SEM BÝR YFIR YFIRNÁTTÚRULEGUM KRÖFTUM

★★★★ MORGUNBLAÐIÐ ★★★★ VIÐSKIPTABLAÐIÐ
ÞETTA REDDAST
STÓRSKEMMTILEGT RÓMANTÍSKT GAMANDRAMA MEÐ BIRNI THORS Í AÐALHLUTVERKI

TILNEFND TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA
★★★★ R.EBERT
100/100 ENTERTAINMENT WEEKLY
DENZEL WASHINGTON
FLIGHT

BRÁÐSKEMMTILEG GAMANMYND
Frá þeim sömu færðu okkur KNOCKED UP
From writer/director JUDD APATOW
THIS IS 40

3 ÓSKARSVERÐLAUN
BESTA MYNDIN
BEN AFFLECK BRYAN CRANSTON ALAN ARKIN JOHN GOODMAN
THE MOVIE WAS FAKE. THE MISSION WAS REAL.
ARGO
BASED ON THE DECLASSIFIED TRUE STORY

HE'S STILL DEAD BUT HE'S GETTING WARMER
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
WARM BODIES

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ÞETTA REDDAST | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| BEAUTIFUL CREATURES VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| FLIGHT | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| WARM BODIES | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 8:20 | 16 |
| PARKER | KL. 10:50 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:20 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 | 12 |
| FLIGHT | KL. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| FLIGHT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 5:20 - 8 | 12 |
| ARGO | KL. 5:20 - 8 - 9 - 10:30 | 14 |
| WARM BODIES | KL. 10:40 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| PARSIFAL ÓPERA | KL. 18:00 | L |
| ÞETTA REDDAST | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 10 |
| THIS IS 40 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:40 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:10 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 | 12 |
| FLIGHT | KL. 10:30 | 12 |

FJÖLSKYLDUDAGAR Í SAMBÍÓUNUM
590.kr miðinn*

SMÁRABÍÓ – HÁSKÓLABÍÓ
21 & OVER – LÚXUS
FRÁ ÞEIM SEM GERÐU "THE HANGOVER"
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU
BRUCE WILLIS
A GOOD DAY TO DIE HARD
Yippie-Ki-Yay!
Frá þeim sömu og færðu okkur KNOCKED UP
THIS IS 40
★★★★★ - H.S.S., MBL
JAGTEN THE HUNT
★★★★★ -EMPIRE
LINCOLN
2 ÓSKARSVERÐLAUN M.A. BESTI LEIKARI ÁRSINS DANIEL DAY-LEWIS
KON-TIKI
★★★★★ "MÖGNUÐ MYND Í ALLA STAÐI" -V.J.V., SVARTHÖFÐI

| SMÁRABÍÓ – GLERAUGU SELD SÉR – AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| 21 AND OVER | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| 21 AND OVER LÚXUS | KL. 3.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.40 | L |
| THIS IS 40 | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.30 | L |
| DJANGO | KL. 5.40 - 9 | 16 |

| HÁSKÓLABÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS – AUKAKRÓNUR 5% | | |
|---|---|---|
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 10.30 | 12 |
| KON-TIKI | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | KL. 6 | L |
| LINCOLN | KL. 6 - 9 | 14 |

| BORGARBÍÓ – NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| 21 AND OVER | KL. 5.50 - 8 - 10 | 14 |
| THIS IS 40 KL. 8 12 / DIE HARD 5 | KL. 10.20 | 16 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%
FRÁ ÞEIM SEM GERÐU "THE HANGOVER" 21 & OVER
ÍSL TAL FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU
DENZEL WASHINGTON FLIGHT 2 ÓSKARSTILNEFNINGAR!
Vesalingarnir – M.A. BESTA LEIKKONAN Í AUKAHLUTVERKI
HOBBIT – SÝND Í 3D (48 ramma)

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 21 AND OVER | 8, 10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | 6 | L |
| FLIGHT | 9 | 12 |
| VESALINGARNIR | 6, 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 6 | 12 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
JAGTEN – BEYOND THE HILLS – ★★★★★ -Morgunblaðið ★★★★ - Rás 2 ★★★★ - Fréttablaðið HVELLUR – KON TIKI

| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
|---|---|---|
| BEYOND THE HILLS | (16) | 17:45 |
| KON-TIKI | (12) | 17:50, 22:10 |
| HVELLUR | (L) | 20:30 |
| XL | (16) | 22:00 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

# KALDIR DAGAR

## TILBOÐ Á ÖLLUM KÆLISKÁPUM!



**Severin KS9892**
- 84,5 sm kæliskápur
- 102 lítra kælir
- 2 glerhillur
- 1 grænmetisskúffa
- Stærð (hxbxd): 84,5 x 49,5 x 49,5

**VERÐ 39.990**

VERÐ ÁÐUR **47.990**



**Severin KS9770**
- 150 sm kæliskápur með frysti
- 173 lítra kælir
- 54 lítra frystir
- 3 glerhilllur
- 3 hillur í hurð
- 2 grænmetisskúffur

2 skúffur í frysti
- Orkuflokkur A++
- Stærð (hxbxd): 150 x 60 x 65 sm

**VERÐ 84.990**

VERÐ ÁÐUR **99.990**



**Severin KS9775**
- 150 sm kæliskápur með frysti
- 173 lítra kælir
- 54 lítra frystir
- Orkuflokkur A
- Stærð (hxbxd): 150 x 60 x 60

**VERÐ 89.990**

VERÐ ÁÐUR **109.990**



**Candy CRCS 6182W**
- 185 sm kæliskápur með frysti
- Stál
- 207 lítra kælir
- 88 lítra frystir
- Orkuflokkur A
- Stærð (hxbxd): 186 x 60 x 62 sm

**VERÐ 124.990**

VERÐ ÁÐUR **144.990**



**Blomberg FNT9681A**
- 184,5 sm frystiskápur
- 250 lítra frystir
- NO FROST
- Kámfritt
- Orkuflokkur A+
- Stærð (hxbxd): 184,5 x 59,5 x 63,3 sm

**VERÐ 129.990**

VERÐ ÁÐUR **149.990**



**Blomberg KQD1360X**
- 182 sm kæliskápur með frysti
- Kámfrítt stál
- 1380L kælir og 155L frystir
- Sjálfvirk affrysting og klakavél
- 0-3° Super Fresh skúffa
- Orkuflokkur A
- Stærð (hxbxd): 182 x 92 x 76,5 sm

**VERÐ 399.990**

VERÐ ÁÐUR **439.990**

CANDY Blomberg SEVERIN Panasonic

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



FIMMTUDAGSKVÖLD KL 22:05
TVEIR + SEX
ALLT SEM ÞÚ VILDIR VITA UM KYNLÍF EN ÞORÐIR EKKI AÐ SPYRJA UM.
Nýr og spennandi þáttur um kynlíf ungs fólks. Þáttastjórnendur ræða málin, spyrja sérfræðinga og prófa sig áfram.
Popptíví fylgir frítt með áskrift að Stöð 2
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
POPP TÍVÍ

# Gaf Benítez fimmu

Eddu Garðarsdóttur vantar þrjá leiki til að komast í hundrað leikja klúbbinn með Katrínu Jónsdóttur. Hundraðasti landsleikurinn gæti dottið inn í Algarve-bikarnum en íslensku stelpurnar mæta Ólympíumeisturum Bandaríkjanna í dag.

**FÓTBOLTI** Það styttist óðum í það að landsliðsfyrirliðinn Katrín Jónsdóttir verði ekki lengur ein í hundrað leikja klúbbi íslenska kvennalandsliðsins. Edda Garðarsdóttir, kletturinn á miðju íslenska liðsins í meira en áratug, ætti að komast í klúbbinn á næstu sjö dögum því þá mun íslenska kvennalandsliðið spila fjóra leiki í Algarve-bikarnum.

Edda Garðarsdóttir spilar í dag sinn fyrsta landsleik sem leikmaður Chelsea í Englandi en hún hefur spilað hina 97 fyrir KR, Breiðablik og Örebro í Svíþjóð, á árunum 1997 til 2012. Edda lætur vel af lífinu í Englandi en vill ekki búa til ógæfu með því að tala um hundraðasta landsleikinn áður en hann verður spilaður.

**Eins og í Fort Knox**

Edda og Ólína eru búnar að vera í Englandi síðan í byrjun febrúar en eru þó aðeins nýkomnar í sína íbúð. „Standardinn er hár hérna og aðstaðan er frábær. Við æfum á sama æfingasvæði og karlarnir og það er allt til fyrirmyndar þar. Það er reyndar eins og maður sé að fara inn í Fort Knox þegar maður er að reyna að komast inn á svæðið því það er svo mikil öryggisgæsla,“ segir Edda í léttum dúr.

Karlalið Chelsea æfir á sama stað og kvennaliðið en liðin umgangast þó lítið. Edda segir þó að Ólína hafi verið í meiri nálægð við karlaliðið en hún. „Ólína sá einhverja eftir að hafa fengið sérpassa inn í ræktina hjá þeim. Hún var þarna með Lampard og Obi Mikel og gaf Benítez fimmu á ganginum,“ sagði Edda hlæjandi.

„Við erum samt lítið búnar að sjá þá en það er helst þegar við erum að keyra af morgunæfingunni, þá sjáum við þá á æfingu í fjarlægð. Svo var hún bara þarna með genginu,“ segir Edda.

Edda býst við öðruvísi og sóknarsinnaðri fótbolta í Englandi en í Svíþjóð. „Það er skemmtilegur bolti spilaður hér í Englandi,“ segir Edda.

**Verður algjör snilld**

Edda er spennt fyrir Algarvebikarnum. „Það verður örugglega algjör snilld. Hópurinn sem fer með núna er þvílíkt sterkur og það verður mikil barátta um sæti í liðinu,“ segir Edda en hún vill lítið segja um hundraðasta landsleikinn.

„Ég vil ekki „jinxa“ neitt, en vona það besta. Þetta er búinn að vera magnaður tími. Það er minni pressa á manni þegar maður er með eldgömlu kerlingunni í liði og hún er löngu komin í þriggja stafa tölu. Maður getur verið alveg rólegur í skugganum á henni,“ segir Edda létt og á þá við landsliðsfyrirliðann Katrínu Jónsdóttur, sem hefur leikið 122 landsleiki.

**Ég vona að hún hætti aldrei**

„Hún hættir aldrei og verður fertugur landsliðsfyrirliði. Nei, það er frábært að hafa hana, hún er alveg yndisleg og ég vona að hún hætti aldrei,“ segir Edda. Edda glímdi við meiðsli árið 2011 og það var löng bið á milli landsleiks númer 89 og leiks númer 90.

„Ég fór í speglun á hnénu í lok nóvember því það var eitthvað sem sat eftir frá því 2011. Það var lagað og ég var að spila minn fyrsta heila leik með Chelsea í síðustu viku. Ég finn mikinn mun á hnénu og það er mjög þægilegt,“ segir Edda. Edda leynir ekkert spenningnum fyrir því að spila í ensku úrvalsdeildinni sem fer af stað fljótlega eftir að þær koma heim frá Algarve.

„Þetta er mjög spennandi. Maður veit ekkert því deildin er ekki byrjuð, en standardinn á æfingum og öll aðstaða er frábær. Þetta kveikir hjá manni enn þá meiri neista. Ég hlakka til að fara á næstu æfingu um leið og ég er búin að þeirri síðustu,“ segir Edda. „Þetta verður barátta um að komast í liðið því þar eru landsliðsstelpur þarna frá Englandi, Wales, Svíþjóð og Brasilíu. Maður getur því ekkert slakað á og troðið í sig,“ sagði Edda að lokum.

ooj@frettabladid.is



**ALLTAF BROSANDI** Edda Garðarsdóttir er líflegur liðsfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Lafði Bergþóra í fyrstu landsliðsferðinni

Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir eignuðust saman dóttur fyrir aðeins níu mánuðum. Ólína er komin á fulla ferð á nýjan leik og þær eru báðar í landsliðshópnum á Algarve. Stelpan fer með og er því í sinni fyrstu landsliðsferð, tæplega eins árs gömul.

„Lafði Bergþóra kemur með okkur. Hún er bara að verða níu mánaða og þegar báðir foreldrarnir eru í burtu getum við ekki skilið hana eftir í svona langan tíma. Ólína er enn þá með hana á brjósti,“ segir Edda. Ólína var ekkert með landsliðinu á síðasta ári en var aftur valin í hópinn fyrir þetta mót.

„Hún er búin að vera hörkudugleg og þetta er ekki gefins. Hún er alveg búin að vinna fyrir því að vera komin aftur inn í landsliðið,“ segir Edda um kærustuna. Stelpan þeirra verður örugglega hrókur alls fagnaðar í ferðinni. „Það verður gaman að sjá hvernig hún verður á svipinn í kringum þessa vitleysinga,“ sagði Edda hlæjandi.

ÁHRIFAMIKIL OG EINLÆG
„... einfaldlega frábær.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN
„Hann er dáldið séní, hann Jón.“
EGILL HELGASON / KILJAN
„Saga sem virkilega snertir ...“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ






KOMIN Í KILJU!
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**RAUTT** Tyrkneski dómarinn Cüneyt Çakir ákvað að gefa Nani, leikmanni Manchester United, rautt spjald snemma í síðari hálfleik. Það var vendipunktur leiksins. Nánar er fjallað um leikinn á íþróttavef Vísis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Rauða spjaldið breytti öllu

**FÓTBOLTI** Manchester United er úr leik í Meistaradeild Evrópu eftir 2-1 tap fyrir Real Madrid á Old Trafford í gær. Þetta var síðari viðureign liðanna í 16-liða úrslitum og unnu Madrídingar 3-2 samanlagðan sigur.

United komst yfir með sjálfsmarki Sergio Ramos í upphafi síðari hálfleiks en stuttu síðar fékk Nani að líta rauða spjaldið fyrir umdeilt brot á Alvaro Arbeloa, leikmanni Real. Við þetta gjörbreyttist leikurinn og Madrídingar gengu á lagið. Luka Modric jafnaði og Cristiano Ronaldo skoraði sigurmark leiksins þremur mínútum síðar. Ronaldo fagnaði þó ekki marki sínu af virðingu við sitt gamla félag.

Dortmund er einnig komið áfram í 8-liða úrslit eftir 5-2 samanlagðan sigur á Shakhtar Donetsk.

- esá

# HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA

Bluetooth

JBL by HARMAN



## Einfaldlega tengt og spilað. Soundbar heimabíó með HARMAN Display Surround tækni og Bluetooth tengingu

JBL Cinema SB200 er alhliða heimabíókerfi í einum hátalara sem streymir tónlist úr símanum gegnum Bluetooth og bætir stórkostlega hljómflutning fyrir sjónvarpstækið. Þetta er einföld og þægileg lausn og hægt að stýra tækinu með sjónvarpsfjarstýringunni. JBL Cinema SB200 heimabíókerfið er hannað til að sóma sér vel með flatskjám og er tilvalið fyrir þá sem vilja yfirburða hljómgæði með kröftugum bassa í tæki sem fer lítið fyrir og er einfalt í uppsetningu. Tækið byggir á einstakri tækni HARMAN Display Surround og er með innbyggðri Dolby-Digital kóðun, analog og optical stafræna inngangu auk bass boost. Bluetooth tengingin gefur svo kost á að streyma tónlist beint frá snjallsíma eða hvaða tæki sem er með Bluteooth þráðlaust yfir í tækið.

HELSTU KOSTIR

- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Harman Display Surround tækni
- Einfalt í uppsetningu



**JBL Cinema SB200**

VERÐ 59.990

Stóri bróðir SB200 er mættur, fyrir þá sem vilja enn meiri hljómburð. SB400 kemur með þráðlausum bassahátalara.



**JBL Cinema SB400**

VERÐ 99.990

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

JBL by HARMAN

# DAGSKRÁ



## Popptíví kl. 21.20
**Arrow**
Mögnuð þáttaröð um ungan milljóna-mæring sem berst gegn glæpum og spillingu. Í þættinum í kvöld freistar Oliver þess að þjálfa Helenu Bertinelli í von um að hún aðstoði hann í baráttunni fyrir réttlæti.

## Í KVÖLD



### Law & Order UK
**SKJÁR 1 KL. 22.00** Par fer hamförum á skemmtistað og drepur þar fjölda gesta. Lögreglan nær að króa þau af í ráni stuttu seinna en þá kemur konan þeim á óvart og skýtur samstarfsmann sinn og kærasta. Í framhaldinu segir hún að hann hafi kúgað hana til að taka þátt í öllum glæpunum.

81/100 | IMDb 7,0



### Make It or Break It
**RÚV KL. 20.05** Nú er komið að síðustu vikunni í æfingabúðunum og ófá leyndarmálin fara að leka út. Einstaklingur úr fortíð Jordan skýtur óvænt upp kollinum á nýjan leik, henni til mikillar undrunar.

TV.COM 8,5 | IMDb 7,4



### Stoned
**STÖÐ 2 BÍÓ** KL. **22.00** Kvikmynd þar sem farið er yfir áhugaverða ævi og dularfullan dauðdaga Brians Jones. Jones var einn stofnenda og meðlimur einnar vinsælustu hljómsveitar allra tíma, Rolling Stones, en hann fannst látinn á botni sundlaugar viku eftir að hafa verið rekinn úr hljómsveitinni.

Rotten Tomatoes 15% | IMDb 5,6

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5
**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Í hamrinum eitthvað heyra menn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Inni **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV
**15.30 360 gráður** *(e)*
**16.00 Djöflaeyjan** *(e)*
**16.40 Hefnd** *(19:22) (Revenge) (e)*
**17.25 Franklín**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Ekki gera þetta heima** *(4:4) (Ikke gjör dette hjemme) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Að duga eða drepast** *(7:8) (Make It or Break It)* Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.50 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(5:10)* Fylgst er með keppni í einstökum greinum, stöðu í stigakeppni knapa og liða, rætt við keppendur og fleiri. Á milli móta eru keppendur og lið heimsótt og slegið á létta strengi.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Nótan** Úrvalsnemendur úr tónlistarskólum landsins koma fram á uppskeruhátíð þeirra. Veittar eru viðurkenningar nemendum sem eru í grunn- mið- og framhaldsskólanámi.
**23.10 Til eilífðar** *(Into Eternity) (e)* Dönsk heimildamynd um kjarnorkuúrgang. Leikarinn Michael Madsen veltir því fyrir sér hvað verður um úrganginn í framtíðinni.
**00.30 Kastljós** *(e)*
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ
**12.45 Deal**
**14.10 The Full Monty**
**15.40 Mad Money**
**17.20 Deal**
**18.45 The Full Monty**
**20.15 Mad Money**
**22.00 Stoned**
**23.40 Borderland**
**01.25 Mr. Wonderful**
**03.05 Stoned**

## STÖÐ 2
**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(5:25)*
**08.30 Ellen** *(110:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(97:175)*
**10.15 Hank** *(1:10)*
**10.40 Cougar Town** *(7:22)*
**11.05 Privileged** *(8:18)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(1:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** *(24:24)*
**13.25 Gossip Girl** *(4:10)*
**14.10 Step It up and Dance** *(10:10)*
**15.00 Tricky TV** *(1:23)*
**15.25 Big Time Rush**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(111:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(7:24)*
**19.40 The Middle** *(20:24)*
**20.05 2 Broke Girls** *(4:24)*
**20.30 Go On** *(7:22)* Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki íþróttafréttamannsins Ryan King, sem missir konuna sína.
**20.55 Drop Dead Diva** *(10:13)* Önnur þáttaröðin um unga fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi. Sál hennar tekur sér þó bólfestu í ungri konu, bráðsnjöllum lögfræðingi Jane Bingum að nafni.
**21.40 Rita** *(7:8)* Vandaðir þættir um dönsku kennslukonuna Ritu sem er þriggja barna móðir og fer ótroðnar slóðir í lífinu. Enginn hefur trú á henni nema einn maður.
**22.25 Girls** *(5:10)* Önnur gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem býr í draumaborginni New York og fjallar um aðstæður þeirra.
**22.50 Parlez-moi de la pluie**
**00.30 NCIS** *(12:24)*
**01.15 Person of Interest** *(19:23)*
**02.00 Breaking Bad** *(13:13)*
**02.50 The Closer** *(10:21)*
**03.35 Damages** *(10:13)*
**04.15 Bones** *(5:13)*
**05.00 Go On** *(7:22)*
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*
**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.20 Meistaradeild Evrópu**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**18.30 Meistaradeildin: fréttaþáttur**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: PSG - Valencia** BEINT frá 16 liða úrslitum. Þetta er síðari leikur liðanna.
**21.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**22.15 Meistaradeild Evrópu: Juventus - Celtic** Útsending frá 16 liða úrslitum.
**00.10 Meistaradeild Evrópu. PSG - Valencia**
**02.05 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*
**14.25 B-deildin: Wolves - Watford**
**16.05 Football League Show 2012/13** Svipmyndir frá leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.35 Stoke - West Ham**
**18.15 Swansea - Newcastle**
**19.55 Premier League Review Show 2012/13** Svipmyndir frá leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Sunnudagsmessan**
**22.05 Everton - Reading**
**23.45 Wigan - Liverpool**

## STÖÐ 2 krakkar
**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Skógardýrið Húgó**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Ozzy & Drix**
**17.30 Leðurblökumaðurinn**
**17.55 iCarly** *(2:45)*

## POPP TÍVÍ
**17.00 Simpson-fjölskyldan** Bart ákveður að fullorðnast og vinna sér inn peninga með því að selja stuttermaboli með krassandi slagorðum. Bolirnir slá í gegn og Bart fer að þéna svo mikið að Hómer ákveður að hætta að vinna.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(14:22)*
**19.00 Friends** *(6:24)*
**19.20 How I Met Your Mother** *(2:24)*
**20.10 American Dad** *(10:16)* Stan Smith er útsendari CIA og er alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**20.30 Funny or Die** *(7:12)* Sprenghlægilegir sketsaþættir byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.00 FM 95BLÖ**
**21.20 Arrow** *(8:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af. Núna berst hann gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.05 Dollhouse** *(3:13)* Önnur sería þessara spennuþátta sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.
**22.50 American Dad** *(10:16)*
**23.10 Funny or Die** *(7:12)*
**23.40 FM 95BLÖ**
**00.00 Arrow** *(8:23)*
**00.45 Dollhouse** *(3:13)*
**01.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL
**18.20 Doctors** *(149:175)*
**19.00 Ellen** *(111:170)*
**19.40 Hæðin** *(4:9)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(6:14)*
**21.00 Krøniken** *(6:22)*
**22.05 Ørnen** *(6:24)*
**23.05 Hæðin** *(4:9)*
**23.55 Örlagadagurinn** *(6:14)*
**00.25 Krøniken** *(6:22)*
**01.25 Ørnen** *(6:24)*
**02.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Dynasty** *(2:22)*
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 The Voice** *(10:15)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Once Upon A Time** *(9:22)*
**19.10 Everybody Loves Raymond** *(12:24)*
**19.30 America's Funniest Home Videos** *(45:48)*
**19.55 Will & Grace** *(13:24)* Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
**20.20 Top Chef** *(13:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Fyrri úrslitaþátturinn fer fram í New Orleans þar sem þau taka þátt í alvöru Mardi Gras.
**21.10 Blue Bloods** *(2:22)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan fjölskyldunnar í New York þar sem fjölskylduböndum er komið á glæpamenn borgarinnar sem aldrei sefur. Kona kærir manninn sinn fyrir fyrir heimilisofbeldi en dregur kæruna svo skyndilega tilbaka. Danny og Jackie rannsaka málið.
**22.00 Law & Order UK** *(4:13)* Vandaðir þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**22.50 Falling Skies** *(2:10)*
**23.35 The Walking Dead** *(5:16)*
**00.25 Combat Hospital** *(11:13)*
**01.05 XIII** *(6:13)*
**01.50 CSI: Miami** *(19:22)*
**02.30 Excused**
**02.55 Blue Bloods** *(2:22)*

## SKJÁRGOLF
**06.00** ESPN America **07.10** The Honda Classic **2013** *(3:4)* **12.10** Golfing World **13.00** The Honda Classic **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** LPGA Highlights *(1:20)* **20.15** Ryder Cup Official Film **2010 21.**35 Inside the PGA Tour *(10:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(9:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN
**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ Á HEILSURÚMUM

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Frábært verð!

Charlotte Julien
Dream your world™

**Fermingartilboð:** Platinum heilsudýna, botn og lappir:

100x200 **TILBOÐ** kr. **79.920**
Fullt verð kr. 99.900

120x200 **TILBOÐ** kr. **89.920**
Fullt verð kr. 112.400

140x200 **TILBOÐ** kr. **108.320**
Fullt verð kr. 135.400



Gafl seldur sér.

Öllum fermingartilboðum fylgir 5 miða bíókort í LAUGARÁS BÍÓ



„Rúmið mitt. Besta fermingargjöfin og ég á það enn.“

Friðrik Dór tónlistarmaður

Fermingartilboð á betrabak.is
- fyrir ungt fólk á uppleið!

12 mánaða vaxtalaus lán á heilsurúmum*

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



Eru dekkin hætt að grípa?
Öll dekk tapa eiginleikum sínum með tímanum og enda með því að veita falskt öryggi, ef ekkert er að gert. Þegar gripið hverfur er hættan á næsta leyti. Við búum yfir áratuga reynslu af dekkjum og þekkjum þá kosti sem þau þurfa að búa yfir til að takast á við breytilegar akstursaðstæður.
Láttu sérfræðinga okkar meta ástandið
Heilbrigði dekkjanna er lykilatriði í umferðinni. Komdu með bílinn og láttu sérfræðinga okkar meta ástand þeirra og gefa þér góð ráð um val á dekkjum sem gefa rétta gripið.
Fimmtungur bíla á ónýtum dekkjum
Af 101 bíl sem kom í tjónaskoðunarstöð VÍS fyrstu átta vikur ársins reyndust 13% á sumardekkjum, 28% á negldum dekkjum og 59% á vetrar- eða heilsársdekkjum. Á fimmtungi bíla voru dekkin of slitin til að heimilt væri að aka á þeim, það er dýpt mynstursins var innan við 1,6 millimetrar.
Þetta kemur fram í frétt á vef VÍS þar sem segir jafnframt að í janúar hafi tryggingafélaginu borist yfir 100 tilkynningar um aftanákeyrslur.
Heimild: Fréttablaðið 27. febrúar 2013
TOYO TIRES
driven to perform
BFGoodrich Tires
TAKE CONTROL
MAXXIS
NESDEKK
Reykjavík
Reykjanesbæ
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
Nesdekk í Reykjavík
Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110
NÝTT
Nesdekk í Reykjavík
Grjóthálsi 10 • Sími: 561 4200
Nesdekk í Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333
Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Tangarhöfða 15 • Sími: 590 2080
Nánari upplýsingar á benni.is
Við bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði

**BÍÓMYNDIN**



**„Ég held það sé The Butterfly Effect, því hún er passlega flókin fyrir ljóskur eins og mig.“**

Gerður Huld Arinbjarnardóttir rekur fyrirtækið Sambandsmiðlun sem stendur fyrir vinsælum hraðstefnumótum.

# Fylgdust með fólki stunda BDSM-kynlíf

Sunneva Sverrisdóttir og Veigar Ölnir Gunnarsson stýra þættinum Tveir plús sex sem fjallar um kynlíf.

Sjónvarpsþættirnir Tveir plús sex byrja á Popptíví á morgun. Þættirnir fjalla á opinskáan hátt um kynlíf og eru í umsjá Sunnevu Sverrisdóttur og Veigars Ölnis Gunnarssonar.

Tökum á þáttunum lauk fyrir áramót og að sögn þáttastjórnendanna gengu þær vonum framar. Þættirnir eru hugsaðir sem skemmtilegir fræðsluþættir fyrir ungt fólk.

„Maður lærði heilan helling, bæði um hluti sem ég taldi mig vita allt um, eins og kynfærin, og svo um hluti sem ég vissi ekkert um, eins og BDSM. Við fengum meðal annars að fylgjast með fólki iðka BDSM og það var mjög fróðlegt og vissulega dálítið óþægilegt. Eftir að hafa fræðst um þetta komst ég að því að BDSM snýst fyrst og fremst um virðingu og samþykki,“ segir Sunneva og Veigar tekur í sama streng: „BDSM-heimurinn kom mér klárlega mest á óvart. Á yfirborðinu virðist þetta vera ofbeldi en við komumst að því að í raun getur BDSM ekki verið lengra frá ofbeldi.“

Tvímenningarnir lögðu ýmislegt á sig til að kanna alla kima kynlífs. Þau prófuðu meðal annars kynlífsrólu og Veigar fór í brasilískt vax, nokkuð sem hann mun ekki gera aftur. „Við Veigar erum orðin svo blygðunarlaus í umræðunni um kynlíf eftir þetta, en það er einmitt markmið þáttanna; að opna umræðu og huga fólks um kynlíf og stuðla að fræðslu,“ segir Sunneva að lokum. - sm



**HISPURSLAUS Í UMRÆÐU UM KYNLÍF** Sunneva Sverrisdóttir og Veigar Ölnir Gunnarsson lærðu ýmislegt við gerð þáttanna Tveir plús sex. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI









**Á TÓNLEIKUM** Mugison hitar upp fyrir Of Monsters and Men á tónleikum í Manchester 24. febrúar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Situr í heiðurssæti hjá Bjartri framtíð

Tónlistarmaðurinn vinsæli Mugison er kominn í framboð fyrir þingkosningarnar.

„Er þetta ekki bara „pretty face“ á listanum?,“ segir tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson eða Mugison, spurður hvað það þýði að vera í heiðurssæti í Norðvesturkjördæmi fyrir Bjarta framtíð í komandi þingkosningum. „Nei, þetta er bara stuðningur við hópinn. Ef það gengur vel hefur maður efni á að leigja íbúð í bænum.“

Framboðslistinn var lagður fyrir stjórn þingflokksins Bjartrar framtíðar í gærkvöldi. Það var borgarfulltrúinn Óttarr Proppé sem sannfærði tónlistarmanninn um að ganga til liðs við flokkinn. „Fyrir mér er Óttarr Proppé bara Gandalfur. Hann er ekki af þessum heimi. Eftir stutt spjall við hann var ég sannfærður um að þetta væri málið,“ segir Mugison, greinilega spenntur fyrir sínu fyrsta framboði.

Aðspurður segist hann verða pólitískari með aldrinum. „En ég er ekki vinstri, hægri, upp og niður. Eins og allir landsmenn veltir maður oft fyrir sér hlutunum. Um daginn var ég að mappa upp hvernig orkuiðnaðurinn á Íslandi er uppbyggður. Það fór heilt kvöld í að reyna að skilja þetta batterí. Eftir þrjá til fjóra tíma var ég engu nær en það væri gaman að geta kafað dýpra ofan í svona hluti. Er ekki hægt að hafa þetta einfaldara?“

Mugison segir tónlist og stjórnmál fara vel saman eins og Einar Örn Benediktsson og Óttarr Proppé hafa þegar sannað. „Ef Björt framtíð nær mörgum tónlistarþenkjandi inn hljótum við að geta sett upp stúdíó eða æfingaaðstöðu í mötuneyti Alþingis. Ég held að það væri töff.“ freyr@frettabladid.is

## Hitar upp fyrir Of Monsters and Men

Mugison er þessa dagana að hita upp fyrir Of Monsters and Men á tónleikaferð um Evrópu sem stendur yfir til 25. mars. Í gærkvöldi spiluðu þau á Sheperds Bush Empire í London fyrir fullu húsi. Að sjálfsögðu var hljóðfærið hans Mirstrument með í för. „Við spilum á hverju kvöldi fyrir í kringum tvö þúsund manns. Maður er í Eldborgarsalnum á hverju kvöldi,“ segir hann hress. „Þetta er ekkert smá flott hjá krökkunum. Þau ná upp sturlaðri stemningu. Það er ekki ein manneskja inni á tónleikunum sem kann ekki alla textana þeirra.“

➜ Mugison er upphafsmaður ísfirsku tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður. Síðasta plata hans, Haglél, seldist í um 30 þúsund eintökum.

# Sýningar í Mexíkó og Danmörku

Íslenskar kvikmyndir sýndar á tveimur hátíðum í Mexíkó og Danmörku.

Norrænu löndin eru heiðursgestir á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Guadalajara í Mexíkó sem hófst síðastliðinn föstudag og stendur yfir fram á laugardag.

Á hátíðinni eru 64 norrænar kvikmyndir sýndar, þar af sex íslenskar: Brim, Djúpið, Eldfjall, Reykjavík Rotterdam, Svartur á leik og stuttmyndin Útrás Reykjavík í leikstjórn Ísoldar Uggadóttur.

Baltasar Kormákur og Ísold verða viðstödd sýningar á sínum myndum, ásamt forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Mynd Ísoldar verður sýnd í kvöld og annað kvöld. „Það er vissulega mikill heiður að sýna á þessari virtustu kvikmyndahátíð rómönsku Ameríku. Markmiðið með hátíðinni er auðvitað að vekja athygli á skandinavískum myndum, sem annars myndu líklega aldrei koma fyrir sjónir áhorfenda í Mexíkó og Suður-Ameríku. Hver veit nema einhver vilji kaupa Útrás Reykjavík. Það yrði ekki verra,“ segir Ísold um þátttöku stuttmyndar sinnar í hátíðinni.

Næst heldur myndin til Washington DC þar sem hún verður sýnd á menningarhátíðinni Nordic Cool um næstu helgi. Samanlagt hefur myndin verið sýnd á um 30 hátíðum. „Annars tel ég að þessu kvikmyndahátíðaflakki fari senn að ljúka, enda bráðum tvö ár síðan Útrás Reykjavík var fyrst frumsýnd. Fókusinn er því allur kominn á næsta verkefni sem ég er að undirbúa,“ segir hún. - fb



**Í MEXÍKÓ** Ísold Uggadóttir verður viðstödd sýningu myndar sinnar Útrás Reykjavík í Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sony Center

www.sonycenter.is

## Verðlaunahafar á tilboðsverði



### SLR myndavél ársins að mati EISA
SLT-A57

- 16,2 Megapixlar
- APS-C EXMOR myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 119.990.-** Verð áður 149.990.-



**Lítil myndavél með útskiptanlegum linsum**
NEX-5N

- 16,1 Megapixlar
- EXMOR APS-C myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 89.990.-**
Verð áður 139.990.-



**Ný NEX myndavél með enn hraðari focus og WiFi**
NEX-5R

- 16,1 Megapixlar
- EXMOR APS-C myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 119.990.-**
Verð áður 139.990.-



**Gæði atvinnumannsins í vasann þinn**
NEX-7

- 24,2 Megapixlar
- EXMOR APS-C myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 189.990.-**
Verð áður 219.990.-



**Ein öflugasta smámyndavél veraldar**
DSC-RX100

- 20,2 Megapixlar
- EXMOR R CMOS myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- Carl Zeiss linsa

**TILBOÐ 119.990.-**
Verð áður 129.990.-



**Framúrskarandi myndavél fyrir þá kröfuhörðustu**
SLT-A77

- 24 Megapixlar
- EXMOR APS HD CMOS myndflaga
- 12 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 25/50p videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 199.990.-**
Verð áður 249.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri
569 7645

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Meistarakokkur á Nauthóli

**Gunnar Helgi Guðjónsson**, sem bar sigur úr býtum í sjónvarpsþáttunum Masterchef, er byrjaður að elda ofan í íslenskan almenning. Hann verður á Nauthóli á fimmtudag, föstudag og laugardag þar sem hann ætlar að reiða fram hvern dýrindisréttinn á fætur öðrum. Saltfiskur, uxahalar, ravioli, súkkulaði-ommeletta, lax og ýmislegt fleira verður í boði. Miðað við frammistöðu Gunnars Helga í Masterchef er ljóst að matargestir eiga von á góðu. - fb



### Systkini eiga von á þremur börnum

Systkinin **Elín Hansdóttir** myndlistarkona og **Úlfur Hansson** tónlistarmaður eiga von á þremur börnum samanlagt. Elín á von á tvíburum í næsta mánuði en Elín sem býr í Berlín ásamt frönskum eiginmanni síðum ætlar að eiga börnin þar. Úlfur, sem hlaut Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands nýverið fyrir rafhörpu, á von á erfingja skömmu síðar ásamt konu sinni Rebekku Rafnsdóttur sem er annars eigandi verslunarinnar Einveru. - sbt



## Mest lesið vísir

1 Segir ekkert pláss fyrir kvenfélagið innan SÁÁ
2 Risavaxin halastjarna stefnir í átt að Mars
3 Sætustu dýr í heimi
4 Páll Heimisson neitaði sök
5 Ríkustu einstaklingar jarðar kynntir

GRÍPANDI OG ÁGENG
★★★★
Jyllands-Posten


JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

